

16

Stefnir hátt með reynslubankann og gott bakland í farteskinu



22

Íslenskir þörungar gætu dregið úr gróðurhúsaáhrifum frá jörturdýrum



26

Íslensk morgunfrúarolía í snyrtivörugerð



Bændablaðið

17. tölublað 2019 • Fimmtudagur 12. september • Blað nr. 546 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Stopp, hingað og ekki lengra. – Lömbin reyna oft að flýja þegar rekið er inn í almenninginn en yfirleitt tekst þeim það ekki. Það var sannarlega handgangur í öskjunni þegar réttað var í Hrutatungurétt í Hrutafirði í Vestur-Húnavatnssýslu laugardaginn 7. september. – Sjá nánar bls. 7

Mynd / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Kolefnisskattlagning á eigendur ökutækja sem brenna jarðefnaeldsneyti mun enn hækka um næstu áramót: Innflutningur á þotueldsneyti hefur nær tvöfaldast frá 2015 en flug er enn utan sviga í kolefnisumræðunni

– Meira var flutt inn af þotueldsneyti 2018 en af öllu öðru fljótandi eldsneyti fyrir skipaflotann, umferðina og til allra annarra nota

Kolefnisskattlagning á eigendur ökutækja sem brenna jarðefnaeldsneyti mun enn hækka um næstu áramót. Á sama tíma er flugið fyrir utan sviga þótt það sé líklega mesti mengunarvaldurinn og hefur verið mest vaxandi í bruna á jarðefnaeldsneyti.

Samkvæmt fjárlögum 2019 á kolefnisgjald að skila 5.980 milljónum í ríkissjóð á yfirstandandi ári. Það á að hækka í 6.340 milljónir á næsta ári samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2020. Það kemur til viðbótar olflugjaldi sem er upp á 12.100 milljónir á þessu ári og hækkar í 12.600 milljónir 2020. Þá verður vörugjald af ökutækjum 7.500 milljónir á næsta ári, vörugjald af bensíni 4.700 milljónir, sérstakt vörugjald af blýlausu bensíni 7.600 milljónir og ekki má gleyma virðisaukaskattinum sem leggst ofan á allt saman. Eigendur ökutækja sem brenna jarðefnaeldsneyti virðast því eiga að vera þeir einu sem eru

skattlagðir sérstaklega í baráttu gegn losun koltvísýrings. Þeir eiga jafnhliða að standa undir viðhaldi vegakerfisins á Íslandi, sem sumir notendur þessa sama gatnakerfisins þurfa ekki að greiða fyrir.

Lítill áhersla á innleiðingu í notkun á innlendu metangasi

Í umræðum um ráðstafanir við að sporna gegn losun koltvísýrings hefur sjónum mjög verið beint að orkuskiptum og rafbláinnleiðingu. Lítið hefur hins vegar farið fyrir umræðu um að beina ökutækjanotendum yfir í metangas sem hægt er að framleiða á Íslandi og gæti jafnvel skilað mun meiri árangri í baráttunni við koltvísýringslosun. Í Evrópu hafa bláframleiðendur og löggjafi sumra ESB-ríkja einmitt verið að beina notkuninni yfir í metangas, sérstaklega hvað varðar mest mengandi þungaflutningana. Þá er

stærsti mengunarvaldurinn í þessum efnum, flugið, að mestu stíkkfrí í umræðunni hér, þrátt fyrir að þar hafi bruni þotueldsneytis sem hér er selt nær tvöfaldast frá 2015.

Stóraukinn innflutningur á flugvélaeldsneyti

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands hefur orðið veruleg aukning á innflutningi eldsneytis fyrir flugvélar og hefur innflutningurinn nær tvöfaldast frá 2015, eða úr 456.472 tonnum í 821.364 tonn. Innflutningurinn á flugvélaeldsneyti skiptist í tvennt, bensín og þotueldsneyti, sem er í raun steinolía.

Meira flutt inn af þotueldsneyti en fljótandi eldsneyti fyrir alla aðra starfsemi í landinu

Árið 2015 nam innflutningurinn á þotueldsneyti (steinolíu) samtals 456.151 tonni frá Evrópu,

Ameríku og Asíu. Árið 2016 nam sá innflutningur rúmum 653.172 tonnum. Árið 2017 nam innflutningurinn svo tæpum 702.964 tonnum. Innflutningurinn á þotueldsneyti var síðan kominn í rúmlega 820.938 tonn árið 2018. Var það ár flutt inn tæplega 110 tonnum meira af þotueldsneyti en öllu eldsneyti á bíla, skipaflotann, varaafstöðvar, fiskimjòlsverksmiðjur og húskyndingar samanlagt.

Fyrir utan þotueldsneyti hefur innflutningur á flugvélabensíni líka verið að aukast. Árið 2015 voru flutt inn tæp 321 tonn af flugvélabensíni. Árið 2016 voru það rúm 385 tonn, en minnkaði í tæp 376 tonn árið 2017. Á árinu 2018 voru hins vegar flutt inn 426 tonn af flugvélabensíni.

Aukningin í þotueldsneytinu nær fjórföld á við annað eldsneyti

Samkvæmt tölum Hagstofu

Íslands nam innflutningur á jarðefnaeldsneyti á bíla, skip, varaafstöðvar og fyrir kyndingu húsa og fiskimjòlsverksmiðja samtals 618.589,6 tonnum árið 2015. Þetta er bensín, dísilolía (gasolía) og brennsluolía. Nam sá innflutningur 622.370 tonnum árið 2016 og 699.086 tonnum árið 2017. Hann var svo kominn í 711.444,7 tonn árið 2018. Þessi innflutningur hafði því aukist frá 2015 um 92.855,1 tonn. Þar er m.a. um að ræða eldsneyti á allan skipaflotann, einkabíla og atvinnutæki eins og flutningabíla og rútur í ferðaþjónustunni.

Á sama tíma jókst innflutningurinn á þotueldsneyti um 364.787 tonn eða nærri fjórum sinnum meira en innflutningur á öllu öðru fljótandi jarðefnaeldsneyti í landinu.

/HKr.

– Sjá umfjöllun um þróun í sölu ökutækja og metangasnotkun í samgöngum á bls. 20–21.

FRÉTTIR



Lækkun tolla á blómkáli

— vegna skorts á markaði
Á mánudaginn 2. september tók gildi reglugerð um lækkun tolla á blómkáli næstu þrjá mánuði. Kemur hún í kjölfar þess að skortur hefur verið á blómkáli á markaði í sumar.

Í tilkynningu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins kemur fram að rannsókn ráðgjafarnefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara hafi leitt í ljós skort á vörinni á markaði og því sé heimilt samkvæmt búvörulögum að lækka tollana. /smh



Elías Blöndal Guðjónsson. Mynd / TB

Landssamband veiðifélaga: Nýr framkvæmdastjóri ráðinn

Elías Blöndal Guðjónsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Landssambands veiðifélaga (LV). Hann tekur við af Árna Snæbjörnssyni sem hefur verið framkvæmdastjóri landssambandsins frá árinu 2003.

Elías hefur starfað sem framkvæmdastjóri fasteignafélagsins Bændahallarinnar ehf. frá árinu 2016 og mun áfram gegna því starfi samhliða vinnu fyrir landssambandið. Elías er lögfræðingur og hefur meistaraþróf frá Háskólanum í Reykjavík. Hann starfaði sem lögfræðingur Bændasamtaka Íslands frá 2010–2016 og sat í stjórn Hótel Sögu ehf. frá 2014–2018. Elías rak jafnframt eigið fyrirtæki í sölu veiðileyfa frá 2010–2016.

Í fréttatilkynningu frá Landssambandi veiðifélaga er Árna Snæbjörnssyni þakkað fyrir störf sín í þágu sambandsins og nýr framkvæmdastjóri boðinn velkominn. Framkvæmdastjóri LV hefur aðsetur í Bændahöllinni við Hagatorg.

Bændum greiddar bætur vegna ágangs álfta og gæsa

Nú í haust munu bændur í fyrsta sinn geta sótt um stuðningsgreiðslur til ríkisins ef tjón hefur orðið á ræktunarlöndum vegna ágangs álfta og gæsa, en lengi hefur verið kallað eftir úrræðum vegna þessa skaðvalds.

Að sögn Jóns Baldurs Lorange, framkvæmdastjóra Búnaðarstofu Matvælastofnunar, sem annast greiðslurnar, er heildarupphæð jarðræktarstyrkja vegna jarðabóta um 396 milljónir króna og munu tjónabætur vegna álfta og gæsa fara af þeim lið. Þar með lækka jarðræktarstyrkirnir sem því nemur. Framkvæmdanefnd búvörusamninga er heimilt samkvæmt búvörusamningum, eða rammisamningi milli ríkis og bænda, að bæta tjón vegna ágangs álfta og gæsa og ákvað nefndin að það yrði gert í fyrsta skipti vegna þessa árs. Ekki liggur fyrir hvort þessi heimild verði nýtt vegna ársins 2020, en framkvæmdanefndin þarf að taka þá ákvörðun fyrir 20. september næstkomandi.

Jón Baldur segir að ekki muni liggja fyrir hve miklir fjármunir munu fara til að greiða þessar bætur. Það fari eftir því hve margar umsóknir um tjónabætur verði samþykktar af úttektarfolki búnaðarsambanda og hve mikið tjón verður í heild.

Allt að 75% álag á ræktunarstyrk

Bætur eru greiddar vegna tjóns á ræktunarlöndum sem er frá 31 prósent að alltjóni og geta stuðningsgreiðslur mest orðið 75 prósent álag á ræktunarstyrk



Álftir og gæsir hafa oft valdið miklu tjóni á ræktarlöndum bænda.

Myndir / HKR.



Jón Baldur Lorange.

fyrir hvern hektara. Álagið reiknast ofan á jarðræktarstyrkinn, sem þarf að vera samþykktur á sama ári enda verið að bæta tjón á þeim jarðabótum. Ekki er greiddur stuðningur á land sem nýtur landgreiðslna.

Bændur skulu skila inn rafrænni tjónaskýrslu inn í umsóknarkerfi Matvælastofnunar á Bændatorginu um leið og tjóns verður vart, þó eigi síðar en 20. október næstkomandi. Úttektarstarfsmenn á vegum Matvælastofnunar (starfsfólk búnaðarsambanda) taka út tjón.

„Töluverð vinna hefur verið lögð í það á undanföllum árum á vegum Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar að leggja grunn að því hvernig meta eigi tjón af völdum álfta og gæsa og hefur verið horft til annarra Norðurlanda í því sambandi. Þannig hafa bændur skráð tjónaskýrslur síðastliðin ár með ljósmyndum og fleiru sem notaðar hafa verið í þessu sambandi. Ljóst má vera, miðað við hve fáar tjónaskýrslur hafa

borist, að áhersla verður á að bæta uppskerutjón sem orðið hefur síðari hluta ársins. Það verður í höndum úttektarmanna að leggja faglegt mat á hugsanlegt tjón út frá settum vinnureglum. Við metum svo árangurinn eftir haustið með Umhverfisstofnun og úttektarfolki og leggjum niðurstöðuna fyrir framkvæmdanefnd búvörusamninga sem tekur ákvörðun um framhaldið. Ráðherra þarf síðan að leggja mat á hvort bæta þurfi regluverkið í kringum tjónabætur fyrir næstu ár. Rétt er að benda á að forsenda stuðnings vegna tjóns af völdum ágangs álfta og gæsa er að umsókn um jarðræktarstyrk hafi verið samþykkt á sama ári.“ útskýrir Jón Baldur.

/smh

Rjúpnaveiðitímabilið lengt um viku

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið að lengja veiðitímabil rjúpu um viku frá fyrra ári og verður nú 22 dagar, á bilinu 1. nóvember–30. nóvember. Leyft er að veiða fimm daga í viku, frá föstudögum til þriðjudaga í hverri viku. Veiðibann er miðvikudag og fimmtudaga. Áfram er í gildi sölubann á rjúpu og eru veiðimenn hvattir til hófsemi í veiðum.

Heimilt verður að veiða alla daga á tímabilinu nema á miðvikudögum og fimmtudögum. Ákvörðun ráðherra kemur í kjölfar ráðgjafar Umhverfisstofnunar, sem unnin var í samstarfi við Náttúrufræðistofnun,

Fuglaverndarfélag Íslands og Skotvís.

Sjálfbær nýting

Gengið er út frá þeirri megin stefnu stjórnvalda að nýting auðlinda sé sjálfbær og þar með talinn rjúpnastofninn. Jafnframt skulu rjúpnaveiðimenn stunda hóflega veiði til eigin neyslu, en sölubann er áfram á rjúpu. Umhverfisstofnun er falið að fylgja sölubanninu eftir.



Í tilkynningu Umhverfisstofnunar eru veiðimenn hvattir til að sýna hófsemi og eru þeir sérstaklega beðnir um að gera hvað þeir geta til að særa ekki fugl umfram það sem þeir veiða, meðal annars með því að ljúka veiðum áður en rökkvar.

Veiðiverndarsvæði verður áfram á Suðvesturlandi líkt og undanfarin ár. Veiðimönnum er enn fremur bent á að kynna sér takmarkanir á veiðum á friðlýstum svæðum.

/smh

ICELANDAIR

GDANSK

FARARSTJÓRI
UNNUR PÁLMARSDÓTTIR

31. OKTÓBER – 3. NÓVEMBER
FLUG & GISTING MEÐ MORGUNVERÐI
VERÐ FRÁ 114.900 KR.

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

NÁNAR Á UU.IS EÐA Í SÍMA 585 4000



Réttað var í nýrri Hvammsrétt um síðustu mánaðamót.

Myndir / Blönduósbaer / Robert Daniel Jónsson

Ný Hvammsrétt í Langadal

Ný rétt, Hvammsrétt, hefur verið tekin í notkun í Langadal. Blönduósbaer byggði réttina og var smíðin í höndum Halldórs Skagfjörð frá Fagnanesi og

jarðvinnuverktaki var Júlíus Líndal frá Holtastöðum.

Fyrstu réttir voru um þarsíðustu helgi, um mánaðamótin ágúst og september. Féð sem fór í réttina

var smalað úr Langadalsfjalli. Réttarstörfin gengu vel og var almenn ánægja með réttina, að því er fram kemur á vef Blönduósbaer.

/MPP

Létt í spori

Grænmetisflutningar á vegum Sölufélags
garðyrkjumanna eru kolefnisjafnaðir, allt frá
bónda til verslunar, í samstarfi við Kolvið.
Léttu kolefnissporið í matarinnkaupum
fjölskyldunnar og veldu
íslenskt grænmeti.



FRÉTTIR



Guðjón Kristjánsson, framkvæmdastjóri Slátruhúss Vesturlands, segir að vaxandi áhugi sé á því að vera með afurðir úr héraði og gera út á sérstöðuna. Mynd / smh

Slátruhús Vesturlands í Borgarnesi: Slátrar fyrir bændur sem selja beint frá býli

Slátruhús Vesturlands í Brákarey, Borgarnesi, hefur verið starfrækt undanfarin ár og verður svo líka í haust. Að sögn aðstandenda fyrirtækisins verður starfsemin með svipuðum hætti og í fyrra, það er að segja fyrst og fremst þjónustuslátrun fyrir bændur sem taka afurðirnar til sín aftur. Í haust verður þó boðið upp á meiri kjötvinnslu en áður og verður hún aðlöguð að óskum kaupenda. Guðjón Kristjánsson er framkvæmdastjóri Slátruhúss Vesturlands en alls eru um 10 manns sem starfa hjá fyrirtækinu.

Guðjón framkvæmdastjóri segir að nú sé sauðfjárslátrun komin á fullt, nóg að gera í Brákarey og meðbyr með starfseminni.

„Þetta gengur fyrst og fremst út á að þjónusta bændur sem vilja selja sitt eigið kjöt beint frá býli. Við höfum ekki farið þá leið að kaupa kjöt af bændum heldur aðstoðum við þá við að selja það. Við erum með kjötiðnaðarmenn og vinnslu sem gengur frá kjötinu eins og viðskiptavinir vilja.“

„Þú velur bónda, hann framleiðir og við slátrum“

Guðjón segir að yfirleitt sækja bændur kjötið til þeirra og koma áleiðis til sinna kaupenda. Margir veitingastaðir og ekki síður mötuneyti vilji vera með staðbundið hráefni af þekktum uppruna og þar komi slátruhúsið í Brákarey sterkt inn. „Oftast er kjötið sótt til okkar en við sendum líka út frá okkur, til dæmis í veitingahús og til mötuneyta.“ Hann segir ekkert mál að setja kjöt í neytendumbúðir og allt kjötið sé rekjanlegt beint til bónda. Guðjón segir að kröfur neytenda um uppruna séu mjög vaxandi. „Ég segi það að í

fram tíðinni velur þú þér bónda, hann framleiðir fyrir þig og við sjáum um slátrunina.“

Allur tækjabúnaður til staðar

Nú er fjórða sláurtíðin að hefjast í Brákarey síðan þjónustuslátrun var tekin upp. „Við erum með leyfi til að slátra öllum skepnum nema kaninum og alifuglum en aðallega erum við í nautgrípa-, sauðfjár- og hrossaslátrun.“ segir Guðjón. Hann segir að allur tækjabúnaður sé til staðar til að slátra svinum en til þess hafi ekki komið enn þá. Markmið slátruhúss Vesturlands sé að slátra um 4.000 dilkum núna í haust en það á eftir að koma í ljós hvort það takist. „Við erum að slátra á bilinu 150–200 dilkum á dag og látum kjötið hanga í 2–3 daga.“ segir Guðjón og bætir við að ef slátrað er seinni part vikunnar geti viðskiptavinir látið hanga yfir helgina. Margir hafi áhuga á að láta hanga vel.

Gott fyrir umhverfið og matarmeninguna

Guðjón segir að vaxandi áhugi sé á því að vera með afurðir úr héraðinu og margir bændur séu með fastan viðskiptamannahóp og gera út á sérstöðu ýmiss konar. „Það er ágætt að þurfa ekki að flytja matinn of langt og þetta er gott fyrir menninguna og matarupplifunina, sem og umhverfið líka.“ Aðspurður um það hvernig viðskiptavinir geti nálgast kjöt frá Brákarey bendir hann á Facebook-síðu Slátruhúss Vesturlands þar sem er að finna verð og ýmsar upplýsingar. „Svo er líka einfaldlega hægt að hringja í pöntunarsímann 666-7980.“ segir Guðjón Kristjánsson, framkvæmdastjóri Slátruhúss Vesturlands. /TB



Benedikt Benediktsson, framleiðslustjóri hjá SS, segir sláurtíðina hafa farið mjög vel af stað.

Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Sauðfjárslátrun hófst hjá SS á Selfossi 4. september:

Um 110 þúsund fjár verður slátrað á þessu hausti

– Hundrað útlendingar ráðnir og flestir hafa komið oft áður í sláurtíðina

„Sláurtíðin fer mjög vel af stað, við byrjum að slátra miðvikudaginn 4. september og verðum næstu vikurnar í þessu af fullum krafti,“ segir Benedikt Benediktsson, framleiðslustjóri hjá SS.

„Við erum með frábært starfsfólk, útlendinga og Íslendinga, sem gera það að verkum að við erum bjartsýn á að allt gangi mjög vel.“

Alls verður slátrað um 110 þúsund fjár á Selfossi. Af þeim 100 útlendingum sem munu vinna í sláurtíðinni koma flestir frá Póllandi og Nýja-Sjálandi. Íslendingarnir eru 40.

„Þetta er allt starfsfólk sem hefur verið meira og minna hjá okkur í sláurtíð síðustu ár, þau hafa verið og veit um hvað verkefnið og vinnan snúast, við gætum ekki verið heppnari,“ bætir Benedikt við. Fallþungi lambanna hefur verið góður og almennt er ánægja með þau, enda sumarið búið að vera einstaklega gott sunnanlands. Bændur fá að jafnaði 8% herra verð fyrir kjötið en síðasta haust hjá SS. /MHH



Bjarki Freyr Sigurjónsson frá Efstu-Grund undir Eyjafjöllum er einn af matsmönnum SS og er hér að skoða skrokk. Bændurnir í Skarði í Landsveit fylgjast spenntir og brosandi með, þau Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir og Erlendur Ingvarsson, sem eru með á annað þúsund fjár.



Það er meira en nóg að gera í slátruhúsi Slátrufélags Suðurlands á Selfossi þessar vikurnar þegar sláurtíðin stendur sem hæst yfir.

Átt þú rétt á slysabótum?
Við hjálpum þér

HAFÐU SAMBAND ☎ 511 5008

TORT
INNHEIMTA SLYSABÓTA



HÚSASMIÐJAN

HLUTI AF BYGMA

Gerður er stórt og glæsilegt, 107 m² heilsárshús. Húsið er mjög rúmgott og fallett.

Allar einingar afhendast samsettar með hurðum og gluggum. Þakstál, flasningar, þakkantæfni og festingar fylgja. Vandaður frágangur og hús sem hentar vel íslenskum aðstæðum.

Sjá verð, teikningar og skilalýsingu á husa.is

Fleiri útfærslur væntanlegar. Sjá nánar á husa.is

Gerður - 107 m²



Verð frá: 13.950.000 kr. m.vsk

Einingahús

Vönduð heilsárshús á ótrúlega góðu verði



Frigg 27m²

Frigg er fallett 27 m² heilsárshús með einu svefnherbergi. Mjög hagkvæmur kostur og einfalt í uppsetningu.



Verð frá: 3.250.000 kr. m.vsk



Freyja - 40m²

Freyja er fallett 40 m² heilsárshús með einu svefnherbergi. Fallett einingahús, fullklárað að utan. Mjög hagkvæmur kostur og einfalt í uppsetningu.



Verð frá: 4.250.000 kr. m.vsk



Sif - 60m²

Sif er rúmgott og fallett 60 m² heilsárshús með tveimur svefnherbergjum. Fallett einingahús, fullklárað að utan. Mjög hagkvæmur kostur og einfalt í uppsetningu.



Verð frá: 5.950.000 kr. m.vsk



Gígja - 80m²

Gígja er mjög rúmgott og fallett 80 m² heilsárshús með þremur svefnherbergjum. Fallett einingahús, fullklárað að utan. Mjög hagkvæmur kostur og einfalt í uppsetningu.



Verð frá: 8.150.000 kr. m.vsk

Húsasmiðjan hefur áratuga reynslu af sölu einingahúsa og byggingarefna á Íslandi og býður til sölu falleg, vönduð heilsárshús. Húsin eru hönnuð af íslenskum arkitektum og byggingatækniþræðingum fyrir íslenskar aðstæður og að sjálf sögðu í samræmi við íslenska byggingareglugerð.

Nánari upplýsingar veitir Guðbjartur Halldórsson, söluráðgjafi í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar á netfangið gh@husa.is eða í síma 525 3000. Einnig má finna verð, teikningar og fleira á husa.is

ISKRAFT

iskraft.is | iskraft@iskraft.is

EO HLEÐSLUSTÖÐVAR

fyrir heimili, húsfélög og fyrirtæki, hagstætt verð, gæði og falleg hönnun

Smíðjuvegur 5
Hjalteyrargata 4
Eyrarvegur 42
Fitjum 2

Kópavogi
Akureyri
Selfoss
Reykjanesbæ

sími 535-1200
sími 455-1200
sími 483-5200
sími 421-6526



EO Mini – Hleðslustöð fyrir heimili og fyrirtæki
verð frá 98.900 kr. með/vsk.



EO Basic hleðslustöð
verð frá 119.900 kr. með/vsk.

EO hleðslustöðvarnar eru frábær lausn fyrir rafbílaeigendur. Þessar hleðslustöðvar eru breskar og sameina gæði og hagstætt verð í fallegri hönnun sem vakið hefur verðskuldaða athygli í Evrópu. Nánari upplýsingar á iskraft.is og ráðgjöf veitir sérfræðingur okkar Sigurður Gunnar Ragnarsson, siggig@iskraft.is og í síma 535-1209.

Bændablaðið

– Mál gagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.

Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.900 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 5.450 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – Auglýsingastjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – Sími: 563 0303 – Netfang auglýsinga: augl@bondi.is – Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is

Frágangur fyrir prentun: Ágústa Kristín Bjarnadóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Ávinningur allra

Fyrsti maðurinn sem talinn er hafa búið til plast var Alexander Parkes sem kynnti þá uppfinningu sína á Alþjóðasýningunni miklu í London árið 1862. Kallaði hann efnið arkesin sem var í grunninn lífrænt efni sem búið var til úr sellulósa. Það var hægt að móta með hita, en hélt síðan lögun sinni þegar það var kælt.

Með tilkomu þessa sellulósa upphófst mikil bylting og í kringum hann spratt upp alls konar iðnaður. Fram kom nítrosellulósi sem hægt var að nota í örpunnar filmur fyrir ljósmyndun í stað niðþungra glerplatna. Úr þessu voru líka búnar til billjardkúlur og upp úr árinu 1900 komu fram kvikmyndafilmur úr kamfór og nítrosellulósa og margt fleira. Nítrosellulósinn hafði þó þann ókost að vera afskaplega eldfimur. Ótölulegur fjöldi kvikmyndahúsa brann til ósku og fjölmörg slys urðu á billjardstofum þegar kúlurnar sprungu.

Upp úr frumgerðinni á plasti spruttu líka ótal uppfinningar og plastið varð æ betra og fjölbreyttara og efnafræðilega flóknara og fjær sínum lífræna uppruna.

Fyrsta eiginlega plastefnið sem sagt er hafa leitt til þeirrar byltingar sem við þekkjum í dag var uppfinning Leo Hnedrik Bakeland sem kynnt var 1909 og kallaði hann það einfaldlega Bakelite. Það var það sem nefnt er Phenol-Formaldehyde plast. Eftir þetta fór plastboltinn að rulla hraðar og hraðar og olli straumhvörfum í heilbrigðisþjónustu, heimilishaldi og öllum mögulegum iðnaði.

Það er samt ekki fyrr en á allra síðustu árum sem heimsbyggðin hefur verið að vakna af sínum sæludraumum og plastið. Efnið sem skapað hefur mörgum mikil þægindi og hefur leitt til mikillar velmegunar víða um lönd er allt í einu orðið að martröð sem felur í sér dauða í lífríkinu hvert sem lítið er. Enginn staður á jarðríki er nú lengur óhultur fyrir mengun af plasti og plastögnum. Fuglar, spendýr og fleiri lífverur getu sumar hverjar verið að horfa fram á útrýmingu verði ekkert að gert. Þetta er ekki einhver kaldhæðin heimsendaspá, heldur fúlasta alvara.

Lífriki jarðar á það nú undir þeim sem leiða þjóðir heims, að brugðist verði við vandanum. Það þarf að setja stóraukinn kraft í hreinsun heimshafanna sem lítið hefur verið á sem óseðjandi sorpkvarnir. Það er t.d. hægt að umbreyta öllu plastruslinu í orku. Við þurfum þó ekki að bíða eftir að leiðtogum heimsins detti í hug að fara að stefna heimsskútni í rétta átt. Við getum nefnilega hvert og eitt okkar lagt helling til þessara mála.

Þegar kemur að íslenskum landbúnaði eru áskoranirnar og tækifærin gríðarleg. Hugsu þarf upp á nýtt alla þá plastnotkun sem þar viðgengst. Úrvinnslufyrirtæki í matvælavinnslu geta líka lagt þar þung lóð á vogarskálarnar.

Strax þarf að hefjast handa við að setja fjármuni í að virkja hugvit sem leysir af notkun á plastumbúðum utan um jógúrt, skyr, smjör í ýmsu formi, kjötvörur, drykkjarföng, grænmeti og hvað eina sem framleitt er í landbúnaði.

Í mjög mörgum tilfellum eru lausnirnar þegar fyrir hendi, meðal annars með notkun á pappa, pappír, hampi og fleiri lífrænum efnum þar sem landbúnaðurinn getur auk þess framleitt öll nauðsynlegt hráefni. Gagnsætt lífrænt umbúðaefni úr þörungum hefur þegar lítið dagsins ljós sem meira að segja er hægt að borða. Það er ekki spurning um hvort lausnirnar kunni að vera aðeins dýrari en plastið, við höfum einfaldlega ekkert val lengur. Þeir sem verða fyrstir til að stökkva á þennan vagn munu án efa uppskera mikla velvild. Slík vegferð felur líka í sér ávinning fyrir alla jarðarbúa.

/HKr.

Guðrún S. Tryggvadóttir
formaður Bændasamtaka Íslands
gst@bondi.is



Við erum svo heppin flest að hafa gott aðgengi að mat og geta valið fjölbreytta fæðu – eða hvað? Eiga allir gott aðgengi að mat og getum við í raun og veru valið hvað við viljum borða? Þurfum við ekki að vera duglegri að tala um mat og hvernig við viljum sjá matvælaframleiðslu og matvælaneyti þróast á Íslandi?

Í kjölfarið á þessari umræðu gæti fylgt aukin vitundarvakning hjá okkur öllum sem leiðir af sér fjölbreyttari framleiðslu matvæla á Íslandi með betri merkingum og meira úrvali. Við hljótum öll að stefna í átt að sjálfbærari matvælaframleiðslu og ábyrgari neyslu en til þess verðum við að taka afstöðu til hvernig matarlandslag við ætlum okkur að búa við.

Aukinn innflutningur á mat til landsins vekur marga til umhugsunar. Nýjar fæðutegundir, sem ekki eru framleiddar hérlandis, skjóta upp kollinum og baráttan um hilluplássið í verslunum er býsna hörð. Stundum er því fleygt að innkaupastjórar stærstu matvælakeðjanna séu þeir sem ráði mestu um það sem við borðum. Það skiptir miklu máli hvar vörum er stillt fram í verslunum og hversu mikið þær eru auglýstar. Neytandinn tekur þó alltaf lokaákvörðun um kaupin en valið takmarkast auðvitað við það sem er í boði hverju sinni.

Opinberir aðilar geta slegið tóninn

Innkaupastefna hins opinbera, þeirra sem fjármagnaðir eru með sköttum almennings, getur skipt sköpum og haft áhrif á það sem framleitt er af mat hér heima. Hér er m.a. átt við skólafélagin, spítala og aðra stóra vinnustaði. Sveitarfélögin eru nú þegar byrjuð að setja fram stefnu hvað varðar

Tölum um mat

matarinnkaup og mótuneyti og er það vel. Matarstefna Reykjavíkurborgar var mjög í umræðunni núna nýverið. Þar hlaut mesta umfjöllun frétt um minnkun kjötneyslu í mótuneytum grunnskóla Reykjavíkur þar sem vægi grænmetisfæðis skyldi aukið. Þar var margt sem vakti athygli, m.a. það hvernig við tölum um mat og út frá hvaða sjónarhornum við horfum á gæði matvörunnar. Öll höfum við skoðanir á mat, gæðum hans og gildi. Í umræðunni, sem einkenndist helst af því hvers konar mataræði væri hentugt til að sporna við hamfarahlýnun, urðu börnin að einhverju leyti út undan. Minna var rætt um hvað væri á boðstólum í dag og hverjar þarfir barnanna væru. Sumir foreldrar eru í mótuneytum í sinni vinnu og því er kvöldverðurinn oft léttur. Í því ljósi skiptir verulegu máli hvað það er sem börnin fá að borða í skólanum. Eins hefur efnahagur foreldra haft sitt að segja um fæðuframboð á heimilum og þá er gott að vita af kjarngóðum og hollum skólamat.

Góður, hollur og næringarríkur matur fyrir alla

Í umræðunni um skólamatinn á dögnum var minnst á mikilvægi þess að vita hvaðan maturinn kemur. Samt fór lítið fyrir samanburði á kolefnisþori innlendirar búfjárframleiðslu og kolefnisþori innfluttrar fæðu. Að mörgu leyti er matvælastefna borgarinnar metnaðarfull en í henni er m.a. fjallað um það að matur sé eldaður á staðnum og úr heilnæmu hráefni sem kemur sem stysta vegalengd frá framleiðslustað. Þar er jafnframt talað um aðgengi að hollum mat sem uppfyllir næringarviðmið og sé í senn góður og heilnæmur. Þarna erum við alveg að tala saman, þetta hljómar eins og eitthvað sem við öll viljum. Að eiga aðgengi að góðum, hollum og næringarríku mat fyrir alla.

Merkingar á matvælum eru stórt hagsmunamál

Samráðshópur um betri merkingar matvæla er að störfum á vegum atvinnuvegaráðuneytisins en hlutverk hans er að finna leiðir til að bæta merkingar á matvælum þannig að hægt sé að sjá upplýsingar um uppruna vöru, framleiðsluhætti, lyfjanotkun og umhverfisáhrif svo dæmi séu tekin. Þetta er mjög mikilvægt því að sjálfsögðu eigum við öll rétt á því að geta séð á einfaldan og öruggan hátt hvaðan varan sem við erum að versla kemur og við hvaða aðstæður hún er framleidd. Upplýsingar um lyfjanotkun og umhverfisáhrif eru síðan eitthvað sem neytandinn hefur val um hvort hafi áhrif á það hvaða vöru hann velur. Sambærilegar upplýsingar eiga að vera til staðar þegar við borðum matvöru framreidda í veitingahúsum eða mótuneytum. Við eigum alls staðar rétt á því að vera upplýst og geta tekið meðvitaðar ákvarðanir.

Við getum framleitt meiri mat

Við höfum tækifæri til að framleiða meiri og fjölbreyttari matvöru á Íslandi en nú er gert. Mikil þekking og reynsla er t.d. fyrir hendi í ylrækt á Íslandi. Hreint vatn og orkuauðlindir gera það að verkum að þrátt fyrir langa og kalda vetur höfum við möguleika á að rækta mun meira grænmeti hér en nú er gert. Til þess að það sé gerlegt þarf þó að gera umhverfið þannig að það sé framkvæmanlegt.

Lífræn ræktun er til þess að gera lítil og þar eru sannarlega sóknarfæri í öllum greinum. Við eigum fjöldamörg tækifæri til að efla og auka framleiðslu á heilnæmri, hollri og góðri íslenskrí matvöru. Ef allir leggjast á eitt, framleiðendur, neytendur og þeir sem marka matvælastefnu þjóðarinnar, eru okkur allir vegir færir.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Þjóðvegur 66. Horft af Kambi á Kollafjarðarheiði niður í Geitadal til vinstri og Laugabólsdal fyrir miðju og Laugabólsá sem stundum hefur líka verið nefnd Múlaá. Hún fellur til sjávar í Ísafirði sem er innsti fjörðurinn í Ísafjarðardjúpi. Þessi leið þótti álitleg af Vegagerðinni sem veltenging úr Ísafjarðardjúpi yfir í Kollafjörð í Austur-Barðastrandasýslu og þaðan áfram inn á megin vegakerfi landsins. Pólitísk ákvörðun réð því hins vegar að ráðist var í gerð vegar yfir Steingrímsfjarðarheiði með tengingu við Strandir og Hólmavík.

Mynd / Hörður Kristjánsson



Kvenfélagskonurnar í Kvenfélagi Staðarhrepps sjá alltaf um glæsilegar kaffiveitingar í réttarhléi Hrutatunguréttar. Hér eru nokkrar þeirra, frá vinstri, Kathrin Schmitt, Ólafía Jóna Eiríksdóttir, Sigurlaug Árnadóttir, Guðný Kristín Guðnadóttir og Hafðís Þorsteinsdóttir. Myndir / Magnús Hlyndur Hreiðarsson

Um fjögur þúsund fjár í Hrutatungurétt

— Ungt fólk flytur í sveitina og hefur sauðfjárbúskap

Það var góð stemning í Hrutatungurétt í Hrutafirði í Vestur-Húnavatnssýslu laugardaginn 7. september þrátt fyrir smá rigningu af og til.

Um fjögur þúsund fjár voru í réttunum og margt fólk sem aðstoðaði bændur og búalið að draga í dilka. Bændur voru sammála um að lömbin kæmu falleg af afréttinum þrátt fyrir þurrka í sumar. Ánægjulegustu tíðindin eru þó úr Hrutafirði að þar er ungt fólk að taka við sauðfjárbúskap á nokkrum bæjum, m.a. á Bálkastöðum þar sem ung hjón með fjögur börn úr Hvalfjarðarsveit eru tekin við búinu. Á bænum er um 500 fjár og jörðin er um 500 hektarar að stærð. /MHH



Það er gott að vera hjá afa og fylgjast með réttarstöfunum, hér eru það þeir Emery Trausti og Róbert Ozias Elmarssynir með Róberti Júlíussyni, afa á Hvalshöfða.



Bændur voru ánægðir með útlit lambanna eftir sumarið enda voru þau yfirleitt væn og falleg. Slátrun fer fram á Hvammstanga.



Það hjálpast allir að í réttunum. Hér er það Reynir Þórarinnsson frá Þóróddsstöðum með son sinn, Þórarin, sem eru að fara með lamb í dilk.



Brynjar Ægir Ottesen er ungur og öflugur sauðfjárbóndi sem hefur nýlega keypt jörðina Bálkastaði í Hrutafirði með konu sinni, Guðnýju Kristínu Guðnadóttur. Þau eiga fjögur börn og eru úr Hvalfjarðarsveit. Á bænum eru um 500 fjár og jörðin er um 500 hektarar að stærð. Með kaupunum eru Brynjar og Guðný að láta draum sinn rætast um að vera sauðfjárbændur.



Aðalheiður Böðvardsdóttir á Reykjum að draga í Reykjadilkinn.

MÆLT AF MUNNI FRAM

233

*Haustið bíður allra oss,
úti er blíða og friður.
Safnið líður líkt og foss
Lækjarhlíðar niður.*

Þessa vísu Rósbergs G. Snædal þarf svosum engum að kynna, hana orti hann við Stafnsrétt í Svartárdal. Stafnsrétt er böðuð bjartri minningu þeirra sem þar hafa sýslað með fé, og víst er það svo, að staðurinn er stórfenglegur og óvída verið rekið jafn margt fé til réttar.

Þegar haustar er líka gott að grípa til gagnavísna. Yrkisefnið líka einstakt að því leyti að þar renna saman í rím bæði náttúra lands og blessuð sauðkindin sem barg fyrrum þessari þjóð frá hungurdaða. Þó að Ingólfur Ómar Ármannsson hafi líklega ekki fyrir sauðfé að sjá, þá getur hann alveg sett sig inn í aðstæður gangnamanna:

*Blasir halli beint í mót,
brött og grýtt er heiðin,
yfir fláa urð og grjótt
oft er torsótt leiðin.*

*Fram á heiðum sóma sér,
seggja létt er geðið,
rennt úr staupi stundum er,
staldrað við og kveðið.*

Ekki eru þó allar vísur haustdaganna ofnar sauðfjárhaldi. Langt er um liðið frá því Davíð Hjálmar Haraldsson, hagyrðingur á Akureyri, hefur knúð hér dyra. Því er kærkomið að birta nú eftir hann haustljóð, glænýtt og gamansamt:

*Ennþá kemur haust í hagann.
Hrafnar, rorrandi í fitu,
flöggra um með fullan magann
og feikilega berjaskitu.*

*Litast gulu lerkinálar,
lotin hima fólvastráin
og birkiþélan bölvuð kálar
björkinni og leggst á náinn.*

*Húmvindar í holti þjóta
en haustsins finn ég nálægð mesta
þegar gæsaskyttur skjóta
skotvissar á lömb og hesta.*

Ingólfur Ómar Ármannsson er ögn hátíðlegri í sinni haustvísu:

*Sumar líður senn á braut
sölnar blómaflétta.
Roðna brekkur lyng og laut
lauf af greinum detta.*

Jónas hét maður og var Jóhannesson og bjó á Breiðavaði í Langadal á nítjándu öld. Jónas þótti skáld gott, og þessa oddhentu og hringhendu smalavísu orti hann húskarli sínum:

*Smalamaður þenk um það,
þung eru skaða-gjöldin;
dagurinn trað í drafnar bað,
dimmir að á kvöldin.*

Einn okkar bestu hagyrðinga var Ásgrímur Kristinnson, fæddur að Ási í Vatnsdal 29. desember 1911. Ásamt konu sinni Ólöfu K. Sigurbjörnsdóttur byggðu þau nýbýlið Ásbrekku út úr jörðinni Ási og kenndi Ásgrímur sig jafnan við þá jörð. Ásgrímur orti margar landfleygar vísur og þessar heiðarvísur hans lifa meðan vísur tóra:

*Harðnar reidin frjáls og frí,
færirst leiðin innar.
Blærinn seiðir okkur í
arma heiðarinnar.*

*Enn um þetta óskaland
ótal perlur skína.
Hitti ég fyrir sunnan sand
sumardrauma mína.*

Páll Guðmundsson frá Holti í Svínadal orti í göngum um góðhestinn sinn Grána:

*Ég í snatri fjör mitt fel
fák'i ólata að vana,
þótt ei gatan greinist vel,
Gráni ratar hana.*

Umsjón:
Árni Geirhjórtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com



FRÉTTIR

Plast er mál umhverfismálanna í september: Verslunum óheimilt að gefa plastpoka

– Burðarplastpokar verslana bannaðir 1. janúar 2021

Frá 1. september síðastliðnum er óheimilt að afhenda burðarpoka í verslunum án endurgjalds. Gildir þetta um allar tegundir burðarpoka, óháð því úr hvaða efni þeir eru. Gjaldið fyrir pokana skal vera sýnilegt á kassakvittun.

Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sem fela þetta bann í sér. Þetta á einnig við um þunnu glæru pokana sem hefur verið hægt að fá endurgjaldslaut, meðal annars í grænmetiskælum matvörubúða.

Þann 1. janúar 2021 tekur síðan gildi bann við afhendingu burðarplastpoka í verslunum. Bannið á einungis við um plastpoka, óháð þykkt þeirra, en ekki burðarpoka úr öðrum efnum. Kemur það bann í kjölfar 18 tillagna sem samráðsvettvangshópur skilaði umhverfis- og auðlindaráðherra í júní á síðasta ári um hvernig dregið yrði úr notkun plasts hér á landi, hvernig mætti bæta endurvinnslu þess og takast á við plasmengun í hafi.

Ein margra aðgerða

Í upplýsingum á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytisins kemur fram að burðarplastpokabannið sé ein aðgerð af mörgum til lausnar á plastvandamálinu. Þar segir að plast eyðist ekki við náttúrulegt niðurbrot, heldur brotni í smærri hluta og endi sem örplast. Til að framleiða plast þurfi olfu og plastið sjálft geti verið skaðlegt lífríkinu. Margvíslegra aðgerða sé þörf.

„Með því að banna plastpoka tókumst við á við það mikla magn plastpoka sem er í umferð og það er mikilvægt. Bannið hefur hins vegar viðtækari áhrif. Það snertir daglegt líf okkar og virkjar okkur með beinum hætti við að hugsa um lausnir án plasts. Aðgerðin vekur nauðsynlega umræðu um plasmengun, neyslu og sóun og fær okkur til að hugsa á

annan hátt en áður um plast og eigin neyslu,“ segir á vef ráðuneytisins.

Nú þegar hefur tveimur öðrum tillögum verið hrint í framkvæmd; aðstoð við neytendur sem mæta með eigin umbúðir undir keypta matvöru, annars vegar, og svo hefur verið stofnað til Bláskeljarinnar, viðurkenningar fyrir framúrskarandi plastlausar lausnir. Meðal annarra aðgerða sem liggja fyrir í ráðuneytinu sem miða að því að draga úr plasmengun er átak í vitundarvakningu um ofnotkun á plasti og að leggja úrvinnslugjald á allt plast. Þá mun Ísland fylgja Evrópusambandinu eftir í áætlun um að banna ákveðnar tegundir af einnota plasti; svo sem eyrnápinnum, hnífapörum, diskum, rorum, hrærum og blöðruprikum úr plasti. Gert er ráð fyrir að það bann taki gildi 1. janúar 2020.

Plastlaus september

Í september stendur yfir árvekní-átakið Plastlaus september, sem umhverfis- og auðlindaráðherra setti formlega þann 1. september. Árið 2017 var í fyrsta skipti staðið fyrir áttáttu sem er grasrótarverkefni og síðan hefur það vaxið mikið með fjölda uppákoma og fyrirlestra.

Tilgangur verkefnisins er að vekja fólk til umhugsunar um plastnotkun og þann plastúrgang sem fellur til dagsdaglega og leita leiða til að minnka notkunina. Gríðarlegt magn af einnota plasti er urðað eða endar í hafinu sem er mikið áhyggjuefni. Allt plast sem hefur verið framleitt er enn til, það brotnar niður í smærri einingar en eyðist ekki, þ.e. það plast sem ekki hefur endað í sorpbrenslu.

Plastlaus september hvetur okkur til að nota minna af einnota plasti í september. Við getum valið hvort við tökum þátt í einn dag, eina viku, heilan mánuð eða til frambúðar.

/smh



Fulltrúar úr samstarfsnefnd sveitarfélaganna og sveitarstjórar þeirra að lokinni undirritun samninganna.

Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur: Samningar um fjölmörg verkefni undirritaðir

Fulltrúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps hafa undirritað nýja samninga um annars vegar framkvæmd fjölmargra verkefna sem Sveitarfélagið Skagafjörður tekur að sér að annast fyrir Akrahrepp og hins vegar um þjónustu embættis skipulags- og byggingarfulltrúa.

Taka samningarnir til verkefna eins og rekstur grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla, íþróttamiðstöðvar og íþróttamannvirkja, barnaverndar, frístundastarfs barna, dagþjónustu fyrir aldraða, þjónustu héraðsbókasafns, héraðsskjalasafns, Safnahúss, Bygðasafns,

upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn, þjónustu atvinnu- og ferðamálafulltrúa, almanna- og brunavarna- og eldvarnaefirlits, fasteigna í sameign sveitarfélaganna tveggja, auk þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa.

Með gildistöku samninganna leggst samstarfsnefnd með Akrahreppi af en í staðinn funda byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar og hreppsnefnd Akrahrepps um framkvæmd samninganna að lágmarki einu sinni á ári, auk þess sem framkvæmdastjórar beggja sveitarfélaga funda oftast eftir þörfum.

/MPÞ



Eiríkur Þorsteinsson, trétæknir og verkefnisstjóri verkefnisins, skoðar ösp undir álagstjaki.

Myndir / HGS

Álagsprófanir á límtré úr íslenskum trjáviði:

Alaskaösp sterkust af íslenskum viði

Álagsprófanir á mismunandi gerðum af límtré úr íslenskum viði sýna að límtrésbitar úr ösp eru sterkastir. Efnid sem var valið í límtrésbitana var stafafura, sitkagreni, rússalerki og alaskaösp en viðmiðunarbítarnir voru úr sænsku rauðgreni.

Alls voru fimmtán límtrésbitar í þessu rannsóknaverkefni álagsprófaðir. Efnid í tólf límtrésbitanna kom úr trjám sem voru felld í Þjórsárdal síðastliðinn vetur, stafafura, sitkagreni, rússalerki og alaskaösp. Þrjú límtrésbitar til viðmiðunar voru framleiddir úr rauðgreni frá Svíþjóð sem er notað í límtréframleiðslu í límtréverksmiðjunni á Flúðum.

Eftir fellinguna voru trjábolirnir sagaðir í réttar stærðir fyrir límtrésfjalir og þurrkaðir. Límtrésfjalirnar voru límdar í límtrésverksmiðjunni á Flúðum en álagsprófunin fór fram hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Framkvæmd

Eiríkur Þorsteinsson, trétæknir og verkefnisstjóri verkefnisins, segir að tilurð verkefnisins sé að Límtré - Vírnet hafi óskað eftir því að gerð yrði tilraun með að framleiða límtré úr íslensku timbri og fékk fyrirtækið Skógræktina og Nýsköpunarmiðstöð Íslands til samstarfs um verkefnið. Val á timbri til framleiðslu á límtré er nýtt fyrir Skógræktina. Valdar voru fjórar tegundir af trjám, sitkagreni, stafafura, rússalerki og alaskaösp, sem fengnar voru úr Þjórsárdalsskógi. Bolirnir voru bútaðir í ákveðna lengd og síðan sagaðir í límtrésfjalir, 50x100 millimetrar, eftir ákveðinni sögunar- aðferð.

Efninu var síðan raðað upp fyrir þurrkun og flutt á Flúðir til þurrkunar hjá Límtré - Vírnet.

„Eftir að timbrið var orðið þurr var það flokkað í rétt gæði, gallar skornir úr og efnid fingrað samkvæmt kröfum fyrir efni til límtrésframleiðslu. Teknar voru prufur úr límtrésfjöllum, sem voru fingraðar og ekki fingraðar. Þessar prufur voru síðan prófaðar í brot- pressu og er það gert til að kanna



Allir 15 límtrésbitarnir eftir álagspróf. Fyrstu tveir bitarnir eru fura, síðan koma lerkí, ösp, sitkagreni, sænskt rauðgreni, fura, tveir lerkíbitar, tvær aspir, tvö sitkagreni og tvö sænsk rauðgreni.

er engin og því er hér um frumtilraun að ræða, sem lofar góðu og gefur tilefni til frekari tilrauna, sem mun snúa að vali á timbri, flokkun á því og byggja upp þekkingu á framleiðslu úr því.“

Góðar fréttir fyrir skógarbændur

Hlynur Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri Lands- samtaka skógaréigenda, segir þetta góðar fréttir fyrir skógarbændur.

„Besta efnið í límtré er kvistlítill viður og eðlilega er hann því verðmeiri. Eg tel að bændur munu eftir þetta hugsa sig tvisvar um þegar þeir ákveða hvað þeir ætla að gera við ónotað framræst land. Ætla þeir að endurheimta þar votlendi og hafa ekkert upp úr því eða nota ösp sem er hraðsprottnasta kolefnisbindandi plantan sem við höfum aðgang að til að kolefnisjafna búskapinn og um leið búa til úrváls efni í límtré, krossvið og fleira í þeim dúr? Auk þess má þar stýra beit og njóta skjólsins sem af hlýst. Næsta skref er að skoða hvort mikill munur er á milli þols ólíkra asparklóna og ef svo er hver þeirra kemur best út.“

Hlynur segir að þegar kemur að furu þurfi líkast til að velja beinna og kvistminna kvæmi en gert var. Skagway-furan er barn síns tíma og best nýtt sem jólatré. Sitkagrenið kom vel út en mögulega má nota íslenskt rauðgreni í meira mæli og það hefði verið gaman ef íslenskt rauðgreni hefði verið með í tilrauninni.

„Hvað lerkí varðar þá kemur mér á óvart hversu stökkt það var og kom illa út miðað við annan við, en lerkí var samt áberandi fallegasti viðurinn.“

Allar þessar tegundir eru burðugar og munu áreiðanlega geta nýst hver á sinn hátt. Aðalatriðið er að sinna trjánum í skóginum framan af uppveiti og sjá til þess að þau verði einstofna og vaxi beint og uppkvita, að minnsta kosti þau sem eru álitleg að viðargæðum,“ segir Hlynur Gauti Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landsamtaka skógaréigenda.

/VH



Lerkíð reyndist stökkt og mesti álagspungi þess var 3,2 tonn.

styrk þessara ólíku viðartegunda og bera hann saman og að lokum voru tólf bitar límdir saman.

Einnig voru þrjú sambærilegir bitar límdir úr rauðgreni sem kemur frá Svíþjóð og er hefðbundið efni sem Límtré - Vírnet notar til límtrésframleiðslu. Þetta var gert til að fá samanburð á íslenska efninu og hefðbundnu efni til framleiðslu á límtré. Að lokum voru bitarnir brotnir hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og þar með prófað burðarþolið.

Álagsprófunin er fyrsta skrefið á áframhaldandi athugunum um hvort mögulegt sé að framleiða límtré úr íslenskum viði,“ segir Eiríkur.

Niðurstöður

Eiríkur segir niðurstöður álagsprófananna vera þær að sænska rauðgrenið sem notað var til viðmiðunar hafi komið best út. Hann segir að það hafi ekki komið á óvart, enda þekking og reynsla til marga ára á því að framleiða úr þessum viði. Styrkurinn reyndist bestur í öspinni af íslenska viðnum.

„Reynsla og þekking á því að framleiða límtré úr íslenskum viði



Búðu þig undir hauststörfin



K2 kuldagalli EN471 CL.3

Vnr. 9616 K2 2009

Vattfóðraður kuldagalli með cordura efni á álagsflötum. Rennilás á skálmum. Hægt að taka hettuna af. Litir: Gulur og appelsínugulur. Stærðir: XS-5XL.



Dunlop Purofort professional stígvél

Vnr. 9655 D460933

Þessi stígvél eru létt og með höggdeyfi í sóla. Endast vel og gott að þrifa þau. Litur: Grænn. Stærðir: 37-48.



Öryggisvesti HI VIS

Vnr. 9643 HVW801 VEST

Öryggisvesti með rennilás. Vottað samkvæmt sýnileikastaðli. Litur: Gulur.



Cofra hanskar Flexynit

Vnr. 7151 g007 k100

Nítrildýfðir, olíuþolnir hanskar. Henta vel fyrir ýmiskonar iðnað, verktaka o.fl. Stærðir: 9-11.



Regnjakki EN471 320 GR

Vnr. 5790 LR9055

Regnjakki vottaður samkvæmt sýnileikastaðli. Litir: Gulur og appelsínugulur. Stærðir: S-3XL.



Regnbuxur EN471 320GR

Vnr. 5790 LR9052

Regnbuxur vottaðar samkvæmt sýnileikastaðli. Litir: Gulur og appelsínugulur. Stærðir: S-3XL.

Verslanir N1 um land allt

Akureyri s. 440 1420 • Blönduós s. 440 1339 • Húsavík s. 440 1448
Höfn s. 478 1940 • Ísafjörður s. 456 3574 • Klettagarðar s. 440 1330
Ólafsvík s. 436 1581 • Patreksfjörður s. 456 1245 • Reyðarfjörður s. 474 1293
Reykjanesbær s. 421 4980 • Vestmannaeyjar s. 481 1127

Alltaf til staðar



FRÉTTIR

Fríverslunarsamningur EFTA við 264 milljóna manna markað Mercosur-ríkjanna í Suður-Ameríku:

Samið um aukið tollfrelsi en yfirgnæfandi hluti viðskipta Íslands hefur verið í formi innflutnings

– Markaðsaðgangur fyrir sjávarafurðir er þó sérstaklega mikilvægur að mati utanríkisráðherra

Samningar um fríverslun milli EFTA-ríkjanna fjögurra og aðildarríkja Mercosur, þ.e. Argentínu, Brasilíu, Úrúgvæ og Paragvæ, voru undirritaðir 23. ágúst síðastliðinn. Kemur þessi samningsundirritun í kjölfar undirritunar Mercosur-ríkjanna við Evrópusambandið 12. júlí.

Með samningi milli EFTA- og Mercosur-ríkjanna lækka tollar á bróðurpart þeirrar vöru sem flutt er út frá Íslandi. Nær allar sjávarafurðir sem Ísland flytur út munu njóta fulls tollfrelsis, sumar frá gildistöku samningsins en aðrar að loknum mislögum aðlögunartíma. Þarna fá EFTA-ríkin aukið aðgengi að tæplega 264 milljóna manna markaði í Suður-Ameríku.

Fram til þessa hefur útflutningur frá Íslandi til þessara ríkja þó verið hverfandi í samanburði við innflutning. Norðmenn hafa sömu leiðis verið með mjög óhagstæðan viðskiptajöfnuð við Mercosur-ríkin. Það eru einungis Svisslendingar sem frá 2002 hafa verið með langstærstan hluta sinna viðskipta við Mercosur í formi útflutnings. Enda eru Svisslendingar með afgerandi mestu viðskiptin við Mercosur af öllum EFTA-ríkjunum. Lichtenstein virðist hafa verið með sáralítill viðskipti við þessi lönd.

Segir samninginn sérlega mikilvægan

„Við höfum lagt mikla áherslu á að ljúka samningaviðræðum við Mercosur-ríkin og það er ánægjulegt að sá samningur sé nú í höfn. Markaðsaðgangur fyrir sjávarafurðir er sérstaklega mikilvægur fyrir okkur og hann eykst umtalsvert með þessum samningi,“ sagði Guðlaugur Þór í tilefni undirritunar samningsins.

„Ég tel að við getum verið mjög sátt við þennan samning, sérstaklega þar sem hann er ekki síðri en sá sem Mercosur hefur nýlega samið um við Evrópusambandið.“

Viðskipti Íslands og Mercosur eru talsverð. Á síðasta ári nam



Samninganefndir EFTA og Mercosur í Buenos Aires við undirskrift fríverslunarsamnings 23. ágúst síðastliðinn. Mynd / EFTA



Samtals 5.758 milljóna evra viðskipti

Samkvæmt gögnum af heimasíðu EFTA, þá námu heildarviðskipti þeirra ríkja við Mercosur-ríkin samtals 5.758 milljónum evra árið 2018, þ.e. bæði inn- og útflutningur. Þar af námu viðskipti Íslands 194 milljónum evra. Mest viðskipti voru þá við Brasilíu, eða 4.577 milljónir evra, og þar af voru heildarviðskipti Íslands og Mercosur 189 milljónir evra, að mestu innflutningur. Þá námu viðskipti EFTA við Argentínu samtals 855 milljónum evra, við Úrúgvæ námu viðskiptin 284 milljónum evra og 42 milljónum við Paragvæ.

Í heild hagstæður viðskiptajöfnuður EFTA-ríkjanna

Vöruskiptajöfnuður EFTA-ríkjanna við Mercosur-ríkin hefur alla tíð frá 2002 verið hagstæður. Þangað hefur verið flutt umtalsvert meira af vörum frá EFTA-ríkjunum en til baka. Þetta



Mercosur-löndin fjögur í Suður-Ameríku (dökkblá). Bólívia (ljósblá) bíður eftir að öðlast fulla aðild en Venesúela (blátt efst á myndinni) var rekið úr samtökunum.

vöruútflutningur til Mercosur um 1,5 milljörðum og vöruinnflutningur til Íslands frá ríkjunum Mercosur nam um 24 milljörðum. Í innflutningi til Íslands vegur áloxíð langþýngst en það er þegar tollfrjálst.



Brasilía og Argentína sjá mikla möguleika í aukinni sölu nautakjöts til Evrópu. Fréttir af eyðingu skóga á Amazon-svæðinu er einmitt náteynd stóruaknum umsvifum Brasilíumanna í nautgriparækt. Evrópusambandið gerði fríverslunarsamning við Mercosur-ríkin í júlí, en þeirri samningsgerð var harðlega mótmælt af Copa Coeca, samtökum bænda í Evrópu.



Evrópskir bændur hafa harðlega mótmælt fríverslunarsamningi ESB við Mercosur-löndin og telja að hann geti orðið þeirra banabiti.

á þó ekki við um Ísland, þar sem yfirgnæfandi hluti viðskiptanna hefur verið í formi innflutnings frá Mercosur-ríkjunum.

Mercosur-viðskiptabandalagið var stofnað 1991

Mercosur-viðskiptablokkinn var upphaflega stofnuð 1991 með samkomulagi Argentínu, Brasilíu, Úrúgvæ og Paragvæ. Var þetta endanlega frágengið 1994. Venesúela

gekk svo formlega inn í þennan hóp í júlí 2012, en var rekið þaðan út aftur 2017. Í desember 2012 var bókun um aðild Bólívu að Mercosur undirrituð. Þessi bókun bíður enn fullgildingar allra þjóðþinga í Mercosur-löndunum. Þá eru Chile, Columbia, Ekvador, Guyana, Peru, Surinam og Kanada líka með tengingu við Mercosur-ríkin, sem og Nýja-Sjáland og Mexíkó.

Viðræður við ESB hófust árið 2000

Evrópusambandið hóf viðræður um fríverslunarsamning við Mercosur-ríkin á árinu 2000. Gekk á ýmsu í þeim viðræðum, en í maí 2016 var settur verulegur kraftur í málið. Undanfarnin ár hafa þessar samningaviðræður vakið mikil mótæmi í Evrópu og hafa Copa Coeca, samtök evrópskra bænda, harðlega mótmælt þeim. Er það á þeim forsendum að mjög mikið misvægi sé á milli reglna við framleiðslu landbúnaðarafurða í Suður-Ameríku og í Evrópu. Því sé hætt á að ódyrt kjöt og aðrar afurðir sem mögulega standist ekki framleiðslukröfur sem evrópskir bændur þurfi að undirgangast, flæði yfir Evrópu. Það geti stórskadað landbúnað, t.d. í Frakklandi og Þýskalandi og víðar. /HK/

Segull 67 brugghús hlýtur umhverfisviðurkenninguna Bláskelina

– Framúrskarandi plastlaus lausn í notkun á björkippuhringjum

Þann 1. september veitti umhverfis- og auðlindaráðherra umhverfisviðurkenninguna Bláskelina fyrir framúrskarandi plastlaus lausn. Marteinn Haraldsson, einn eigenda Brugghússins Seguls 67, veitti viðurkenningunni viðtöku úr hendi Guðmundar Inga Guðbrandssyni ráðherra, á viðburði í Ráðhúsi Reykjavíkur um leið og átaksverkefnið Plastlaus september var sett.

Í tilkynningu úr ráðuneytinu kemur fram að sú lausn Seguls 67 að nýta björkippuhringi úr lífrænum efnum í stað plasts væri framúrskarandi. „Í rökstuðningi nefndarinnar kemur fram að hún hefði lagt áherslu á að lausnin hefði möguleika á að komast í almenna notkun og að nýnæmi lausnarinnar hér á landi hefði vegið þungt. Ef fleiri framleiðendur myndu nota



Marteinn Haraldsson, einn eigenda Seguls 67 brugghúss, tekur við viðurkenningunni úr hendi Guðmundar Inga Guðbrandssonar umhverfis- og auðlindaráðherra í Ráðhúsi Reykjavíkur. Mynd / Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

lífræna kippuhringi í stað plasts myndi það ekki einungis skila sér í minni plastnotkun og -mengun heldur einnig auka meðvitund í samfélaginu um óþarfa plastnotkun. Á síðasta ári voru 15 milljónir lítra af bjór í áldósum seldir hérlendis og 75% þeirra eru íslensk framleiðsla,“ segir í tilkynningunni.

Hluti aðgerða gegn neikvæðum áhrifum plasts

Bláskelinn er hluti af aðgerðum umhverfis- og auðlindaráðherra til að draga úr neikvæðum áhrifum plastnotkunar. Henni er ætlað að draga fram það sem vel er gert og hvetja til nýsköpunar. Í úthlutunarnefnd sitja fulltrúar frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Plastlausum september og Umhverfisstofnun.

Kallað var í sumarbyrjun eftir

/smh

VOTTADIR HÁGÆÐA
VARAHLUTIR
SÍÐAN 1962



VARAHLUTIR OG BÍLAVÖRUR Í HÆSTA GÆÐAFLOKKI

Rekstrar-
vörur



Bón og
hreinsivörur



Garða- og
tómstundakerrur
frá:
149.900 kr.



7 verslanir um land allt

Bílanaust

Á FULLRI FERÐ

Sími 535 9000

Skoðaðu vöruúrvalið á www.bilanaust.is

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargötu 52
230 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is

FRÉTTIR

Innflutningsbann á hundum frá Noregi vegna sjúkdóms

Í tilkynningu frá Matvælastofnun segir að borist hafi fréttir af alvarlegum veikindum af óþekktum orsökum í hundum í Noregi. Talsverður fjöldi hunda hefur veikst og samkvæmt síðustu upplýsingum er talið að á annan tug hunda hafi drepist en þeir gætu verið fleiri.

Matvælastofnun hefur tekið ákvörðun um að heimila ekki innflutning hunda frá Noregi þar til nánari upplýsingar um orsök veikindanna liggja fyrir.

Samkvæmt frétt NRK í Noregi sl. sunnudag höfðu þá hundar í 14 fylkjum þegar veikst. Fjögur nýjustu tilfellin voru í Møre, Romsdal, Vestfold, Buskerud og Nordland og var þá þegar búið að aflífa einn þeirra hunda, en annar hafði drepist af sjúkdómnum. Á milli 500.000 og 600.000 hundar eru taldir vera í Noregi.

Blóðug uppköst og niðurgangur

Helstu einkenni sjúkdómsins eru blóðug uppköst og niðurgangur. Norska dýraheilbrigðisstofnunin ásamt norskum matvælastofnuninni (Mattilsynet) vinnur nú að greiningu í samráði við dýralæknaháskólann í Noregi og þá dýraspítala sem hafa haft veita hunda til meðhöndlunar. Fjöldi sýna hefur verið tekinn til rannsóknar og fjórir hundar hafa verið krufnir. Flest tilfellin hafa komið upp í Ósló og nágrenni.

Um er að ræða mjög bráð veikindi sem dregur hundana til dauða á

u.þ.b. sólarhring, jafnvel þrátt fyrir mikla meðhöndlun. Þó eru dæmi um hunda sem sýna vægari einkenni og virðast hafa komist yfir veikindin.

Grunur beinist að smitefnum svo sem veirum og bakteríum en þegar er búið að útiloka rottueitur og smit af völdum salmonellu en hvort tveggja getur valdið einkennum sem hér um ræðir. Engin merki eru um að eitrad hafi verið fyrir hundunum. Ekki hefur verið útilokað að orsökina sé að finna í umhverfisþáttum eins og fóðri, hundanæmi og slíku, en ekkert bendir heldur til þess. Verið er að afla upplýsinga hjá eigendum þeirra hunda sem veikst hafa.

Norska matvælastofnunin mælir með að hundaeigendur haldi hundum sínum aðskildum frá öðrum hundum og nú þegar hefur fjöldi námskeiða, móta, sýninga og annarra samkoma þar sem hundar koma við sögu verið aflýst í Noregi. Hundaræktarfélagin í Svíþjóð og Danmörku hafa bannað þátttöku hunda frá Noregi á sýningum, keppnum o.fl.

Engar upplýsingar um orsök sjúkdómsins

Matvælastofnun hefur upplýst innflytjendur sem hugðu á innflutning hunda frá Noregi í næstu viku um ofangreinda ákvörðun. Þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um orsök sjúkdómsins né heldur meðgöngutíma hans þá er lítið svo á að áhættan af innflutningi hunda frá Noregi á þessari stundu sé óásættanleg. /MAST/HK.

Bláskógabyggð:

Fimm tilboð bástur í ljósleiðaravæðingu

Nýlega voru opnuð tilboð hjá Verkfræðistofnunni Eflu á Selfossi í ljósleiðaravæðingu Bláskóga-byggðar.

Framkvæmdir hefjast í haust og á þeim að vera lokið um miðjan október 2020, sem sagt eitthvert ári í verkátíma. Reiknað er með um 250 tengistöðum, heimili, fyrirtæki o.fl. Eftirfarandi tilboð bástur í verkið;

- SH leiðarinn 210.886.304 kr.
- Jón Ingileifsson ehf. 247.729.804 kr.
- BD vélar ehf og Ketilbjörn ehf. 296.963.343 kr.
- Þjóttandi ehf. 232.528.644 kr.
- Austfirskir verktakar ehf. 363.518.945 kr.

Kostnaðaráætlun verksins hljóðar upp á 265.807.516 krónur. /MHH



Í sumum grunnskólum í Norðurþingi er rík hefð fyrir samstarfi við bændur og ræktendur á nærsvæði skólanna. Á myndinni er Óxarfjarðarskóli.

V-listi Vinstri grænna og óháðra í Norðurþingi: Ekki á stefnuskránni að draga úr neyslu kjöts í skólamötuneytum

V-listi Vinstri grænna og óháðra í Norðurþingi hefur ekki á stefnuskrá sinni að leggja til samdrátt á neyslu kjötvara í skólamötuneytum sveitarfélagsins. Þetta taka fulltrúar listans fram í tilkynningu á Facebook-síðu sinni og að gefnu tilefni.

Miklar umræður hafa undanfarið verið um skólamötuneyti en grænkerar á Íslandi hafa sent sveitarfélögum áskorun og beint því til þeirra að draga úr kjötmálföldum. Fram kemur í tilkynningu Vinstri grænna í Norðurþingi að almennt hafi rekstur skólamötuneyta í Norðurþingi gengið vel undanfarin ár og í sumum þeirra sé rík hefð fyrir samstarfi við bændur og ræktendur á

nærsvæði skólanna um öflun fyrsta flokks fæðis til matargerðar.

Skoda möguleika á úrbótum

Einnig kemur fram í tilkynningunni að V-listinn í Norðurþingi muni á næstunni taka til umræðu á sínum vettvangi möguleika til frekari úrbóta og þá til að mynda með því að draga úr notkun og innkaupum matvæla sem útheimta flutning um langan veg. Einnig verði horft til þess að auka notkun og innkaup matvæla sem fánleg eru og framleidd á umhverfisvænan og mannúðlegan máta í nágrenni skólanna. V-listafólk vill enn fremur draga úr matarsóun og tryggja valkosti fyrir ólíkar þarfir og óskir fjölskyldna/nemenda. /MPÞ



Framtíðartækifæri íslensks landbúnaðar liggja m.a. í eflingu ræktunar. Framleiðnisjóður hefur á undanförunum áratugum stutt ótulllega við þróun kornræktar á Íslandi. Mynd / Framleiðnisjóðu

Framleiðnisjóður landbúnaðarins mun brátt heyra sögunni til

— á að sameinast nýjum Matvælasjóði ef frumvarp nær fram að ganga

Í meira en hálfa öld hefur Framleiðnisjóður landbúnaðarins verið nýsköpunar- og framfarasjóður greinarinnar. Hann kann brátt að heyra sögunni til verði frumvarp sem nú er í smíðum að veruleika á haustþinginu.

Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til nýsköpunar og þróunar í landbúnaði á Íslandi og eru verkefni, sem notið hafa stuðnings, afar fjölbreytt. Sjóðurinn styrkir hagnýt rannsókn- og þróunarverkefni á vegum stofnana, félaga og annarra aðila innan þróunargeirans, ýmis fræðslutengd verkefni, sem og verkefni á vegum bænda sem lúta að nýsköpun og þróun á bújörðum. Um fjármuni til Framleiðnisjóðs er samið í rammasamningi Bændasamtaka Íslands og ríkisins.

Nýr Matvælasjóður

Nú er í smíðum lagafrumvarp í atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytinu er varðar stofnun nýs Matvælasjóðs. Hinum nýja sjóði er ætlað að taka til starfa 1. janúar 2021. Gert er ráð fyrir að Framleiðnisjóður renni inn í þennan nýja sjóð og að árið 2020 verði því síðasta starfsár sjóðsins. Framleiðnisjóður annast í dag umsýslu með Þróunarfélagið bágrennanna og Markaðssjóði sauðfjárafurða, en ekki er gert ráð fyrir að þeir fjármunir falli undir hinn nýja Matvælasjóð.

Ekki er ljóst hvaða aðila verður falin umsýsla með styrkveitingum af Þróunarfélagi og úr Markaðssjóði, eftir

að Framleiðnisjóður verður lagður niður.

Stefnt er að því að leggja fram frumvarp um Matvælasjóð nú á haustþingi. Einnig stendur til að vinna að stefnumótun fyrir hinn nýja sjóð. Frumvarpið hefur ekki verið gert opinbert og því liggur ekki fyrir hverjar verkefnaáherslur hins nýja sjóðs verða.

Mikilvægt að áherslur verði kynntar sem fyrst

Að sögn Elínar Aradóttur, formanns stjórns Framleiðnisjóðs, er enn ekki ljóst hvort allir þeir verkefnaflokkar og/eða efnissvið sem notið hafa stuðnings Framleiðnisjóðs falli undir verksvið hins nýja Matvælasjóðs. Stjórn Framleiðnisjóðs hefur nokkrar áhyggjur af því að t.d. hagnýt rannsókn- og þróunarverkefni m.a. á sviði skógræktar og landnytja, ýmis verkefni sem tengjast framþróun ráðgjafarþjónustu fyrir bændur og margvísleg fræðslutengd verkefni muni mögulega ekki verða á starfssviði sjóðsins.

„Framleiðnisjóður hefur einnig um árábil gegnt mikilvægu hlutverki í byggðalegu samhengi, sér í lagi í tengslum við styrkveitingar til nýsköpunarverkefna á vegum bænda. Innan þessa verkefnaflokks eru margvísleg atvinnuskapandi verkefni sem mörg hver hafa lítið með matvæli að gera, en uppbygging margvíslegrar ferðþjónustu er þar langalgengasta viðfangsefnið,“ segir Elín.

Hún leggur áherslu á að í ljósi þess hversu fjölbreytt verkefni hafa notið stuðnings hjá Framleiðnisjóði sé mikilvægt að sem fyrst verði upplýst um áherslur hins nýja sjóðs, svo ólíkir hagsmunaaðilar geti kynnt sér málið og aðlagð sig að breyttu stuðningsumhverfi.

„Leita þarf allra leiða til að aðgengi að fjármagni til mikilvægs þróunarstarfs í greininni verði áfram tryggt,“ bætir Elín við.

Starfið með hefðbundnu sniði 2020

Forsvarsaðilar Framleiðnisjóðs eru nú að undirbúa starf sjóðsins árið 2020, en meginhluti starfsins fer fram fyrri hluta árs. Stefnt er að því að áherslur og tímasetningar umsóknarfresta verði með svipuðum hætti og á árinu 2019.

Umsóknarfrestur fyrir rannsókn- og þróunarverkefni á vegum stofnana, félaga og annarra aðila innan þróunargeirans verði um miðjan nóvember 2019, en auglýst verður eftir styrkumsóknum með fyrirvara um fjárveitingar Alþingis á fjárlögum 2020.

Líkt og undanfarin ár er stefnt að því að afgreiða umsóknir um styrki til rannsókn- og þróunarverkefna í lok febrúar á nýju ári.

Umsóknarfrestur um styrki til nýsköpunarverkefna á bújörðum á vegum bænda verður væntanlega undir lok janúar 2020 og stefnt að því að ljúka afgreiðslu í byrjun apríl. /HK.

Sveitarstjórnir Skagabyggðar og Skagastrandar:

Mótmæla lögbvinguðum sameiningum

Sveitarstjórn Skagabyggðar hefur sent frá sér ályktun þar sem hún mótmælir harðlega öllum hugmyndum um lögbvingaðar sameiningar sveitarfélaga á Íslandi og hvetur ráðamenn til að virða hagsmunum íbúa og sjálfsákvörðunarrétt í eigin málefnum.

Þetta kemur fram í umsögn sem sveitarstjórn hefur gert við tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Þar segir einnig að sameining sveitarfélaga verði að gerast á forsendum þeirra sem um ræðir en ekki með valdboðum að ofan.



Frá Skagaströnd.

Mynd /HK.

Umsögnin er í takt við bókun sveitarstjórnar Skagastrandar frá því í ágúst síðastliðnum. Skagastrendingar bentu þar á að sameining sveitarfélaga gæti verið bæði ákjósanleg og skynsamleg en hún þyfti að gerast

á forsendum þeirra sem þátt tækju. Samkvæmt Hagstofu Íslands búa 95 í Skagabyggð og hefur íbúum fjölgað um sjö frá 1. desember 2018. Íbúafjöldi á Skagaströnd er 473 og hefur fjölgað um 14 síðastliðna tíu mánuði. /MPÞ



Íslenskt birki.

Mynd / VH

Ráðstefna um framtíð skóga:

Heilsufar gróðurs á Norðurlöndum

Margs konar skaðvaldar geta herjað á skóga og valdið miklum búsifjum sé ekki brugðist rétt við þeim. Á ráðstefnu NordGen Forest sem haldin verður á Hótel Örsk dagana 17.–18. september næstkomandi verður lögð áhersla á að skoða þessa skaðvalda.

Á ráðstefnunni verður meðal annars fjallað um:



Skógurinn í Vífilstaðahlíð.

Mynd / HKr.

- Loftslag og útbreiðslu skógarskaðvalda með sérstaka áherslu á plöntuframleiðslu.
- Núverandi stöðu heilsu gróðurs á Norðurlöndunum.
- Aðgerðir til að draga úr landnámi nýrra meindýra og aðgerðir til að uppræta nýja skaðvalda.
- Hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga á skógarskaðvalda og timburframleiðslu á Norðurlöndunum

Hluti af ráðstefnunni eru heimsóknir í jarðhitaskóga í Reykjum, Friðheimum og skoðunarferð á Hekluslóðir.

NH

70 ára afmæli Skógasafns

Í ár eru liðin 70 ár frá stofnun Skógasafns og Héraðsskólans í Skógum. Þessum merku tímamótum verður fagnað 15. september næstkomandi í Skógaskóla klukkan 15:00. Skógasafn er á meðal elstu byggðasafna landsins og telur safnkosturinn nú um 18 þúsund muni.

Dagskrá

Sönghópurinn Öðlingar flytja nokkur lög
Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra setur hátíðina í Skógaskóla klukkan 15:00.

Ávörp flytja:

Ingvar P. Guðbjörnsson formaður stjórnar Skógasafns
Andri Guðmundsson forstöðumaður Skógasafns
Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður
Anton Kári Halldórsson formaður Héraðsnefndar Rangárvallasýslu
Eva Björk Harðardóttir formaður Héraðsnefndar Vestur-Skaftafellssýslu
Smári Ólason rannsakandi og starfsmaður Skógasafns
Þórður Tómasson fyrrum safnstjóri Skógasafns

Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra opnar nýja sýningu um 70 ára sögu Skógasafns og Skógaskóla í Samgöngusafninu

Tónlistaratriði frá Valborgu Ólafs

Kaffiveitingar í Skógakaffi

Fornbílaklúbbur Íslands verður með fornbíla til sýnis

Formlegri dagskrá lýkur klukkan 18:00
Hátíðin er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands
Verið velkomin í 70 ára afmælisveislu Skógasafns.

can-am



**TÆKI SEM ÞÚ
GETUR TREYST Á**



**TRAXTER
HD5 4X4**

VERÐ ÁN VSK
1.930.000 .KR

VERÐ MEÐ VSK
2.390.000 .KR



**OUTLANDER
650 FB 6X6**

VERÐ ÁN VSK
2.250.000 .KR

VERÐ MEÐ VSK
2.790.000 .KR

ELLINGSEN

FÍSKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 590 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

BRP@ELLINGSEN.IS

HLUNNINDI & VEIÐI

Strekktar línur í Hauku

Fátt gleður veiðimenn meira en heyra hvína í veiðihjólinu og finna línuna strekkjast. Meðlimir veiðiklúbbsins „Strekktar línur“ eru þar engin undantekning en klúbbinn skipa 10 konur sem hafa mismikla veiðireynslu en eiga veiðihugann sameiginlegan.

Hópurinn var við veiðar í Haukadalsá í Dölum á dögunum en „Hauka“ er af mörgum talin ein fallegasta veiðiá landsins. Fjölbreytni árinna dregur margan veiðimanninn að en á tiltölulega stuttu svæði má finna allt frá lyngnum hylnum til stórgrýttu breiða.

Það eru engar fréttir fyrir veiðimenn að veiðisumarið í ár hefur verið með lélegri móti, sérstaklega framan af. Það gladdi því veiðikonur í Strekkum línunum að vikuna fyrir veiðiferðina rigndi töluvert og áin því mun vatnsmeiri en hún hafði verið og skilyrði því nokkuð góð miðað við hvað verið hafði framan af.

Nægur fiskur var í ánni og lá hann víða, sérstaklega í Neðri-Brúarstreng og Steinboga en einnig sást nokkuð af fiski í Kvörninni, Lalla og Blóta, svo nokkrir veiðistaðir séu nefndir.

Það reyndist hins vegar þrautin þyngri að fá hann til að taka. Þó komu nokkrir laxar á land. Tveir



Kristin Edwald með lax úr Haukadalsá í Dölum en hún var í hópi skemmtilegra veiðikvenna fyrir skömmu.

tóku í Blóta, einn í Kvörninni og einn í Neðri-Brúarstreng. Fimm til viðbótar tóku en tókst ekki að landa og voru þeir auðvitað miklu stærri en þeir sem komu á land!

Þeir sem á land komu voru ágætir fiskar, á bilinu 58–64 sentimetrar og tóku Sunray, Svarta Frances, Rauða Frances og Green Braham.

Þrátt fyrir að veiðin hefði mátt vera meiri var hópurinn sammála um það að Hauka væri hin skemmtilegasta veiðiá og ekkert annað að gera en að koma aftur að ári og sækja þá stóru sem sluppu í þetta skiptið.

Aldrei veiðst fleiri hnúðlaxar

Í sumar hafa aldrei veiðst fleiri hnúðlaxar í veiðiánum og á þetta við um allt landið sem þessi fiskur hefur veiðst, við erum að tala um næstum 100 hnúðlaxa og þetta er í ám hringinn í kringum landið.

Það sem af er veiðitímanum hafa veiðst líka um 100 hnúðlaxar á nokkrum stöðum hérlandis, en fræðimenn telja flestir líkur á að hnúðlax, sem á uppruna sinn í Kyrrahafinu, hafi numið land á Íslandi.

„Já, við fengum fiskinn á Flóðatanganum í Norðurá, neðst við ármótin,“ sagði Úlfar og hélt áfram: „Við fengum þennan og annan lax og tvo sjóbirtunga. Við urðum ekki varir við annan hnúðlaxinn, hinn laxinn var orginal. Hnúðlaxinn tók Rauða Frances,“ sagði Úlfar enn fremur. Þetta var fyrr í sumar sem



Úlfar Reynisson með hnúðlaxinn úr Hvítá.

Úlfar veiddi þennan og síðan hafa veiðst margir í mörgum veiðiám landsins.

Einhverjir hafa eldað fiskinn og fundist hann ágætur til átu. Fyrir nokkrum árum veiddist hellingur af flundru en henni hefur fækkað verulega, þá tekur bara eitthvað annað við.



Fallegt er í Flókadalsá við Flókadalsvatnið.

Mynd / María Gunnarsdóttir

Mikið af bleikju í Flókadalsá í Fljótum



Gunnar Bender

gunnarbender@gmail.com

„Þetta var meiri háttar gaman, bleikjan tekur fluguna grímt hérna í Flókadalsá,“ sagði María Gunnarsdóttir, sem setti í hverja bleikju á fætur annarri fyrir skömmu.

Flestar bleikjurnar tóku fluguna „Krókinn“, sem Gylfi heitinn Kristjánsson hannaði, en hann hnýtti margar góðar silungaflugur sem hafa gefið vel.

Parna veiddi María, sem ekki hafði veitt mikið á flugu, um 20 silunga en sleppti þeim flestum aftur í ána. Enda bleikjan fiskur sem þarf að fara varlega með. Það er ekki það mikið af henni í veiðiánum og henni fer fækkandi með hverju árinu.

Besta dæmið er fækkun bleikjunnar í Hvítá í Borgarfirði þar sem veiddust um 4.000 þegar best lét, en núna veiðast aðeins örfáar. Það er af sem áður var.

Við erum í Fljótunum og þar er hellingur af bleikju, hylur 7 telur líklega um 150 bleikjur og þær taka grímt fluguna.

María losar úr bleikju og sleppir henni aftur, hún hefur allt í einu fengið áhuga á öðru. Gæsaþópur



María Gunnarsdóttir með flottar bleikjur úr Efri-Flókadalsá.

Mynd / G.Bender

kemur og flýgur rétt hjá. Henni finnst skotveiði líka skemmtileg eins og veiðin, það er veiði á ýmsum stígum hérna í Flókadalsá. Hér er ýmislegt í boði fyrir veiðimenn en núna er maður bara að veiða bleikjuna. Veiðisvæðið er skemmtilegt þarna, fiskurinn er

fyrir hendi og veiðimenn una hag sínun á bökkum árinna.

En það er farið að hausta, bleikjan verður tregari með hverjum deginum en það getur líka verið skemmtilegt að reyna fleiri flugur og smærri. Flókadalurinn hefur ýmislegt að geyma.

Flókadalsá

Efri-Flókadalsá í Fljótum hefur verið að gefa feiknaveiði í sumar og núna eru komnar 1.400 bleikjur. Við vorum á bakkanum fyrir skömmu og köstuðum fyrir bleikjuna þar. Þetta frábæra sjóbleikjusvæði er 3ja stanga svæði og hefur veiðin þar síðastliðin ár verið mjög góð.

Sjóbleikja veiðist nær eingöngu á svæðinu, þó svo að lax og urriði slæðist líka upp á vatnasvæðið. Svæðið nær frá Flókadalsvatni og fram að afréttargirðingu, en umhverfi hennar þykir friðsælt og er áin nokkuð vatnsmikil.

Kvóti er 8 bleikjur á vakt á hverja stöng, en urriði er fyrir utan kvótann. Mesta veiði á öllu vatnasvæðinu var 2004 en þá veiddust 2.874 bleikjur.

Síðastliðin ár hefur veiðin verið ágæt á þær 3 stangir sem veiða í efri ánni og hefur meðalveiðin verið í kringum 550 bleikjur á því svæði.

KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR



KLEFAR

Kæli- & frystiklefar í miklu úrvali.

Vottaðir gæðaklefar með mikla reynslu á Íslandi. Einfaldir í uppsetningu.

HILLUR

fyrir kæli- & frystiklefa.

Mikið úrval og auðvelt að setja saman. Sérhannaðar fyrir matvæli.



Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is

Góð veiði í Eyjafjarðará

„Við byrjuðum daginn á Ármótabreiðu og þar landaði ég strax fiskum, einn 64 sentimetra og annar minni,“ sagði Benjamín Þorri Bergsson.

Hann var að veiða í Eyjafjarðará fyrr í sumar en veiðin hefur verið góð þar og veiðimenn verið að fá flottar bleikjur og góða sjóbirtunga líka og Benjamín heldur áfram:

„Síðan færðum við okkur á stað sem heitir Tjaldbakkar en þar eru nokkrir hyljir sem geyma oft mikið af stórra bleikju og skömmu seinna missti ég vænan fisk en var ekkert að svekkja mig á því. Ég var staðráðinn í að landa fiski þarna og ekki leið á löngu áður en ég setti í og landaði stærstu bleikju sem ég hef náð. Þetta var 69 sentimetra hængur sem vó 7,5 pund og tók Krókinn númer 14.

Þegar líða fór á daginn færðum við okkur neðst á svæðið en félagar mínir áttu enn eftir að landa fiski þennan dag en strax í öðru kasti niðri á Teljarabreiðu tók flott bleikja „Phesent tail“ hjá Ívari.

Við Eyþór fengum líka tvær flottar bleikjur og enduðum við fyrri vaktina með sex fiska á land en aðeins einn slapp. Seinni vaktin



Flott bleikja komin á land í Eyjafjarðará.

beið okkur svo og það þurfti ekki að spyrja að því að hann var á hjá Ívari eftir örfáar mínútur. Á land kom flott 60 sentimetra hrygna sem var sleppt að myndatöku lokinni. Við settum í og lönduðum hátt í 10 fiskum neðst á svæðinu enda mikið af fiski á þessum flotta stað sem er kallaður Teljarastrengur.

Þegar vaktin var að verða

hálfnuð færðum við okkur aftur upp á Tjaldbakka og þar landaði Eyþór þriðju stórbleikju dagsins en hún vó 7 pund og mældist 66 cm. Við kláruðum svo þennan flotta og ævintýralega dag á þessu æðislega svæði niður í Teljarastreng. Lokatölur voru eitthvað í kringum 20 fiskar á land,“ sagði Benjamín enn fremur.

Kassar með góðri öndun undir kartöflur og grænmeti



Þeir eru niðurfellanlegir og taka þá 1/3 af plássí í hæð. Þeir eru úr PEHD plastefni, gæðavottuðu fyrir matvæli.

Stærð 1,0 m x 1,2 m (utanmál)
Hæð innanmál: 0,6 m (fleiri hæðir í boði)
Burðargeta 750 kg.

Við erum að safna í pöntun sem verður gerð fljótlega. Erum líka að vinna í að finna góða kassa úr timbri.

Hákonarson ehf. s. 892-4163 netfang: hak@hak.is

Bændablaðið
á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)



Minnt á breyttan umsóknarfrest jarðræktarstyrkja og landgreiðslna

Matvælastofnun minnir bændur á breyttan umsóknarfrest jarðræktarstyrkja og landgreiðslna, en umsóknarfresturinn er 1. október nk., og verður hann ekki framlengdur.

Opið er fyrir rafrænar umsóknir um jarðræktarstyrki og landgreiðslur vegna framkvæmda á yfirstandandi ári á Bændatorginu.

Framleiðendur sem uppfylla skilyrði 3. gr. reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018 geta sótt um jarðræktarstyrk og landgreiðslur. Skilyrði fyrir veitingu stuðnings eru **fullnægjandi skil á skýrsluhaldi í Jörð** (www.jord.is) skv. 13. gr. sömu reglugerðar.

Nánari upplýsingar um jarðræktarstyrki og landgreiðslur má finna í III. KAFLA reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 1260/2018.



Nemi í mjólkuriðn

Mjólkursamsalan í Búðardal óskar eftir að ráða starfsmann sem hefur áhuga á að læra mjólkuriðn

Námið er iðnnám, tekur þrjú ár og hentar báðum kynjum. Bóklegur þáttur þess og hluti af verknámi fer fram í Danmörku.


Æskilegt er að viðkomandi sé búsettur í Dalabyggð og starfi þar að loknu námi.

Nánari upplýsingar veitir Lúðvík Hermannsson rekstrarstjóri í síma 664 1641.

Mjólkursamsalan er í eigu kúabænda um allt land. Hlutverk félagsins er að taka við mjólk frá kúabændum og framleiða afurðir í takt við þarfir markaðarins. Félagið heldur úti öflugum söfnunar- og dreifikerfi sem tryggir landsmönnum aðgang að ferskum mjólkurvörum. Hjá Mjólkursamsölnni starfa um 450 starfsmenn á fimm starfsstöðvum um landið.



www.ms.is



www.vorukaup.is/varmadaelur

VARMADÆLUR FYRIR UPPHITUN Á STÓRU HÚSNÆÐI MEÐ ÓHREINU OG RYKUGU LOFTI

WDH HITABLÁSARI FYRIR VARMADÆLUR

- 4 mm finnu bil, engin sía, minna viðhald
- Stærðir frá 8-31,5 kW
- Hentar vel fyrir verkstæði, hesthús, iðnaðarhúsnæði og vörugæmslur.
- Þéttleiki IP 44
- Góð nýtni

561-2666 ☎

#Hágæðavarmadælur

vorukaup@vorukaup.is ✉

VK vörukaup

STEEKUR Túlípanar

Túlípanar eru til í mörgum stærðum, gerðum og litum og þeir eru margbreytilegir hvað varðar blómlögun og blómgunartíma. Árið 1996 var þeim skipt í 15 deildir eða flokka í samræmi við þennan breytileika. Deildir 12 til 15 eru það sem kallast bótanískir túlípanar en það eru túlípanar sem hafa verið lítið framræktaðir og líkjast því villtum túlípönum eins og þeir finnast í náttúrunni.

1. Ártúlípanar sem eru einfaldir og snemtblómstrandi, í byrjun maí. Blómin klukku- eða skálalaga. Stöngullinn milli 20 og 30 sentímetra há. Harðgerðir og standa lengi.

2. Ártúlípanar sem eru ofkrýndir og snemtblómstrandi, um miðjan maí. Stöngullinn 30 til 40 sentímetra há. Fremur viðkvæmir.

3. Tromptúlípanar. Snemtblómstrandi, í lok maí, stöngullinn 45 sentímetra há.

4. Kjörtúlípanar eða Darwinstúlípanar eru mjög harðgerðir, stöngullinn 60 sentímetra há. Blómgast í byrjun júní. Líklega algengust túlípanarnir hér á landi.

5. Síðtúlípanar eru einfaldir og síðblómstrandi. Stundum kallaðir kotatúlípanar. Allt að 60 sentímetra háir. Blómgast í lok júní og byrjun júlí.

6. Liljutúlípanar. Upphaflega flokkaðir sem kotatúlípanar en settir sem sérdeild 1958. Stöngullinn 30 til 60 sentímetra há. Blómbliðin hvöss og blómlögunin svipuð og hjá gömlum tyrkneskum túlípönum. Blómgast í lok júní og byrjun júlí.

7. Kögurtúlípanar. Stöngullinn 30 til 45 sentímetra há. Krónubliðin kögruð á jöðrunum. eru komnir af kotatúlípönum og blómgast um sama leyti.

8. Grænbliða. Stöngullinn stinnur, 30 til 60 sentímetra há. Blómbliðin með grænni sliki. Blómgast fremur seint í júlílok en standa mjög lengi.

9. Rembrandt-túlípanar voru vinsælir í eina tíð en fremur sjaldséðir nú til dags. Blómin oft marglit vegna vírusýkingar sem herjaði á laukinn. Mest ræktaðir af söfnurum og yfirleitt ekki í almennri sölu.

10. Páfagaukstúlípanar. Blómhnappurinn líkist páfagauksnefi og krónubliðin kurlast í allar áttir eins og fjaðraskaut. Stöngullinn 40 til 60 sentímetra há. Stökkbreytingar frá ýmsum síð- eða kotatúlípönum, en blómgast ögn síðar.

11. Bóndarósatúlípanar eða fylltir síðtúlípanar, ofkrýndir og síðblómstrandi. Viðkvæmir og með blómum sem minna á blóm bóndarósarinnar. 30 til 60 sentímetra háir. Blómgast í júlí. Þurfa gott skjól eða stuðning, blómin vilja slitna af í vindi.

12. Kaupmannatúlípanar eru bótanískir túlípanar. Blómið einfalt og opnar sig vel. Stöngullinn 15 til 30 sentímetra há. Blómgast í apríl og maí.

13. Eldtúlípanar eru bótanískir túlípanar. Upphaflega víxlfrjóvgun milli kaupmanna- og dílatúlípana. Lágvaxnir, 20 til 45 sentímetrar. Blóðin grá- og gljágrenn að lit. Blómgast í maí og júní.

14. Dílatúlípanar eru bótanískir túlípanar. Snemtblómstrandi. Stöngullinn 20 til 30 sentímetra há. Blómgast í maí.

15. Villitúlípanar eru ýmsar bótanískar smávaxnar tegundir. Harðgerðir en lágvaxnir, stöngullinn 10 til 30 sentímetrar á hæð. Fljótt að aðlaga sig og henta í sumarbústaðalönd. /VH

LÍF & STARF

Sigurður Laufdal, yfirmatreiðslumaður á Grillinu, fer í annað sinn í Bocuse d'Or:

Stefnir hátt með reynslubankann og gott bakland í farteskinu

– Byr að reynslu af samstarfi við sigurvegara keppinnar á þriggja stjörnu Michelin-stað í Kaupmannahöfn

Nú í september fer markviss undirbúningur í gang hjá Sigurði Kristni Laufdal Haraldssyni, yfirmatreiðslumanns á Grillinu á Hótel Sögu, vegna Evrópukeppni Bocuse d'Or sem haldin verður í Eistlandi í júní á næsta ári. Hann telur að langt undirbúningstímabil, sem hann nýtur þess að hafa, geti gert gæfumuninn í keppninni.

Evrópukeppni Bocuse d'Or er einnig undankeppni fyrir stóru keppnina, sjálfa Bocuse d'Or, sem hefur verið kölluð óopinber heimsmeistarakeppni matreiðslumeistara og haldin er í Lyon í Frakklandi annað hvert ár. Til að komast í gegnum Evrópukeppnina – og inn í stóru keppnina – telur Sigurður að hann þurfi að vera meðal þeirra tíu bestu í Evrópu. Hann setur hins vegar markið hátt og stefnir á verðlaunapallinn í Evrópukeppninni.

Keppir í annað sinn

Þetta verður í annað skipti sem Sigurður tekur þátt í keppninni, en áður hefur Ragnar Ómarsson tekið tvisvar þátt fyrir Íslands hönd (2005 og 2009). Sigurður náði besta árangri Íslands í forkeppi Bocuse d'Or árið 2012 þegar hann náði 4. sæti og fékk verðlaun fyrir besta fiskréttinn.

Íslendingarnir hafa jafnan náð góðum árangri í keppnunum, oftast verið í efri hlutanum frá árinu 1999, þegar Sturla Birgisson keppti í fyrsta sinn í Bocuse d'Or fyrir Íslands hönd og náði fimmta sæti í aðalkeppninni. Bestum árangri Íslendinga hafa náð þeir Hákon Már Örvarsson árið 2001 og Viktor Örn Andrésen árið 2017, en báðir náðu þeir í bronsverðlaun.

Yngstur keppenda

Sigurður tryggði sér þátttöku að þessu sinni með sigri í einvígi við Sindra Guðbrand Sigurðsson, sem starfar á veitingastaðnum Silfru á Nesjavöllum.

„Já, ég var alltaf með það bak við eyrað að mig langaði til að fara aftur eftir fyrra skiptið,“ segir



Sigurður Laufdal stendur yfir pottunum á Grillinu, með fallega rabarbarastilka í lúkunni.

Mynd / smh

Sigurður. „Ég var það ungur þegar ég fór í fyrra skiptið árið 2012 og 2013, var 23 ára og líklega yngstur þeirra Íslendinga sem hafa farið í keppnina. Reyndar var ég yngstur allra keppenda í þessum tveimur keppnum; Evrópukeppninni og svo stóru aðalkeppninni. Ég rétt slapp inn fyrir aldurstakmarkið þegar ég tók þátt í fyrri keppninni, sem er einmitt 23 ára aldurinn.“

Ákvörðunin þá var tekin með mjög stuttum fyrirvara. Ég hafði auðvitað hugsað um það að það væri gaman að fá að taka þátt einhvern tíma, en þegar þetta stóð til boða þótt fyrirvarinn væri stuttur ákvað ég bara að kyla á þetta og fara þetta á áhuganum og drifkraftinum. Núna er ég miklu betur undirbúinn fyrir þetta; bæði andlega og svo er svigrúmið mun meira og betra.

Það er auðvitað mikils virði að hafa farið í gegnum allt ferlið einu sinni áður, það tekur hluta af

óvissunni í burtu sem getur verið óþægileg. Svo er ég búinn að afla mér dýrmætrar reynslu líka í störfum á veitingastöðum í Helsinki og Kaupmannahöfn, þar sem ég starfaði áður en ég kom á Grillið með mönnum sem hafa starfað í kringum þessa keppni og náð mjög langt í henni,“ segir Sigurður. Staðurinn í Helsinki heitir OLO og er með eina Michelin-stjörnu og í Kaupmannahöfn starfaði hann á þriggja stjörnu Michelin-staðnum Geranium. „Eigandi finnska staðarins var dómari í Bocuse fyrir Finnland og í Kaupmannahöfn var yfirkokkurinn Rasmus Kofoed með talsverða keppnisreynslu úr Bocuse; hafði keppt þrisvar og náð í brons fyrst, síðan silfur og loks gull.“

Þjálfarinn bronsverðlaunahafi

„Í æfingaferlinu sem núna er fram undan nýt ég þess að þjálfarinn minn

er Viktor Örn Andrésen, sem náði einmitt þriðja sæti árið 2017, auk þess sem allt stuðningsnet er eins og best verður á kosið. Þess vegna er ekkert annað í stöðunni en að stefna hátt og mér finnst ég eiga alveg möguleika í toppsætin. Þetta hefur verið hálfgerð þráhyggja hjá mér núna frá því að ég tók þátt síðast,“ segir Sigurður.

Í teymi hans, ásamt Viktori Erni, verða meðal annarra aðstoðarmennirnir Gabríel Bjarnason og Sigþór Kristinnsson. „Svo er mikill stuðningur hér frá hótelineu – allir einhvern veginn mjög vel stemmdir fyrir þessu. Siggi Helga er til dæmis herna í húsinu – sem var yfirkokkur á Grillinu á undan mér – og hann hefur líka farið í þessa keppni,“ segir Sigurður.

Hann jatar því að lokum að hann láti sig dreyma um að einn daginn kræki Grillið sér í Michelin-stjörnu.

/smh

Mikilvægt að geta greint æta sveppi frá óætum

– Skýrslu ætlað að stuðla að því að neytendum bjóðist öryggir sveppir

Það má enn tína góða matsveppi í náttúru Íslands – og í raun er hægt að tína þá marga þangað til fyrst frýstir. Matvælastofnun beinir þeim tilmælum til sveppaáhugafólks að tileinka sér næga þekkingu til að geta greint ætisveppi frá þeim óætum.

Matvælastofnun bendir á nýttkomna skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar um ætisveppi sem ætluð er matvælafyrirtækjum, verslunum og opinberu matvælaeftirliti.

Markmiðið að tryggja neytendum örugga sveppi til neyslu

Markmið skýrslunnar er meðal annars að tryggja að neytendum bjóðist sveppir sem eru rétt tegundagreindir og öryggir til neyslu.

Skýrslan er í tveimur hlutum og er fyrri hlutinn aðgengilegur á íslensku en seinni á ensku í gegnum

Listi 1
Matsveppir ræktaðir og villtir sem henta til sölu á almennum markaði

1-01 Agaricus arvensis (Mókempu)



Gagnlegar upplýsingar úr skýrslunni, þar sem varað er við því að hið hættulega kadmíum geti safanast upp í mókempu.



Ungur kóngsveppur í greniskógi.

Mynd / smh

tegundir af sveppum með tilliti til eiturefnainnihalds og hvort öruggt sé að neyta þeirra.

Einnig er vísað til fræðslubæklings

Náttúrufræðistofnunar um sveppi, sem nálgast má í gegnum vef stofnunarinnar á slóðinni <https://ni.is/midlun/utgafa/baeklingar>.

/smh



Þessa mynd tók góður vinur Bændablaðsins, Jón Óskar Ísleifsson, í þverárreitt í Öxnadal við Eyjafjörð um síðustu helgi. Á myndinni eru þær Saga Björk Friðbjófsdóttir og Andrea Ösp Andradóttir að draga þessa fallegu á í dilk.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

REKI

VIÐ ÞÖKKUM VIÐSKIPTAVINUM OKKAR
30 FARSÆL ÁR Í REKSTRI OG HORFUM
STOLTIR FRAM VEGINN.

REKI EHF

HÖFDABAKKA 9

110 REYKJAVÍK

www.reki.is

SÍMI: 562 2950

**STEINSMIÐJA
AKUREYRAR**

113
41x60 cm frá sökkli

66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund

HAUSTTILBOÐ

INNIFALIÐ :
FRÍR FLUTNINGUR UM ALLT LAND
GRAFSKRIFT

minnismerki.is

111
41x60 cm frá sökkli

66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund

103
76x55 cm frá sökkli

120 cm sökkull
GRÁR - 215 þúsund
Með lugt og vasa 285 þúsund
Með lugt, vasa og blómaramma 385 þúsund

110
100x57 cm frá sökkli

130 cm sökkull
GRÁR - 290 þúsund
með lugt og vasa 360 þúsund
Með lugt og vasa og blómaramma 460 þúsund

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is minnismerki.is Uppsetningar á N-landi og höfuðborgarsvæði

BÚSKAPUR & HLUNNINDI



Frá heimsókn Æðarræktarfélags Íslands á Bessastaði.

Myndir / Guðmundur Jóhannesson

Hálfrar aldar afmæli Æðarræktarfélags Íslands

Hálfrar aldar afmæliaðalfundur Æðarræktarfélags Íslands (ÆÍ) var haldinn 31. ágúst á Hótel Sögu, en félagið var stofnað 29. nóvember 1969.

Á stofnfundinn mættu um þrjátíu manns í Búnaðarþingsal Bændahallarinnar. Tveir stofnfélagar voru mættir á aðalfundinn, æðarbændurnir Úlla Knudsen, Ystabæ í Hrísey, og Ingibjörg Eyþórsdóttir, Kaldadarnesi. Þær hafa sótt fundi félagsins síðastliðin 50 ár.

Yfir hundrað manna afmælisfundur

Að sögn Guðrúnar Gauksdóttur, formanns félagsins, var aðalfundurinn vel heppnaður, en yfir hundrað manns tóku þátt í fundinum og viðburðum honum tengdum.

Auk Guðrúnar sitja nú í stjórn Erla Friðriksdóttir, Margrét Rögnvaldsdóttir, Sigríður Magnúsdóttir og Páll Þórhallsson. Magnús Jónasson og Pálmi Benediktsson eru í varastjórn.

Afmælisdagskráin hófst með heimsókn á Bessastaði á föstudeginum 30. ágúst. Guðrún segir að forsetinn hafi tekið á móti félagsmönnum og gengið með þeim um varpland forsetasetursins. Á eftir hafi verið móttaka. „Það hefur alltaf verið vel hugað að æðarvarpi á Bessastöðum og eru félagsmenn stoltir af því að forsetinn sé æðarbóndi. Þess má geta að í embættistíð sinni sat Vigdís aðalfundi ÆÍ,“ segir Guðrún.

Íslenskur æðardúnn fái verndað afurðaheiti

Á laugardagsmorgninum 31. ágúst var sjálfur aðalfundurinn með hefðbundnum aðalfundarstörfum. Sólveig Bessa Magnúsdóttir, Innri-Hjarðardal, var fundarstjóri og Sigurður Eyþórssón, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, flutti ávarp og skilaði kveðju frá formanni samtakanna.

Þá var skýrsla stjórnar flutt og farið yfir verkefni síðasta árs. Meðal markverðustu verkefna var skráning æðarvarpa en fjöldi þeirra í dag er 376, en félagsmenn eru nú 342 talsins.

Á fundinum var upplýst að umsókn um verndað afurðaheiti fyrir íslenskan æðardún væri á lokametrunum. Tilgangur með vernduðu afurðaheiti er meðal annars að vekja athygli á sérstöðu íslensks æðardúns og auka verðmæti hans. Stjórnir ÆÍ hafa alla tíð leitað leiða til að koma í veg fyrir verðfall



Guðrún Gauksdóttir, formaður Æðarræktarfélags Íslands, með heiðursfélögum Davíð Gíslasyni og Árna Snæbjörnssyni.



Nýkjörin stjórn og varastjórn á 50. aðalfundi Æðarræktarfélagsins, talið frá vinstri: Sigríður Magnúsdóttir, Pálmi Benediktsson, Margrét Rögnvaldsdóttir, Guðrún Gauksdóttir, Magnús Jónasson og Erla Friðriksdóttir. Á myndina vantar Pál G. Þórhallsson.

og tímabundnar niðursveiflur í eftirspurn. Framtíðarsýnin er sú að héðan fari einungis fullunnar vörur úr æðardún í útflutning.

Fyrirhuguð sýning um æðarfugl og æðarrækt

Guðrún segir að á aðalfundinum hafi einnig verið rætt um sýningu um

æðarfugl og æðarrækt sem fyrirhugað er að halda á næsta ári. Verkefni heitir Tilraun II - Æðarrækt. Sýningarhaldið verður í samstarfi við sýningarstjórana Hildi Steinþórsdóttur og Rúnu Thors hjá Listaháskóla Íslands og er fræðslu- og upplifunarsýning um dún sem er afurð sjálfbærs sambylís dýra og manna – og um möguleika á nýtingu efnisins.

„Um 20 einstaklingar hafa verið valdir til að vinna tilraunir með æðardún í skapandi samtali listamanna, sýningarstjóra og fræðimanna (æðarbændur). Titillinn er vísan í það að sýningin er opin tilraun sem hverfist um ferli, rannsóknir og nýsköpun með þessa einstöku náttúruafurð. Með sýningunni er ætlunin að

fræða áhorfendur, innlenda sem og ferðamenn, um fuglinn og umhverfi hans, samband hans við manninn, um æðardún og það hvernig þessi einstöku, dýrmætu, sjálfbæru hlunnindi eru nýtt með hagnýtum vinnubrögðum og afurðum auk nýrra leiða til að nýta þau.

Listamennirnir fóru í sumar í sína fyrstu heimsókn í æðarvarp til að kynna fuglinum og æðarræktinni,“ segir Guðrún.

Fræðsluerindi um breytileika á varptíma

ÆÍ hefur að sögn Guðrúnar lagt áherslu á fræðslu til félagsmanna í sínu starfi og samstarf við fræðimenn. Á fundinum flutti Eyrún Gyða Gunnlaugsdóttir erindi um breytileika á varptíma æðarfugla innan Íslands en erindið var byggt á nýloknu BS-verkefni frá HI.

Hver eru áhrif sjókvíaldisstöðva á æðarfugl?

Nokkrar ályktanir voru samþykktar á aðalfundinum. Ítrekað var frá fyrri fundum að brýn nauðsyn sé á því að rannsaka og vakta áhrif sjókvíaldisstöðva og stækkunar þeirra á lífríki sjávar, þar með beina og óbeina hættu fyrir vöxt og viðkomu æðarfugls.

Einnig er ítrekað frá fyrri aðalfundum að í breytingum á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald, sem varða öflun sjávargróðurs, felist ólögmat skerðing á eignarrétti eigenda jarða sem liggja að sjó og þessi hlunnindi tilheyra, þar á meðal æðarbændur.

Stjórn ÆÍ er falið að vinna að lausn málsins ásamt þeim æðarbændum sem málið varðar. Henni er einnig falið að leita eftir upplýsingum um það hvaða rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum öflunar sjávargróðurs á vistkerfi æðarfugls fyrir og eftir að lögin tóku gildi og jafnframt hvernig ráðstöfun auðlindagjalds fyrir auðlindina er háttáð.

Guðrún segir að eftir hádegi á laugardeginum hafi verið farin ferð um Reykjanes og loks var hátíðarkvöldverður í Súlnasal Bændahallarinnar. Þar voru kynntir tveir nýir heiðursfélagar ÆÍ; Davíð Gíslason, sem var formaður ÆÍ árin 1990 til 1999, og Árni Snæbjörnsson, sem var hlunnindaráðunautur félagsins í 23 frá 1985 til 2008. /smh



Dúnvinnsla í Vigur.


Mynd / HKr.

Misjöfn afkoma æðarbænda á landinu eftir sumarið

— góð sunnan heiða en síðri á Norður- og Austurlandi

Afkoma æðarbænda er misjöfn eftir sumarið, en náttúruöflin ráða farsverðu um hvort æðarkollan komi yfirleitt í varp.

Guðrún Gauksdóttir, formaður Æðarræktarfélag Íslands, segir að á sunnan- og vestanverðu landinu hafi dúntekja verið góð enda einmuna blíða í sumar og almennt hagstæð skilyrði. Æðarfugl var þó almennt seinni í varp en venjulega, sérstaklega á Norður- og Austurlandi. „Í mörgum vörpum réttist sem betur fer úr en sums staðar kom kollan ekki í varp. Kollan þarf að vera vel undirbúin fyrir álegu. Tilgáta er um að það tengist síðbúinni loðnugöngu,



Kollan þarf að vera vel undirbúin fyrir álegu.

en æðarbændur hafa áhyggjur af áhrifum loftslagsbreytinga fyrir búsvæði æðarfugla,” segir Guðrún.

Niðursveifla í útflutningi á æðardúni

Að sögn Guðrúnar hefur æðardúnn alla tíð verið verðmæt útflutningsvara en æðarbændur séu alvanir sveiflum í framboði, eftirspurn og verði. „Ársmeðaltal útflutts æðardúns síðastliðna tvo áratugi er um 2,5 tonn. Lægst fór magnið árið 2007, eða í 1,4 tonn, og hvað mest árið 2000, eða 3,9 tonn.

Magn útflutts æðardúns á síðustu tveimur árum hefur verið undir þessu meðaltali eftir nokkur ár vel yfir meðaltali. Þannig var útflutningur 2018 rétt undir 2 tonnum. Til samanburðar má nefna að árið 2016 nam magnið 3,4 tonnum og 2015 var það rétt um 3 tonn. Þá er meðalverð á kíló að sama skapi lægra. Engin ástæða er til að ætla annað en að verð muni hækka og eftirspurn aukast á nýjan leik,” segir Guðrún Gauksdóttir.



Óhreinsaður og hreinsaður dúnn á borði í Vigur.

Mynd / HKr.

Gauksdóttir. /smh

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS



STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

MIKIÐ ÚRVAL STURTU- OG VÉLAVAGNA

Norður Írsku JPM sturtu- og tengivagnarnir hafa reynst mjög vel á Íslandi. Höfum á til á lager JPM sturtuvagn sem er með vökvör, sliskjum og 14 tonna burði. Hafðu samband við sölumenn okkur strax í dag.



Erum einnig með gott úrval af JPM vélavögnum.

HÝSI - MERKÚR HF. - LAMBHAGAVEGI 6 - 113 REYKJAVÍK
SÍMI 534 6050 - MERKUR@MERKUR.IS - WWW.MERKUR.IS



Volkswagen Caddy.

Vertu klár fyrir veturinn.

Haustilboð.

Framhjóladrifinn, 1.2 TSI: 2.690.000 kr.
Fjór hjóladrifinn, 2.0 TDI: 3.790.000 kr.

Einn vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Áreiðanlegur, öruggur og fæst í tveimur lengdum, fjór hjóladrifinn og í fjölda útfærslna.



Atvinnubíllar

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · 105 Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílas Akranesi · BVA Egilsstöðum

FRÉTTASKÝRING

Byltingin í samdrætti á losun gróðurhúsalofttegunda liggur fyrir fótum okkar með nýtingu gasknúinna ökutækja: Verulegur umhverfis- og þjóðhagslegur ávinningur hefur ekki verið nýttur

– Metan- og vetnisvæðing hefur setið á hakanum og hægt hefur miðað í uppbyggingu innviða þeirra orkumiðla á Íslandi

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Í dag eru um 20 milljónir ökutækja á götum heimsins sem ganga fyrir gasi. Þykir það gott innlegg í baráttunni við losun gróðurhúsalofttegunda, þar sem um leið er brennt gasi sem er mikilvirkara til skamms tíma í andrúmsloftinu en koltvísýringur. Á Íslandi hefur þó hægt miðað í nýtingu á þessum möguleika og aðeins 1.887 metan- og metan-tvinnbílur á götunum.

Metan má framleiða með mismunandi aðferðum, t.d. úr lífrænum úrgangi, lífrænum efnum í landbúnaði og sjávarfangi og með framleiðslu á orkuþlöntum. Fræðilega er hægt að framleiða metan og fleiri eldsneytistegundir á allan bílafloata landsmanna samkvæmt skýrslu sem unnin var fyrir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að beiðni Alþingis.

Hægt að nýta margvíslegan úrgang í eldsneyti

Metan (CH₄) er efnasamband kolefnis og vetnis. Það myndast í náttúrunni við loftfirt niðurbrot baktera á lífrænum efnum, svo sem fitu, próteini, kolvetnum, hemisellúlósa o.fl. Hér undir fellur allur lífrænn úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum, slátur-, fisk- og landbúnaðarúrgangur auk seyru úr holræsakerfum og mykju úr haughúsum. Einnig er pappír, pappi, garðúrgangur og timbur dæmi um lífræn niðurbrotleg efni. Metan verður einnig til við vinnslu jarðefnaeldsneytis og við meltingu jörturdýra. Við bruna metans myndast koldíoxíð og vatn og auk þess losnar hitaorka sem m.a. má nota sem eldsneyti eða fyrir iðnaðarframleiðslu.

Miklir möguleikar í framleiðslu á innlendi metangasi

Magn metans úr mykju og skít er háð þurrefnisinnihaldi sem að jafnaði er 10–20%, en allt að 30% í hænsnaskít.

Framleiðsla á metani á hvert þurrefnistonn er á bilinu 400–600 Nm³ samkvæmt skýrslunni. Þessu til viðbótar er seyru úr holræsakerfum sveitarfélaga, sem gæti verið um 8 þúsund tonn af þurrefni á ári og gæti gefið 2–3 milljónir Nm³ á ári af metan.

Auka má framleiðslu metans enn frekar með því að bæta vetni í gerjunartanka. Einnig er hægt að framleiða metan úr kolsýru og vetni og svo úr syngasi sem fæst með gösun. Slík framleiðsla mun óhjákvæmilega verða dýrari en núverandi framleiðsla, af því er segir í skýrslunni.

Urðun sorps verður bönnuð

Bent hefur verið á að bann verði lagt við urðun sorps í löndum ESB og þar með væntanlega líka í löndum innan EES frá 2030. Samt ætti að vera unnt að safna metani úr urðunarstöðvum í um 15–20 ár eftir að urðun lífrænna efna er hætt. Úrgangur verður áfram eins mikilvæg uppspretta lífræns eldsneytis og nú á dögum. Í skýrslu ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra kemur fram að breyta þurfi um vinnslu þessa orkuhræfnis þannig að það nýtist sem best. Meðal vinnsluáferða sem þá koma til greina er „gösun“ til eldsneytisframleiðslu eins og segir í skýrslunni. Þá er hræfnið í raun kolað með hita þannig að úr því myndast gas og tjara sem nýta má áfram í fjölbreytta eldsneytis- og efnaframleiðslu.

Tvö íslensk fyrirtæki framleiða metan

Í skýrslunni segir m.a. að metan verði til við niðurbrot lífrænna efna á urðunarstöðvum sorps. Tvö fyrirtæki framleiða metan úr lífrænum úrgangi, SORPA bs. og Norðurorka. Afkastageta haugs- og hreinsistöðvar SORPU er ekki að fullu nýtt en framleiðslugetan er nú um 3,5 milljónir Nm³ á ári af metani sem samsvarar um 4 milljónum lítra af bensíni á ári. Með því að nýta hauggas með bruna í bílvélum hvarfast CH₄ í CO₂ og

Ný gas- og jarðgerðarstöð í smíðum

Bygging gas- og jarðgerðarstöðvarinnar í Álfsnesi er næsta stóra skrefið í umhverfismálum á höfuðborgarsvæðinu.

Hún er í samræmi við stefnu sem sveitarfélögin hafa mótað í sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009–2020. Á hún að taka til starfa á árinu 2020. Samkvæmt kostnaðaráætlun átti stöðin að kosta 3.610 milljónir króna. Á stjórnarfundum SORPU bs. 2. september sl. var samþykkt tillaga framkvæmdastjóra um breytingar á fjárfestingaáætlun SORPU 2019–2023 vegna viðbótarkostnaðar sem komið hefur fram við tvö verkefni sem nú er unnið að á vegum samlagsins. Annars vegar er um að ræða 17,7% viðbótarkostnað við gas- og jarðgerðarstöð SORPU sem nú er áætlað að kosti 4.247 milljónir. Hins vegar er 719 m.kr. kostnaður vegna tækjabúnaðar í stækkaða móttökustöð SORPU í Gufunesi.

Byggt á tækni Aikan Solum í Danmörku

Endanlegt byggingaleyfi var gefið út af Reykjavíkurborg þann 9. október 2018 og var hafist handa við framkvæmdir samdægurs. Vinnslutækni er byggð á einkaleyfi frá Aikan Solum AS í Danmörku en stöðin er teiknuð af Batteríð Arkitektar og er verkfræðistofan Mannvit tæknilegur ráðgjafi. Stærð hússins er 12.800 m² og mun stöðin anna allt að 35.000 tonn af lífrænum heimilisúrgangi. Um framkvæmdimar sér Ístak hf. sem



Ný gas- og jarðgerðarstöð í Álfsnesi á að geta framleitt um 3 milljónir rúmmetra af gasi á ári sem ætti að duga á um 1.900 bíla. Mynd / SORPA

var lægstbjóðandi í verkið en framkvæmdaefirlit er í höndum verkfræðistofunnar Verkís sem átti lægsta boð í þann verkþátt.

Eftir að gas- og jarðgerðarstöðin hefur starfsemi verður allur úrgangur sem safnað er frá heimilum á samlagssvæði SORPU unninn í stöðinni. Lífrænu efnin verða nýtt til gas- og jarðgerðar, en málmur og önnur ólífræn efni verða flokkuð vélrænt til endurnýtingar.

Framleiðir um 3 milljónir rúmmetra af gasi á ári

Ársframleiðsla stöðvarinnar verður annars vegar um 3 milljónir Nm³ (Normal-rúmmetrar) af metangasi, sem hægt er að nýta sem eldsneyti á ökutæki, og hins vegar 10–12.000 tonn af jarðvegsbæti, sem hentar vel til landgræðslu.

Þegar gas- og jarðgerðarstöðin verður komin í gagnið munu yfir 95% heimilisúrgangs á höfuðborgarsvæðinu fara til endurnýtingar.

Rétt dugur á núverandi metanbílafloata

Einn rúmmetri af metangasi vegur um 554 grömm, þannig að 3 milljónir rúmmetra vega því um 1.662.000 kg (1.662 tonn). Ef það fara um 25 kg á hvern meðalfólksbíl dygði þetta í tankfyllingu á 66.480 bíla. Miðað við ca 35 áfyllingar á ári, dygði gasið frá stöðinni á um 1.900 fólksbíla. eða svona nokkurn veginn á alla þá metan- og metan-tvinnbíla sem eru á götunum á Íslandi í dag. Ef fara ætti í alvöru metanvæðingu bílafloatar er alveg ljóst að spýta þarf hressilega í lófana í gasframleiðslunni.

H₂O en við það er dregið stórlega úr losun gróðurhúsalofttegunda frá urðunarstöðvum. Á heimasíðu Sorpu kemur fram að notkun á gasi frá stöðinni á bifreiðum hafi sparað útblástur sem nemur um 410.000 tonn af koltvísýringi frá árinu 2000.

Víða hvatt til kaupa á gasknúnum ökutækjum

Í sumum Evrópulöndum eins og í Belgíu eru yfirvöld farin að hvetja til kaupa á gasknúnum bifreiðum með niðurfellingu á þungaskatti og öðrum bifreiðagjöldum. Jafnvel þykja gasknúnir bílar mun vænlegri en rafknúnir í viðleitni við að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Ástæðan er einfaldlega sú að heildar kolefnisspor gasknúinna bifreiða er jafnvel talið mun minna en rafbíla eða bifreiða svo ekki sé talað um bifreiðar sem knúnar eru bensíni eða dísilolíu. Auk þess er orkan á rafbíla víða í Evrópu enn framleidd með kolum og olíu og rafbílar eru þess utan umtalsvert dýrari í framleiðslu en hefðbundnir bílar.

Raforka framleidd víða um lönd að mestu með jarðefnaeldsneyti og kjarnorku

Samkvæmt tölum Energy Guide í Brussel í Belgíu er grunnorkan sem notuð er í Belgíu að 95% hluta innflutt og að mestu olía og gas. Þar að auki er mikið flutt inn af föstu eldsneyti svo sem kolum og timbri, og síðan úraníum fyrir

kjarnorkuver. Um 55% raforkunnar sem notuð er í Belgíu er framleidd í sjó kjarnorkuverum. Restin er framleidd að mestu með kolum, olíu og gasi, en endurnýjanleg orka er enn aðeins lítil hluti af raforkuframleiðslu landsins. Eithvað af raforkunni er svo flutt inn frá nágrennaríkjunum, Frakklandi, Þýskalandi og Sviss.

Þetta er ekki ósvipað því sem þekktist víðar í Evrópu og Bandaríkjunum. Stöðugt er þó verið að bæta við vindmyllum til raforkuframleiðslu, en farir er að bera á óþoli fyrir vindmyllum af hálfu umhverfisverndarsinna vegna sjónmengunar og fugladaða sem þær eru sagðar valda.

Langt í land að opinber markmið náist

Stefnt er að því að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040. Það vekur því furðu hvað lítið virðist vera gert til að nýta þá möguleika sem fyrir hendi eru í dag, aðra en að einblína á rafblavæðingu.

Ljóst er að rafblavæðing ein og sér mun ekki leysa þetta mál, en vitað er að Íslendingar eiga aðra mjög áhrifaríka möguleika eins og að nýta innlent metangas. Samkvæmt markmiðum ríkisstjórnarinnar er áhersla á aukinn hlut endurnýjanlegra orkugjafa á kostnað jarðefnaeldsneytis. Þar er gert ráð fyrir að árið 2020, eða strax á næsta ári, skuli hlutdeild þeirra í samgöngum vera 10%. Útilokað er að það markmið muni nást, en samt er gert ráð fyrir að þetta hlutfall eigi

að vera komið í 40% árið 2040.

Samkvæmt tilskipun ESB (RED II, Renewable energy directive 2018/2001/EU), þarf endurnýjanlegt eldsneyti árið 2020 að hafa aukist í 10% af heildarorkunotkun í samgöngum á landi og í 14% árið 2030.

Lífeldsneyti skal árið 2030 að lágmarki vera 3,5% af heildarorkunotkun í samgöngum. Þak er þó sett á lífildsneyti sem framleitt er úr sláturúrgangi eða notaðri steinkingarolíu og má það að hámarki vera 3,4% af heildarorkunotkun í samgöngum á landi. Að auki er hámark sett á eldsneyti sem er framleitt úr fóðurþlöntum. Það má ekki vera meira en 1% umfram gildi ársins 2020 en þó ekki hærra en 7% af heildarorkunotkun í samgöngum á landi.

Í lögnum fær eldsneyti unnið úr lífrænum úrgangi tvöfalt vægi í útreikningi á við annað eldsneyti, eins og metan unnið úr sorpi og lífdísill unninn úr sláturúrgangi. Þetta er gert til að auka vægi eldsneytis sem ekki hefur áhrif á fæðuframleiðslu. Þá var einnig kveðið á um að frá ársbyrjun 2015 skuli 5% af heildarorkugildi eldsneytis í samgöngum á landi vera endurnýjanlegt eldsneyti. Ekki er hægt að sjá að þetta hafi staðist.

Áhersla á rafbíla en metan- og vetnisvæðing situr á hakanum

Vel hefur gengið að koma upp hleðslustöðvum fyrir rafbíla víða um land. Augljóst er þó að einblínt hefur verið um of á einhliða upp-



Gasknúnir bílar hafa m.a. þá kosti að þeir menga lítið og eyða skaðlegu metani sem annars færi út í andrúmsloftið. Þá er álíka fljótlegt að dæla á þá eldsneyti og hefðbundna bensín- og dísilbíla.

byggingu hleðslustöðva varðandi rafbílavæðingu en metan- og vetnisstöðvar hafa setið nær algjörlega á hakanum.

Samkvæmt tölum Samgöngustofu voru rafknúnar bifreiðar 11,99% af nýskráðum bifreiðum fyrstu átta mánuði ársins. Þegar lítið er á slíkar hlutfallstölur verður líka að hafa í huga að samdráttur hefur verið í heildarsölu bíla á þessu ári.

Blendingsbílur með rafmótora sem framleiða sitt rafmagn sjálfir með bensíni og hamlunarorku voru 7,89%. Tvinnbílur sem framleiða rafmagn með dísilolíu voru 0,58% og metanbílur voru 0,97%. Blendingsbílur sem tengjanlegir eru við rafmagn voru þá 6,8%. Hins vegar voru hreinir bensínbílur 41,72% og hreinir dísilbílur 30,02%. Þótt sala rafmagns- og tvinnbíla hafi tekið nokkurn kipp á þessu ári er langt í land að yfirlýst markmið náist.

Rafmagnsbílur og tvinnbílur aðeins 4,97% af heildarfjölda ökutækja

Í heildartölum frá Samgöngustofu kemur fram að í byrjun september voru skráð 314.571 ökutæki á Íslandi. Þar af eru ökutæki sem ganga eingöngu fyrir rafmagn 3.599, eða aðeins 1,14% af heildarfjölda ökutækja í landinu. Blendingsbílur eða „tvinnbílur“ sem framleiða sitt rafmagn sjálfir með bensíni eru 5.193, eða 1,65%. Meira er af blendingsbílum sem hægt er að tengja við rafmagn eða tengiltvinnbílum eins og þeir eru gjarnan kallaðir. Þeir eru 6.832, eða 2,17% af heildinni. Þá eru 22 ökutæki með efanarfala sem ganga fyrir vetni eða rúmlega 0,007%.

Ef tekin eru saman öll ökutæki sem að hluta eða öllu leyti ganga fyrir raforku, þá eru þau samtals 15.624, eða 4,97% af heildar ökutækjajæign landsmanna.

Raf- og tvinnbílur 5,8% og metanknúin ökutæki aðeins 0,5%

Þegar lítið er á fjölda hreinna metanknúinna ökutækja eru þau 401, eða 0,13%. Ökutæki sem bæði ganga fyrir metani og dísilolíu eru 3 talsins. Ökutæki sem ganga bæði fyrir metani og bensíni eru 1.483, eða tæplega 0,5% af heildarflota ökutækja í landinu.

Þá er einn blendingsbílur skráður í tölum Samgöngustofu sem gengur fyrir bæði metanóli og bensíni og einn sem gengur eingöngu fyrir hreinu etanóli.

Ef tekin eru öll ökutæki sem hægt er að segja að gangi að einhverju leyti fyrir orkugjöfum sem draga úr losun koltvísýrings, eða rafmagn, metangasi, etanóli og metanóli, þá teljast þau vera 18.140, eða 5,8%. Því þyrftu nærri að tvöfalda þá tölu til að ná settu markmiði stjórnvalda á næsta ári.

Gert ráð fyrir óbreyttri notkun jarðefnaeldsneytis til 2050

Eldsneytisspá orkuspárnefndar frá 2016 gerir ráð fyrir að sala jarðefnaeldsneytis haldist að mestu óbreytt til ársins 2050. Þó mun innlend notkun dragast saman og færast yfir á nýja orkugjafa, einkum í samgöngum á landi og síðar skipa og loks flugvéla. Sala til millilandasamgangna mun aukast. Samkvæmt þessari spá mun ekki draga úr brunu á jarðefnaeldsneyti sem hér er selt á næstu 30 árum.

Aukaafurð í landbúnaði

Hluti af því gasi sem notað er á vélur er náttúrulegt metangas sem m.a. fellur til sem aukaafurð í landbúnaði. Þetta gas sem þannig er brennt ýmist til að knýja ökutæki eða rafstöðvar verður við brunann skaðminna fyrir andrúmsloftið en gasið sjálft. Líka er mikið notað af jarðgasi sem kallað er náttúrulegt gas, en þá aðallega



Tesla hefur verið tískumerki í rafbílaheiminum undanfarin ár. Á Íslandi hefur nær öll orka og áhersla stjórnvalda varðandi orkuskipti í umferðinni verið lögð á rafbíla. Metanknúin bílar hafa verið fjarri góðu gamni þótt þjóðhagslegur og umhverfislegur ávinningur af nýtingu slíkra ökutækja geti mögulega verið mun meiri en af notkun rafbíla.



Toyota Camry metan-tvinnbílur.

við raforkuframléiðslu. Bændur í Þýskalandi, Danmörku og víðar um Evrópu framleiða margir metangas sem verður til við gerjun á dýrskít og öðrum lífmassa.

Aukaafurð í skólpi, en ekki nýtt á Íslandi

Metangas verður líka til í skólphreinsunarstöðvum sem komið hefur verið upp víða um heim þó ekki sé slíku að heilsa hér á landi. Erú Íslendingar reyndar mjög aftarlega á merinni hvað varðar skólphreinsun.

Dödi ríkjandi í uppbyggingu dælustöðva

Þykir mörgum afar sérkennilegt að Íslendingar skuli ekki hafa lagt meiri áherslu á byggingu dælustöðva fyrir gas vítt og breitt um landið til að yta undir notkun gasknúinna ökutækja í stað dísilbíla. Slík áhersla myndi hafa margþætt áhrif til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bæta nýtingu á sorpi og lífmassa sem annars er oftast urðaður.

Hentar vel á hefðbundnar bílvélar

Náttúrugas sem notað er á bíla má finna í ríku mæli víða um heim. Það samanstendur að mestu úr metangasi, en er þó ekki alveg hreint metan. Metangas sem framleitt er úr lífmassa er enn hreinn. Þarna er þó oftast um að ræða það sem kallað er þjappað náttúrugas, eða „Compressed Natural Gas“, sem skammstafað er CNG.

Jarðgas er að mestu leyti metan (um 60–90% rúmmáls) sem er hreinsað fyrir notkun. Efni eins og etan (C_2H_6), própan (C_3H_8) og bútan (C_4H_{10}) eru að mestu skilin frá og brennisteinsvetni (H_2S) er fjarlægð. Hreinsað jarðgas, sem er dreift um gasdreifikerfi Evrópu, inniheldur meira en 90% metan.

Mótorarnir sem brenna gasinu eru oft og tíðum að grunni til dísilvélar (eða bensínmótorar) sem breytt er til að brenna gasi. Þá hefur notkun á gasi þann kost líka að álfka fljótlegt er að fylla tanka bifreiða af gasi og annars væri við að dæla á bensíni eða olíu. Þannig þarf ekki að kasta fyrir róða verðmætri þekkingu, búnaði og tækjum sem þegar eru fyrir hendi.

Í venjulegum millistærðarfolksbíl eru oft um 20 kg af metangasi geymd í gasflöskum undir gólfi

CO₂ um 11%. Það dregur stórlega úr losun á köfnunarefnisoxíði, NO_x, eða um 90%.

Þá ganga vélarnar þýðar og með minni titringi og ættu því að endast því lengur.

Þjóðhagslega hagkvæmt

Í Evrópu er metangas oft um 35% ódýrara en dísilolíu og um 75% ódýrara en bensín, samkvæmt tölum Energy Guide í Brussel. Hagræðið af aukinni notkun gasknúinna ökutækja ætti því að vera öllum mönnum augljóst.

Á Íslandi er hægt að framleiða gasið og draga þannig stórlega úr innkaupum og gjaldeyrisútlæði. Þjóðhagslegt hagræði ætti því líka að vera augljóst hverjum þeim sem nennir að setja sig inn í þessi fræði. Má því í raun líkja því við hreina heimsku að setja ekki kraft í gasvæðingu á ökutækjafloata Íslendinga. Meira að segja er hægt að breyta flestum þeim bílvélum sem eru í notkun á Íslandi til brennslu á gasi, en það getur þó verið nokkuð kostnaðarsamt. Einnig hafa gasknúnu bifreiðarnar þann kost í viðhaldi að allir innviðir til viðgerðar á slíkum bílum er þegar fyrir hendi.

Belgar leggja áherslu á gasvæðingu ökutækja

Sem dæmi um notkunina, þá eru um 16.000 slíkir bílar í Belgíu og eru gasdælustöðvar komnar mjög víða. Gasið sem notað er er yfirleitt undir þrýstingi upp á 200 til 300 bör. Oftast er um að ræða metangas, en líka getur verið um að ræða bensínangas (Liquid Petroleum Gas - LPG) sem er blanda af propan- og butangasi sem er undir um 5 til 7 bara þrýstingi.

Síðan er líka um að ræða að notað sé fljótandi metangas (Liquefied Natural Gas - LNG). Þar er gasið sett í fljótandi form með kælingu niður í 162° frost. Með slíkri kælingu er hægt að minnka umfangið á gasinu 600 falt og verður drægni ökutækisins þá 3,5 sinnum meiri með sömu stærð af tönkum en ef notað er venjulegt metangas. Hafa bílaframleiðendur því helst verið að þróa þessa LNG tækni til notkunar á flutningabíla sem aka þurfa á mjög

lögum leiðum, t.d. milli Norður- og Suður- Evrópu. Kældu LNG gasi er svo auðvelt að breyta í CNG gas á dælustöðvum ef þörf er á.

Hættuminni í árekstri en bensín- og dísilbílur

Metangas hefur þann kost að vera léttara en andrúmsloftið og er því ekki bannað að nota á ökutæki t.d. í jarðgöngum eða bílakjöllurum. Það gufar upp ef það sleppur út úr tönkum bílanna. Þannig er það í raun hættuminni við árekstur en t.d. bensín eða olía sem flætt getur um götuna.

Fjöldi bílaframleiðenda er farinn að bjóða upp á gasknúin ökutæki í sínum framleiðslulínunum. Hægt hefur þó miðað á Íslandi við að innleiða slíka tækni. Stafar það einkum af því er virðist ótrúlegs áhugaleysis í stjórnkerfinu við að knýja á um uppbyggingu innviða fyrir gasdreifingu.


Þegar er hægt að panta t.d. sendibíla frá IVECO hér á landi sem komast um eða yfir 1.000 km á tankfyllingu af gasi. Það er talsvert meiri drægni en boðið er upp á á sambærilegum dísilbíl. Algennt er að fólksbílur komist um 300 til 800 km á einni tankfyllingu. Gasstöðvar þyrftu því ekki að vera nærri eins víða og bensínstöðvar eru í dag.

Margar tegundir og gerðir í boði

Hér má sjá örfáar af þeim fjölda tegunda og gerða ökutækja sem eru á boðstólum í Evrópu og brenna gasi:

Audi - A4 Avant G-Tron
Volvo S80 Bi-Fuel CNG
Fiat - Ducato Natural Power
Škoda - Octavia Combi G-TEC
Renault Kangoo 1,6 CNG
Volkswagen - Caddy Bluemotion
Volkswagen - Transporter T6
Ssangyong - XLV
Toyota - RAV4
Toyota - C-HR
Iveco - Daily CNG
Iveco/Irisbus CityClass CNG
Mercedes-Benz Sprinter 316 NGT
Opel - Combo Tour 1.4 Turbo CNG
MAN NÜ313 CNG
Volvo FL
Scania G-Series CNG

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

Iðnaðarhurðir

Iðnaðarhurðir með gönguhurð

Bílskúrshurðir

Hurðir í trékarma

Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VÞ HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Matís rannsakar virkni íslenskra þörungna við að draga úr losun á metangasi í meltingarvegi nautgripa:

Íslenskir þörungar gætu mögulega dregið úr gróðurhúsaáhrifum frá jórturdýrum

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Verkefnið SeaCH4NGE sem unnið er að á vegum Matís miðar að því að draga úr losun metans (CH₄) frá nautgripum og auka gæði afurða. Verkefninu á að ljúka 31. desember 2019, en unnið er að framlengingu.

Hjá Matís er verið að kanna möguleika mismunandi tegunda þangs sem fódurbættis til að draga úr metangasframléiðslu hjá nautgripum. Einnig er verið að kanna hvaða áhrif þangát hefur á velferð dýra og gæði afurða. Er verkefnið styrkt af EIT Food sem er stórt evrópskt þekkingar- og nýsköpunarsamfélag um matvæli og nýsköpun í matvælaíðnaðinum. EIT Food er leiðandi nýsköpunarframtak í Evrópu sem vinnur að því að gera matvælaferfið sjálfbærara, heilnæmara og auka traust neytenda.

Rannsóknir af þessum toga víða um heim hafa verið tengdar áhyggjum manna af losun gróðurhúsalofttegunda. Jórturdýr eins og kýr sem alin eru til mannelis eru sögð valda 37% þeirrar losunar gróðurhúsalofttegunda sem raktar eru til umsvifa mannsins. Talið er að ein kýr losi um 70 til 120 kg af metangasi á ári sem hún ropar að mestu upp um leið og hún meltir fæðuna. Á jörðinni eru um 1,5 milljarðar nautgripa svo umfang losunarinnar er þá áætlað að nemi frá 105 til 180 milljónum tonna á ári.

Grasfóðruð jórturdýr bæta engu kolefni við í lofthjúpunum

Í þessu gleymist þó gjarnan að geta þess að gróður nýtir metan og koltvísýring í sínu vaxtarferli og



Ásta Heiðrún Pétursdóttir, sérfræðingur hjá Matís, með hráefni til rannsóknar í kassavís í SeaCH4NGE verkefninu. Þar er m.a. reynt að finna út hvaða tegundir þörungna sem finnast við strendur Íslands virki best til að draga úr losun á metangasi sem myndast í meltingarvegi nautgripa.

Myndir / Matís-AHP

bindur koltvísýring líka í verulegu magni í jarðvegi. Þannig hefur í bandarískri úttekt verið sýnt fram á að grasfóðruð jórturdýr sem beitt er eingöngu á graslendi bæti nákvæmlega engu nýju kolefni við magn gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. Kolefnið sem frá þeim kemur í formi metans kemur úr plöntum og hverfur til baka í hringrás vaxtarferils gróðurs á jörðinni. Doktor Frank Mitloehner, loftgæðasérfræðingur við Kaliforníuháskóla, hefur m.a. útskýrt þetta ferli með einföldum hætti í myndbandi sem mikið hefur verið deilt á YouTube.

Í forsíðufrétt í júlíablaði Bændablaðsins 2018 kom einnig fram að losun á metangasi frá búfé er ekki eins mikill áhrifavaldur á hlýnun loftslags eins og haldið hefur verið fram. Vissulega veldur fódursöfnun með vélum þar ákveðinni mengun, en auðvelt ætti að vera að jafna það t.d. með skógrækt. Endurskoðun vísindamanna í Oxford á aðferðarfræði við útreikninga á áhrifum metangass sem gróðurhúsalofttegundar benda til að útreikningar til þessa kunni að hafa afvegaleitt umræðuna. Var þessi úttekt kynnt í júlí 2018.

margar tegundir stórþörungna á tilraunastofu og höfum séð að þeir geta dregið úr losun á metani.

Fyrsti áfangi SeaCH4NGE verkefnisins er að kanna og vinna úrval af þangafurðum hjá Matís. Í öðrum áfanga verða afurðirnar skimaðar í „in-vitro“ kerfi á rannsóknastofu háskólans í Hohenheim. Þetta eru, með öðrum orðum, örtæknirannsóknir í tilraunaglössum og á „Petridiskum“ sem stundum eru líka kallaðar „test-tube experiments“.

Í þriðja áfanga munu vænlegustu afurðirnar verða prófaðar á nautgripum hjá Reading háskóla í samvinnu við ABP Food. Þar verða rannsókuð áhrif þangblöndunar í fóður á framléiðslu metans (CH₄) hjá nautgripum.

Í framhaldsáfanga verður lögð áhersla á að meta framléiðni, gæði vöru og samsetningu með ítarlegri greiningu. Ásta segir að sótt hafi verið um áframhaldandi styrk til að skoða áhrif þörungna á dýrin og afurðir þeirra.

Vonast er til að niðurstöður þessara rannsókna leiði til þróunar söluhæfra afurða fyrir þangframléiðendur og bændur.

Áströlsk rannsókn þótti gefa góðar vonir um áhrif þangs í fóður

Bændablaðið greindi í mars 2016 frá því að rannsóknir sem framkvæmdar voru í Norður-Queensland í Ástralíu sýna að hægt er að draga verulega úr loftmengun í landbúnaði, ekki síst á metangasi frá nautgripum og öðrum jórturdýrum, með því einu að gefa þeim þang.

Rocky De Nys, prófessor í sjávarlíffræði við James Cook-háskólann í Townsville, hafði þá verið að rannsaka hvaða áhrif blöndun þara í fóður nautgripa getur haft á metangasmyndun í meltingarferum þeirra. Vann hann að þessum rannsóknum með ríkisrannsóknastofnuninni CSIRO (Commonwealth Scientific and Industrial Research).

Sagt var að þessar rannsóknir hafi leitt í ljós að með því að blanda tiltölulega litlu magni af þurkuðu þangi í nautgripafóður, væri hægt að draga úr metanframléiðslu gripanna um allt að 99%. Samkvæmt frásögn Rocky De Nys prófessors var byrjað á að gera tilraunir með 20 tegundir af þangi. Flestar voru þær að minnka metangasmyndun um 5,10 eða 15%, en svo hafi þau dottið niður á eina tegund sem olli straumhvörfum í tilraunum. Það er rautt þang af tegund sem nefnd er „Asparagopsis taxiformis“ og skilaði í tilraunum allt að 99% minnkun á metangasmyndun. Var þanginu safnað við strönd Queensland. Sambærilegar rannsóknir hafa síðan verið endurteknar víða um heim, m.a. í Bandaríkjunum.

„Asparagopsis taxiformis“ finnst ekki við Ísland

Í umfjölluninni í Bændablaðinu kom fram að áhrifamesta þangtegundin í rannsókninni, „Asparagopsis taxiformis“, finnst að öllum líkindum ekki við Ísland. Hins vegar lágu þá ekki fyrir neinar rannsóknir á þangi hér við land sem miðuðu að því að draga úr losun metans í meltingarvegi jórturdýra. Ásta Heiðrún Pétursdóttir staðfesti í samtali við blaðið að þessi þörungategund finnst ekki hér við land.



Ásta Heiðrún segir að ekki hafi tekist að einangra þau efni úr þanginu sem valdi minnkun á losun metans í meltingarvegi dýra. Leitt hefur verið líkum að því að bromoform hefði þar áhrif, en ekki liggja þó fyrir nein víska um hvort virkni sé af völdum bromoforms eða í samspili þess og annarra efna.

Mikil áhugi fyrir að draga úr losun

Þrátt fyrir þetta er umræðan enn hávær um hættuna sem lofthjúpur jarðar stafi af jórturdýrum. Vegna þess er mikill áhugi á að skoða hvort hægt sé að draga úr losun jórturdýra á metangasi. Ef það reynist hagkvæmt, gæti það t.d. mögulega nýst ágætlega við að draga úr losun frá nautgripum í fódunarstöðvum sem ekki er beitt á graslendi og eru að mestu aldir á korni.

Talið er að pláss sé á markaði fyrir vörur sem valda minni umhverfisáhrifum en hingað til hefur þekkt og er vakning meðal neytenda um slíkt sem eykst hröðum skrefum.

Verkefnið gengur vel

Ásta Heiðrún Pétursdóttir, sérfræðingur hjá Matís, segir að verkefnið gangi vel.

„Við erum að skoða úrval af alls konar stórþörungum, sem flestir eru frá Íslandi. Þeir þörungar sem við höfum valið til fódurtilrauna eru íslenskir.“

Við höfum skoðað þó nokkuð


FJÓSAINNRETTINGAR



DSD fjósainnréttingar sem framleiddar eru í Hollandi eru sérsmíðaðar fyrir íslenskar kýr og hafa þegar sannað gildi sitt í íslenskum fjósum.

Innréttingarnar eru hannaðar og prófaðar eftir ströngustu gæðakröfum og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga nánast öllum þörfum nútímafjósa.

Hafðu samband:
bondi@byko.is



byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN



Unnið að rannsóknum hjá Matís.

Verið að skoða virkni ýmissa tegunda við Ísland

„Okkar rannsóknir miðast við að skoða þær tegundir sem hér er að finna og þörungum sem er auðveldara að nálgast en þennan Asparagopsis taxiformis. Hér erum við hins vegar með úrval þörungum sem vaxa í miklu magni og erum að kanna þá betur.“

Rannsóknirnar á vegum Matís hljóta að að vera fagnaðarefni fyrir vísindasamfélagið og landbúnað á Íslandi. Samt eru til fræðimenn hér á landi sem hafa haft uppi efasemdir um áhrif þangs á meltingu jörturdýra. Jafnvel hafa rannsóknarmíðurstöður frá Ástralíu verið skilgreindar sem hálfgerð kukl. Þar skorti rannsóknir við raunastæður og að menn væru þar komnir út á hálan ís.

Mikil áhrif af íblöndun þörungum í fóður

Í umfjöllun Bændablaðsins 2016 kom fram að De Nys prófessor sagði að ákveðið hafi verið að rannsaka metangasmyndun í sauðfé, sérstaklega vegna þess að þær tilraunir útheimtu ekki eins mikið af fóðri. Niðurstöðurnar fram til þessa hafi sýnt að líklega væri best að blanda þanginu saman við annað fóður til að ná árangri.

Fréttastöð RNZ á Nýja-Sjálandi fjallaði á sínum tíma um rannsóknirnar í Ástralíu. Fyrirsögn fréttarinnar var „Er þang svarið við metanvandamáli Nýja-Sjálands?“

Eins og flestir vita er landbúnaður gróðarlega mikilvægur þar á landi og eru Nýsjálendingar ekki

síður þekktir fyrir framleiðslu á kindakjöti en Ástralir. Sömuleiðis er nautgripærkt þar mikil. RNZ hafði eftir Kanadamanninum Rob Kinley hjá CSIRO að niðurstöðurnar hafi komið mönnum í opna skjöldu.

Áhyggjur af efninu bromoformi í þangi

Sagði Kinley að af Asparagopsis taxiformis þanginu þurfi mjög lítið magn til að ná árangri. 1,5% til 2% hlutfall í fóðri dugi auðveldlega til að ná minnkun á metani um 80%.

Andy Reisinger hjá Gróðurhúsa-rannsóknarmiðstöðinni (Greenhouse Gas Research Centre) sagði að þrátt fyrir þessar jákvæðu niðurstöður hefðu menn samt ákveðnar áhyggjur af því að nota þang í fóður. Ástæðan er sú að þeir mynda efnið bromoform sem talið er krabbameinsvaldandi. Hann segir að nýsjálenskir vísindamenn hafi þó verið að vinna með sömu sjávarþangstegundir en ekkert benti enn til að þær stuðli að heilsufarsvandamáli hjá skepnum.

Ásta Heiðrún segir að ekki hafi tekist að einangra þau efni úr þanginu sem valdi minnkun á losun metans í meltingarvegi dýra. Leitt hefur verið líkum að því að bromoform hefði þar áhrif en það geti verið hættulegt dýrum. Ekki liggja þó fyrir nein víska um hvort virkni sé af völdum bromoforms eða í samspieli þess og annarra efna.

„Í okkar rannsóknum höfum við ekki séð sömu virkni og fékkst í Ástralíu. Mögulegt er að hér sé um annað efnasamskipti að ræða sem

veldur þessum áhrifum. Einnig gætu önnur efni en bromoform verið að valda minnkun á losun metans, en það er verið að skoða það nánar,“ sagði Ásta.

Parabeit vel þekkt á Íslandi

Á Íslandi hefur þekkt um aldir að beita fé þar sem land liggur að sjó tímabundið á þara. Vitað er að vegna efnainnihalds þarans þá þolir sauðfé hér á landi ekki nema takmarkaða fjörubeit. Sauðfé var líka oft á árum áður fóðrað á síld sem mörgum Íslendingum fannst vart mannamat. Síðar fóru menn svo að bæta fiskimjöli í fóður hjá sauðfé og kúm og öðrum skepnum.

Á Orkneyjum hefur sauðféð aftur á móti aðlagast sérstaklega fjörubeit. Þrífst það hins vegar mjög illa á grasi einu saman að því er fram kom í viðtali við Sinclair Scott í Bændablaðinu 1. september 2014.

Þá er einnig þekkt hér á landi og víðar að nota sjávarþang og þara í áburð á tún og jafnvel rotnandi síld. Á Cornwall í Bretlandi þekktist t.d. að blanda þara (Ascophyllum) við sand og láta hann rotna áður en hann var notaður sem áburður. Sömu sögu er að segja af aðferðum skoskra bænda.

Franskir bændur á Brittaníuskaga hafa lengi notað þara sem safnað var í bingi til að láta það rotna. Síðan var það tekið og dreift á tún upp frá ströndinni. Líklegt er að næringarefni berist þá í jarðveg og gras, en ekki er vitað til þess hvort áhrif á metangaslosun dýra sem éta það gras hafi verið rannsökuð.

Magnús Leópolðsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN



Fasteignamiðstöðin Hlíðasmára 17, 201 Kóp. s. 550 3000 er með til sölu jörðina Gröf landnúmer 142160 í Bitrufirði Strandabyggð.

Jörðin Gröf er í Krossárdal, Bitrufirði í Strandabyggð mitt á milli Staðarskála og Hólmavíkur. Jörðin er um 1.069 hektarar þar af um 30 hektarar ræktuð tún. Möguleiki er á meiri ræktun. Einnig hafa verið nýtt tún á næstu bæjum. Gott beitiland er í Gröf og rúmt í högum. Beingreiðsluréttur í sauðfé er 374,5 ærgildi. Þriggja fasa rafmagn var tengt í töflu 2018. Búið að fjarlægja alla rafmagnsstaura og rafmagn lagt í jarðstreng. Hægt er að virkja Grafargilið. Ljósleiðari lagður og tengdur 2018. Leigður er út smáskiki undir símahús.

Í Gröf er í dag stunduð sauðfjárrækt með 310 vetrarfóðraðar ær.

Beingreiðsluréttur er 374,5 ærgildi.

Bústofn og vélar geta fylgt í sölu.

Listi yfir fasteignir, hlunnindi, bústofn og vélar á skrifstofu Fasteignamiðstöðvarinnar. Óvenju snyrtileg eign sem vert er að skoða.

Bændablaðið Auglýsingar 56-30-300

LJÓSGJAFINN

Það er gott að vera í sveitinni!

Við höfum áralanga reynslu af raflagnahönnun og rafverktöku í landbúnaðarbyggingum.

Meðal þeirrar þjónustu sem Ljósgefjafinn ehf. býður upp á er:

- Ráðgjöf varðandi raflagnir
- Hönnun raflagna
- Kostnaðaráætlanir
- Rafverktaka
- Lokaúttekt á raforkuvirkjum
- Viðhaldsþjónusta

Glerargötu 32, 600 Akureyri | sími 460 7788 | ljosgjafinn@ljosgjafinn.is | www.ljosgjafinn.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 770
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm


HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verðslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is



Tekist á um dýravelferð vegna sölu á lifandi sláturgripum frá Ástralíu til Mið-Austurlanda:


Sjóflutningafyrirtæki sem flutti lifandi sauðfé kært fyrir dýranið

Ástralska sjóflutningafyrirtækið Emanuel Exports hefur verið kært fyrir dýranið í kjölfar þess að 2.400 kindur drápuð í lest flutningaskips sem var að flytja lifandi fé frá Ástralíu til Mið-Austurlanda. Slátra átti fénu á áfangastað samkvæmt halal-hefð múslima.

Á röð af myndböndum sem pakistanskur siglingafræðingur og áhafnarmedlimur á Awassi Express tók þegar verið var að flytja lifandi sauðfé sjóleiðina frá Perth í Ástralíu til Mið-Austurlanda má sjá hræðilega meðferð á fénu. Flutningarnir taka að jafnaði þrjár vikur.

Myndirnar sýna að alltof margt fé er sett í lestar skipsins og í flutningagáma í kæfandi hita og að fóður og vatn er takmarkað og langt undir því sem eðlilegt getur talist. Myndbandið sýnir einnig að lömbum sem fæðast um borð er slátrað og kastað fyrir borð ásamt fjölda þeirra 2.400 dýra sem drápuð meðan á flutningunum stóð. Ekki er hreinsað undan fénu og sést það vaða í skít upp á miðja leggi. Einnig má sjá sárþjád dýr sem dýralæknirinn um borð veitir enga aðstoð.

Árið 2017 fékk fyrirtækið Emanuel Exports viðvörðun eftir að um 3.000 kindur drápuð um borð í sama skipi þegar það var að flytja fé frá Ástralíu til sama áfangastaðar.



Reglur um dýravelferð þverbrotnar

Awassi Express.

Myndirnar eru þær fyrstu sem sýna ástandið um borð í áströlsku gripaflutningaskipi. Yfirvöld í Ástralíu eru sögð æf yfir birtingu myndbandsins og segja að fyrirtækinu beri að fara eftir áströlskum lögum um dýravelferð sem séu greinilegar þverbrotnar samkvæmt myndbandinu.

Í framhaldi af birtingu myndbandsins hefur landbúnaðarráðherra Ástralíu farið fram á tafarlaugar úrbætur áður en gripaflutningar

af þessu tagi verða leyfðir aftur. Ráðherrann vill einnig að skipafélögum sem flytja lifandi búfé verði skylt að setja upp myndavélar um borð í skipunum svo að hægt verði að fylgjast með meðferð dýranna í landi og grípa til ráðstafana gerist þess þörf.

Flutningar á lifandi búfé milli landa hafa verið stundaðar í mörg ár og þetta er ekki í fyrsta sinn sem myndir sýna slæma meðferð á gripunum og hafa dýraverndunarsamtök margoft mótmælt og gagnrýnt slíka flutninga á grundvelli dýravelferðarlaga.

Svipt leyfi tímabundið

Flutningafyrirtækið Emanuel Exports, sem hefur sérhæft

Sviptmyndir frá flutningum á sláturfé með skipinu Awassi Express frá Ástralíu til Mið-Austurlanda. Myndirnar eru úr myndbandi sem einn úr áhöfn á skipinu tók og hafa verið birtar á fjölda vefmiðla um allan heim.

sig í flutningum á búfé, missti tímabundið leyfi til flutninganna eftir að myndbandið var gert opinbert og meðan á rannsókn málsins stóð og gerðar hafa verið kröfur um endurbætur á framkvæmd flutninganna. Meðal úrbóta sem krafist er til að bæta velferð dýranna er að

þau hafi nægan aðgang að vatni og fóðri og að komið verði upp loftkælingu í lestum og öðrum flutningsrymum.

Á sama tíma var annað sjóflutningafyrirtæki, EMS Rural Exports Pty Ltd, einnig svipt leyfi til að flytja lifandi dýr vegna slæmrar meðferðar á þeim. /VH

Kansas í Bandaríkjunum:

Bruni í kjötvinnslu leiðir til rannsóknar á meintu misferli á nautakjötsmarkaðnum

Nautakjötsgeirinn í Kansas í Bandaríkjunum sætir nú rannsókn landbúnaðarráðuneytisins (USDA) fyrir meint misferli og samráð í verðlagningu. Fór ráðuneytisstjórnin, Sonny Perude, fram á rannsókn í kjölfar brunna sem átti sér stað í kjötpökkunarhluta Tyson's Holcomb sláturhússins í Kansas.

Eldur kom upp í vinnslunni 9. ágúst sl. og leiddi það til þess að verð sem greitt var fyrir nautgripi til bænda féll, væntanlega vegna offramboðs fyrir vinnslurnar á svæðinu. Á sama tíma hækkaði smásöluverð á nautakjöti út úr búð. Greint var frá þessu á vefmiðlinum Global Meat 29. ágúst.

Unnu kjöt af 6.000 nautgripum á dag

Pökkunarverksmiðja fyrirtækisins



Bruninn í kjötpökkunarhluta Tyson's Holcomb sláturhússins í Kansas.

eyðilagðist í eldinum, en hjá fyrirtækinu var slátrað að jafnaði um 6.000 nautgripum á dag. Það þýðir að við stöðvun verksmiðjunnar safnast upp um 30 þúsund gripir í hverri vinnuviku sem bíða slátrunar og vinnslu. Var pökkunarverksmiðja Tyson's Holcomb með um 6% af heildarpökkunargetunni í bandarísku nautakjötsframleiðslunni og um 23,5% af afkastagetunni í Kansas.


Samkvæmt fréttum frá CattleFax

þýðir þetta að vinnslur í Kansas, Texas, Colorado, Nebraska og í Iowa þurfa að auka sín afköst um 8–8,5% ef þær eiga að taka við nautgripunum frá Kansas. Haft er eftir greinendum í þessum geira að erfitt geti reynst að samræma aðgerðir til að mæta þessu áfalli.

11,5 milljónir gripa í fódrunarstöðvum

Sömu heimildir greina frá því að heildarfjöldi nautgripa í fódrunarstöðvum (feedyards) í Bandaríkjunum hafi verið 11,5 milljónir þann 1. júlí. Þar af voru 2,4 milljónir gripa í Kansas, eða um 21% af heildarfjöldanum.

Í yfirlýsingu sem Sonny Perude sendi frá sér segir m.a.



að þetta sé hluti af aðgerðum við að fylgjast með áhrifum brunans á framleiðsluáðstöðuna í Holcomb í Kansas. Því hafi hann beðið pökkunar- og birgðadeild landbúnaðarráðuneytisins um að setja í gang rannsókn á nýlegum

verðafkomutölum. Einnig að komast að niðurstöðu um hvort einhverjar sannanir séu fyrir einhverju misferli í verðlagningu, samráði eða takmörkunum á samkeppni eða fyrir öðrum óheildarlegum viðskiptum.

Jennifer Houston, formaður Landssamtaka nautgripaframleiðenda (National Cattleman's Beef Association), gaf frá sér yfirlýsingu í kjölfarið. Þar segir m.a.:

„Við hvetjum landbúnaðarráðuneytið til að skoða alla þætti framleiðslu-keðjunnar á nautakjöti og nýta allar mögulegar leiðir í þeirri rannsókn. Við trúum því að það muni auka gagnsæi sem hjálpar okkur við að byggja upp traust á markaðnum meðal nautgripaframleiðenda.“

/HKr.

AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL



Kristján Ólafur Ólafsson, framkvæmdastjóri Moltu á Akureyri, við pappír sem nýttur er til moltugerðar. Myndir / MPP

Akureyringar flokka meirihluta sorps

Um 7.600 tonn af sorpi og öðrum úrgangi féllu til frá heimilum á Akureyri á liðnu ári. Stór hluti er enduruninn, þar af fóru hátt í tvö þúsund tonn af lífrænum úrgangi í jarðgerðarstöð Moltu í Eyjafjarðarsveit.

Samkvæmt tölum frá 2017 er Ísland í fjórða sætinu yfir magn úrgangs, um 656 kíló á hvern íbúa að því er fram kom í fréttum RÚV nýverið. Þarna er átt við heildarmagn, þó að mestu leyti frá heimilum, burtséð frá því hvað verður um sorpið, hvort það er urðað, endurunnið og þá hvernig. Meðaltalið í Evrópusambandinu eru 486 kíló á hvern íbúa.

36% af úrgangi fara í urðun

Fram kemur í frétt á heimasíðu Akureyrarbæjar að í fyrra féllu til um 7.600 tonn af sorpi frá heimilum á Akureyri. Það gera um það bil 400 kíló á hvern íbúa. Þar af fara um 2.800 tonn af úrgangi í urðun í Stekkjarvík í námunda við Blönduós, eða um 36%. Flest annað er endurunnið á einn eða annan hátt.

Akureyringar hafa á undanförunum árum náð mjög góðum árangri í flokkun og endurvinnslu á papp, drykkjarumbúðum, plasti og málmum. Þar að auki hafa um 80% heimila á Akureyri, í yfir tíu ár, flokkað allan lífrænan úrgang



Stór hluti alls úrgangs sem fellur til á Akureyri er enduruninn. Hátt í tvö þúsund tonnum af lífrænum úrgangi var skilað frá akureyskum heimilum í jarðgerðarstöð Moltu í Eyjafjarðarsveit.

og skilað í Moltu, segir í frétt á vefsíðunni. Einnig að nýjasta dæmið sé græna trektin, en með henni geta

íbúar með einföldum hætti losað sig við alla matarolíu og dýrafitu á þægilegan hátt. /MPP



STARF FAGSTJÓRA BÚFJÁRRÆKTAR OG ÞJÓNUSTUSVIÐS

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir fagstjóra búfjárræktar og þjónustusviðs. Um er að ræða stjórnendastarf.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- ✓ Faglegur leiðtogi og fyrirlíði teymis sem vinnur að ráðgjafarstarfsemi ásamt ýmsum öðrum verkefnum í landbúnaði.
- ✓ Fagsviðið hefur meðal annars umsjón með ræktunarstarfi búfjárræktar, almennri þjónustu og ráðgjöf til landbúnaðar.
- ✓ Fagstjóri ber lykilábyrgð á stýringu mannaúts og gætir þess að ráðgjafar á sviðinu nýtist sem best fyrir heildina.
- ✓ Fagstjóri ber ábyrgð að innan teymisins séu verkefni og ráðgjöf markviss.

Menntunar- og hæfnikröfur:

- ✓ Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun á sviði búvísinda, raungreina eða náttúruvísinda æskileg.
- ✓ Stjórnunarreynsla mjög æskileg.
- ✓ Þekking á verkefnastjórnun er kostur.
- ✓ Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- ✓ Góðir samskiptahæfileikar.

Við leitum að einstaklingi með brennandi áhuga á landbúnaði í sínum víðasta skilningi og hefur metnað og frumkvæði til að vinna að ráðgjafa starfsemi RML.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafaryfirtæki í eigu bænda og sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 13 starfsstöðvum. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins www.rml.is þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

Umsóknarfrestur er til og með 25. september.

Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri klk@rml.is og Gunnfríður Elin Hreiðarsdóttir verkefnastjóri geh@rml.is



Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON
á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

Gámurinn er þarfaping



Til leigu eða sölu:

- Þurgámar
- Hitastýrðir gámar
- Geymslugámar
- Einangraðir gámar
- Fleti og tankgámar
- Gámar með hliðaröppun
- Gámahús og salernishús
- Færanleg starfsmannaðstaða
- Bos gámar og skemmur



www.stolpigamar.is
Stólpi Gámar

Klettagördum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

Morgunfrú ræktuð á tveimur stöðum úti með Eyjafirði:

Íslensk morgunfrúarolía í snyrtivörugerð

– Góð uppskera í sumar og ekki þarf lengur að flytja morgunfrúarolíu inn frá útlöndum

Morgunfrú er ræktuð á tveimur skikum í Hörgársveit, á Búlandi og við Hjalteyri. Blómin eru þurrkuð og unnin úr þeim morgunfrúarolía sem síðan er nýtt í framleiðsluvörur Purity Herbs á Akureyri.

Fyrirtækið framleiðir yfir 50 mismunandi húð- og snyrtivörur. Félagið hefur starfað á Akureyri í um aldarfjórðung og notar eingöngu náttúruleg efni í sínar vörur, íslenskar jurtir og vatn, allar jurtir eru handtíndar og umgengni við þær þannig háttáð að gæðin skili sér út í framleiðsluferli vörunnar.

„Uppskeran var það góð í sumar að hún dugar okkur í framleiðsluna allt árið og ríflega það,“ segir Ásta Sýrusdóttir hjá Purity Herbs á Akureyri, en hún býr ásamt eiginmanni, Jóni Þorsteinssyni, á Búlandi þar sem þau hafa komið sér upp reit til að rækta morgunfrú. Annar reitur álíka stór er hjá góðum vini þeirri og reynslubolta í ræktun, en sá er staðsettur á Hjalteyri.

Morgunfrúarolía er notuð sem grunnur í svo gott sem allar

framleiðsluvörur fyrirtækisins. Hún hefur fram til þessa verið flutt inn frá útlöndum.

„Það er ánægjulegur áfangi sem við höfum náð með því að rækta og búa til okkar eigin morgunfrúarolíu og við erum himinlifandi með þann árangur,“ segir hún.

Nær allar jurtir tíndar á Norðurlandi

Þegar Ásta og Jón keyptu jörðina Búland á sínum tíma sáu þau strax fyrir sér að hægt yrði að nýta hana að hluta til ræktunar fyrir fyrirtæki sitt, Purity Herbs. Jörðin er um 100 hektarar að stærð. Stór hluti þeirra jurta sem fyrirtækið þarfnast í framleiðsluvörur sínar koma af Búlandsjörðinni, m.a. vallhumall, hlaðkolla, blóðarfi og blóðberg, maríustakkur og víðibörkur svo eitthvað sér nefnt. „Þetta hefur reynst okkur gjöfult land þegar að jurtatínslu kemur,“ segir Ásta, en hún ásamt starfsfólki fyrirtækisins taka nokkra daga yfir sumarið í jurtatínslu.

Nær allar jurtir sem notaðar eru í



Uppskeran var góð í sumar.



Ásta segir að klippa þurfi blómin af á hárréttum tíma til að ná sem allra bestu gæðum. Eftir að blómin hafa verið klippt af vaxa þau aftur og hægt að nýta blóm af hverri jurt nokkrum sinnum yfir sumarið.



Morgunfrúarolía er notuð sem grunnur í svo gott sem allar framleiðsluvörur fyrirtækisins. Hún hefur fram til þessa verið flutt inn frá útlöndum.

framleiðslu Purity Herbs eru tíndar á Norðurlandi, eða um 98%, en það sem upp á vantar fá þau hjá fólki sem tínt hefur jurtir fyrir félagið árum saman.

Uppspera eykst ár frá ári

Nýliðið sumar var hið þriðja í röðinni þar sem Ásta spreytir sig á að rækta morgunfrú og segir að hin fyrri tvö hafi ekki gengið áfallalaust fyrir sig.

„Það voru ýmsir byrjunarörðugleikar í þessu hjá okkur, en miðað við hve uppskeran var góð í sumar sem leið tel ég að við höfum slitið barnsskónum og verðum hér eftir á góðu róli,“ segir hún. Fyrsta sumarið var uppskeran afar léleg, örlítið meiri í fyrrasumar og ljómandi góð, sem fyrr segir, núna. „Við kunnum á þessu tölkin núna og vitum hvernig á að bera sig að.“

Fluttu olíuna áður inn

Morgunfrúarolía hefur fram til þessa verið keypt frá útlöndum,

en nú hefur þeim áfanga verið náð að fyrirtækið ræktar sjálft sína eigin olíu og er það að sögn Ástu umtalsverður ávinningur. „Við getum verið alveg viss um að gæðin eru fyrsta flokks,“ segir hún en að auki sparist við þetta fyrirkomulag gjaldreyrir þegar ekki þarf lengur að flytja vöruna inn.

Ásta segir að klippa þurfi blómin af á hárréttum tíma til að ná sem allra bestu gæðum. Eftir að blómin hafa verið klippt af vaxa þau aftur og hægt að nýta blóm af hverri jurt nokkrum sinnum yfir sumarið. Blómið er því næst forþurrkað heima á Búlandi í skemmu sem til stendur að betrubæta, en þurrkun lýkur í höfuðstöðvum Puriy Herbs á Akureyri.

Vörur Purity Herbs eru seldar víða um heim og nú virðist nýr og spennandi markaður vera að opnast að sögn Ástu en tvær sendingar hafa þegar farið utan. „Við vonum að það geti orðið byrjun á mikilvægu samstarfi og auknum útflutningi,“ segir Ásta.

/MPP

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra: Vonbrigði með tillögu um rekstur almenningsamgangna

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hefur lýst yfir vonbrigðum með tillögu Vegagerðarinnar um mögulegt framtíðar rekstrarform almenningsamgangna.

Lagt var fram minnisblað frá Vegagerðinni á fundi SSNV í liðnum mánuði um málið sem tekið hafði verið saman í kjölfar fundar Landshlutasamtaka sveitarfélaga og Vegagerðarinnar. Í minnisblaðinu kemur fram að eyða þurfi óvissu um rekstur almenningsamgangna.

Vegagerðin metur það svo að tvær leiðir séu færar í þessum efnum. Annars vegar að Vegagerðin taki við þjónustunni og hins vegar að stofnað verði sameiginlegt félag ríkis og landshlutasamtaka þar sem ábyrgð á kostnaði dreifist eftir eignarhlut. Í minnisblaðinu er síðari tillagan útlustuð nánar og lagt til eignarhlutfall, stofnframlag,

fjármögnun starfsmanna og styrkframlag ríkis.

Almenningsamgöngur á ábyrgð ríkisins

Stjórn SSNV lýsir í fundargerð sinni yfir vonbrigðum með tillögunni og ítrekar að almenningsamgöngur séu verkefni á ábyrgð ríkisins og eigi því að vera fjármagnaðar að fullu af ríkinu. „Það að gera landshlutasamtökin og þar með sveitarfélögin í landinu fjárhagslega ábyrg fyrir málaflokknum að stórum hluta er ekki ásettanleg niðurstaða,“ segir þar ennfremur.

Stjórn SSNV áreitar hins vegar mikilvægi þess að heimamenn komi að rekstri almenningsamgangna vegna staðbundinnar þekkingar á þörf og leiðarvali. Stjórnin bendir einnig á að hún hafi vilja til áframhaldandi viðræðna svo farsæl lausn finnist á málinu. /MPÞ

Hrunamannahreppur:

Um 23% íbúa erlendir

Samkvæmt upplýsingum frá Jóni Valgeirssyni, sveitarstjóra Hrunamannahrepps, eru 98 af 804 íbúum sveitarfélagsins með pólskt ríkisfang en 23% af íbúum er með erlent ríkisfang.

Næststærsti hópurinn kemur frá

Rúmeníu en þau eru um 45. „Það er ljóst að þessi staða er komin til að vera og við þurfum áfram að vinna í að taka vel á móti þessu góða fólki sem er okkur svo mikilvægt“, segir Jón í Pésanum, fréttabréfi Hrunamannahrepps. /MHH



Vegagerðin hyggst ekki þjónusta Hólasandsveg og Dettifossveg næsta vetur. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er óhress, enda eru þetta svæði sem eru mikið sótt af ferðamönnum. Mynd / HKR.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps óhress:

Engin vetrarþjónusta verður á Hólasandsvegi og Dettifossvegi

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps ítrekaði á fundi á dögunum fyrri samþykktir sínar um að gera þurfi verulegt átak í að lagfæra héraðsvegi í sveitarfélaginu, í samræmi við Umferðaröryggisáætlun Skútustaðahrepps. Þeir eru flestir í mjög slæmu ásigkomulagi.

Sveitarstjórn segir að því beri þó að fagna að efni hafi verið keyrt í tvo tengivegi nú í ágúst, en þeir voru illa farnir sem og viðgerð á klæðningu á þjóðveginum við Mývatn. Sveitarstjórn lýsir jafnframt yfir miklum vonbrigðum með að Vegagerðin hyggst ekki þjónusta Hólasandsveg og Dettifossveg næsta vetur.

„Verður að teljast með ólíkindum að um leið og búið er að leggja bundið slitlag á Hólasandsveg skuli öll vetrarþjónusta skorin niður,“ segir í bókun sveitarstjórnar sem skorar á Vegagerðina að endurskoða ákvörðun sína.

Ekki við það unað að vegurinn verði ekki mokaður yfir veturinn

Nefn er í bókun að ferðþjónustan hafi ítrekað kvartað yfir því að Dettifossvegur sé ekki mokaður nema tvisvar á ári. Skorar sveitarstjórn á stjórnvöld að tryggja fjármagn til þjónustu allt árið um kring við Dettifossveg. Sú þjónusta verði enn mikilvægari þegar búið verður að klára veginn frá Dettifossi og að Ásbyrgi.

„Ekki verður við það unað að sá vegur verði ekki mokaður yfir vetrartímann, enda sú framkvæmd til þess gerð að tryggja og efla samgöngur um Norðurland allan ársins hring,“ segir í bókun.

Sveitarstjórn mótmælir því einnig að Víkurskarð verði ekkert þjónustað í vetur og að tíminn sem þjóðvegur 1 verður opinn í vetrarfærð verði styttr. /MPÞ

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
Á BÍLSKÚRS- OG IÐNAÐARHUÐUM

IS HURÐIR

www.ishurdir.is
564-0013 | 865-1237

2017-2018 Fyrirmyndaryrirtaki í rekstri
2018 Framúrskarandi yrirtaki

FRÁBÆR TILBOÐ Á LASERUM

LEITIÐ UPPLÝSINGA HJÁ SÖLUMÖNNUM.



SÍÐUMÚLA 28 / 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5100 / ISMAR.IS



Lífræn hreinsistöð



• Fyrirferðalítill fullkomin sambyggð skolphreinsistöð

• Uppfyllir ýrtruðu kröfur um gæði hreinsunar

• Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð

• Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti

• Engir hreyfanlegir hlutir

• Stærðir frá 6 - 55 persónueiningar



wpl
Diamond



IDNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Suðvesturland

Fossvallarétt við Lækjarbotna (Rvk/Kóp)	sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00
Hraðastaðarétt í Mosfellsdal	sunnudaginn 15. sept. kl. 13.00
Kjósarrétt í Kjós	sunnudaginn 22. sept. kl. 15.00, seinni réttir sun. 13. okt. kl. 15.00

Vesturland

Arnarhólsrétt í Helgafellssveit	sunnudaginn 22. sept.
Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf.	laugardaginn 28. sept.
Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr.	sunnudaginn 15. sept., seinni réttir sun. 29. sept.
Brekkurétt í Saurbæ, Dal.	sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00, seinnir réttir sun. 29. sept. kl. 13.00
Fellsendarétt í Miðdölum, Dal.	sunnudaginn 15. sept. kl. 14.00, seinnir réttir 22. sept. og 29. sept. kl. 14.00
Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal.	laugardaginn 14. sept., seinni réttir lau. 28. sept.
Fljóstungurétt á Hvítársíðu, Mýr.	laugardaginn 14. sept. og sun. 15. sept., seinni réttir lau. 28. sept.
Fróðarrétt í Fróðarhreppi	laugardaginn 21. sept.
Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal.	sunnudaginn 15. sept. kl. 12.00, seinni réttir sun. 29. sept. kl. 16.00
Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf.	laugardaginn 28. sept.
Grímsstaðarétt á Mýrum, Mýr.	þriðjudaginn 17. sept. kl. 10.00, seinni réttir mán. 30. sept. kl. 14.00 og 7. okt. kl. 14.00
Hellnarétt í Breiðuvík, Snæf.	laugardaginn 21. sept.
Hítardalsrétt í Hítardal, Mýr.	mánudaginn 16. sept., seinni réttir 29. sept. og 7. okt.
Hornsrétt í Skorradal, Borg.	✓ sunnudaginn 8. sept. kl. 10.00
Hólmarétt í Hörudal, Dalabyggð	sunnudaginn 22. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 29. sept. kl. 10.00
Hrafkelsstaðarétt í Grundarfirði	laugardaginn 21. sept., um kl. 15.00
Kaldárþakkarétt í Kolb., Hnappadalssýslu	✓ sunnudaginn 8. sept.
Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal.	laugardaginn 14. sept., seinni réttir lau. 28. sept.
Klofningsrétt í Beruvík, Snæf.	laugardaginn 28. sept.
Langhólsrétt í Eyja- og Miklaholtshr.	mánudaginn 23. sept. kl. 16.00
Ljárskógarett í Laxárdal, Dal.	✓ laugardaginn 7. sept.
Mýrar í Grundarfirði	laugardaginn 21. sept. kl. 16.00
Mýrdalsrétt í Hnappadal	þriðjudaginn 24. sept., seinni réttir sun. 13. okt.
Nesmelsrétt í Hvítársíðu, Mýr.	✓ laugardaginn 7. sept.
Núparétt í Melasveit, Borg.	✓ sunnudaginn 8. sept. kl. 13.00, seinni réttir lau. 21. sept.
Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Borg.	✓ miðvikudaginn 11. sept. kl. 9.00, seinni réttir sun. 6. okt. kl. 10.00
Ólafsvikurrétt í Ólafsvík, Snæf.	laugardaginn 21. sept.
Ósrétt á Skógarströnd, Dal.	✓ laugardaginn 5. okt. kl. 10.00
Rauðsgilsrétt í Hálsasveit, Borg.	sunnudaginn 22. sept. kl. 10.00, seinni réttir 6. okt. kl. 14.00
Reynisrétt undir Akrafjalli, Borg.	laugardaginn 21. sept., seinni réttir lau. 28. sept.
Skarðsrétt á Skarðsströnd, Dal.	sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00, seinni réttir sun. 29. sept. kl. 14.00
Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal.	sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00, seinni réttir sun. 29. sept. kl. 13.00
Svarthamarsrétt á Hvalfj. str., Borg.	✓ sunnudaginn 8. sept. kl. 10.00, seinni réttir sun. 29. sept.
Svignaskarðsrétt, Svignaskarði, Mýr.	mánudaginn 16. sept., seinni réttir mán. 30. sept. og mán. 7. okt.
Tungurétt á Fellsströnd, Dal.	✓ laugardaginn 7. sept., seinni réttir fös. 13. sept.
Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal.	laugardaginn 21. sept. kl. 13.00, seinni réttir sun. 13. okt. kl. 13.00
Þverárrétt Eyja- og Miklaholtshr., Snæf.	sunnudaginn 22. sept. kl. 10.30
Þverárrétt í Þverárhlið, Mýr.	mánudaginn 16. sept., seinni réttir mán. 23. sept. og mán. 30. sept.
Þæfusteinsrétt á Hellissandi/Rifi, Snæf.	laugardaginn 21. sept.
Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf.	laugardaginn 28. sept.

Vestfirðir

Arnardalsrétt í Arnardal í Skutulsfirði	laugardaginn 21. sept. og sun. 22. sept.
Eyrarrétt á Eyri í Kollafirði, Reykhólahreppi, A-Barð.	✓ laugardaginn 7. sept.
Grundarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð.	föstudaginn 13. sept.
Hjarðardalsrétt í Hjarðardal í Dýrafirði	laugardaginn 21. sept. og sun. 22. sept.
Hraunsrétt við Hraun í Hnífsdal í Skutulsfirði	laugardaginn 26. sept.
Innri-Múlarétt á Barðaströnd, V.-Barð.	sunnudaginn 22. sept. kl. 14.00
Kinnarstaðarétt í Reykhólal., A-Barð.	sunnudaginn 15. sept.
Kirkjubólurétt í Steingrímsfirði, Strand.	laugardaginn 21. sept. kl. 14.00
Kirkjubólurétt við Kirkjuból í Engidal í Skutulsfirði	laugardaginn 21. sept. og sun. 22. sept.
Kjósarrétt í Árneshreppi, Strand.	laugardaginn 21. sept.
Kröksfjarðararétt í Reykhólal., A-Barð.	laugardaginn 14. sept.
Melarétt í Árneshreppi, Strand.	laugardaginn 14. sept.
Miðhús í Kollafirði, Strand.	sunnudaginn 22. sept., einni réttir sun. 6. okt.
Minni-Hlið í Hliðardal	laugardaginn 14. sept.
Skarðsrétt í Bjarnarfirði, Strand.	laugardaginn 21. sept. kl. 14.00
Skeljavikurrétt í Steingrímsfirði, Strand.	✓ föstudaginn 6. sept., seinni réttir sun. 22. sept.
Staðarrétt í Reykhólahreppi, A-Barð.	föstudaginn 13. sept.
Staðarrétt í Steingrímsfirði, Strand.	sunnudaginn 15. sept. kl. 14.00

Syðridalsrétt í Bolungarvík	laugardaginn 14. sept.
Traðarrétt við Tröð í Bjarnardal í Öndarfirði	laugardaginn 21. sept. um kl. 16.00

Norðvesturland

Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún.	✓ laugardaginn 7. sept. kl. 8.00
Beinakeldurétt, A.-Hún.	✓ sunnudaginn 1. sept. kl. 9.00
Fossarrétt í A.-Hún.	✓ laugardaginn 7. sept.
Hamarsrétt á Vatnsnesi, V.-Hún.	laugardaginn 14. sept.
Hliðarrétt / Bólstaðarhliðarrétt, A.-Hún.	✓ sunnudaginn 8. sept. kl. 16.00
Hrútatungurétt í Hrútafirði, V.-Hún.	✓ laugardaginn 7. sept. kl. 9.00
Hvalsárrétt í Hrútafirði, Strand.	laugardaginn 14. sept. kl. 13.00
Kjalarlandsrétt, A.-Hún.	✓ laugardaginn 7. sept.
Miðfjarðarétt í Miðfirði, V.-Hún.	✓ laugardaginn 7. sept. kl. 9.00
Rugludalsrétt í Blöndudal, A.-Hún.	✓ laugardaginn 31. ágúst kl. 16.00
Skrapatungurétt í Laxárdal, A.-Hún.	✓ sunnudaginn 8. sept. kl. 9.00
Stafsarrétt í Svartárdal, A.-Hún.	✓ laugardaginn 7. sept. kl. 8.30
Sveinsstaðarétt, A.-Hún.	✓ sunnudaginn 8. sept. kl. 10.00
Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún.	✓ föstudaginn 6. sept. kl. 13.00 og lau. 7. sept. kl. 9.00
Valdarásrétt í Fitjárdal, V.-Hún.	✓ föstudaginn 6. sept. kl. 9.00
Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún.	✓ laugardaginn 7. sept. kl. 10.00
Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún.	laugardaginn 14. sept.

Mið-Norðurland

Akureyrarrétt við Hrapstaði, Eyjafirði	laugardaginn 14. sept.
Árhólarétt (Unadalsrétt) við Hofsó, Skag.	laugardaginn 14. sept. um kl. 14.00
Árskógrétt á Árskógsströnd, Eyjafirði	✓ laugardaginn 7. sept.
Dalvíkurrétt, Dalvík	✓ laugardaginn 7. sept.
Deildardalsrétt í Deildardal, Skagafirði	✓ laugardaginn 7. sept.
Flókadalurétt í Fljótum, Skagafirði	sunnudaginn 15. sept. kl. 13.00
Héðinsfjarðarétt í Héðinsfirði	✓ sunnudaginn 8. sept.
Hliðarrétt í Vesturdal, Skagafirði	sunnudaginn 15. sept.
Hofsrétt í Vesturdal, Skagafirði	laugardaginn 14. sept.
Holtsrétt í Fljótum, Skagafirði	laugardaginn 14. sept.
Hraunarétt í Fljótum, Skagafirði	✓ föstudaginn 6. sept.
Hraungerðsrétt í Eyjafjarðarsveit	✓ laugardaginn 7. sept.
Kleifarétt í Fljótum, Skagafirði	✓ laugardaginn 7. sept.
Laufskálarétt í Hjaltadal, Skagafirði	✓ sunnudaginn 8. sept.
Mælifellsrétt í Skagafirði	✓ sunnudaginn 8. sept.
Möðruvallarétt í Eyjafjarðarsveit	✓ sunnudaginn 8. sept.
Ósbrekkurétt í Ólafsfirði	föstudaginn 13. sept. og laugardaginn 14. sept.
Reistararrétt í Hörgársveit, Eyjafirði	laugardaginn 14. sept.
Reykjarétt í Ólafsfirði	fimmtudaginn 12. sept. og lau. 21. sept. Fljótaféð réttáð í Stíflurétt 9. sept.
Sauðárkróksrétt (Kröksrétt), Skagafirði	✓ laugardaginn 7. sept.
Selnesrétt á Skaga, Skagabyggð	✓ laugardaginn 7. sept., seinni réttir lau. 14. sept.
Siglufrjörarétt í Siglufríði	laugardaginn 14. sept.
Silfrastaðarétt í Blönduhlíð, Skagafirði	✓ mánudaginn 9. sept.
Skarðarétt í Gönguskörðum, Skagafirði	✓ laugardaginn 7. sept.
Skálarrétt í Hrollleifsdal, Skagafirði	laugardaginn 14. sept.
Staðarþakkarétt í Hörgárdal, Eyjafirði	föstudaginn 13. sept.
Staðarrétt (Reynisstaðarrétt), Skagafirði	✓ sunnudaginn 8. sept.
Stíflurétt í Fljótum, Skagafirði	föstudaginn 13. sept.
Tungurétt í Svarfjörðum	✓ sunnudaginn 8. sept. kl. 13.00
Unadalsrétt / Árhólarétt í Unadal, Skagafirði	laugardaginn 14. sept. um kl. 14.00
Vallarétt, Eyjafjarðarsveit	✓ sunnudaginn 8. sept. kl. 10.30
Vatnsendarétt, Eyjafirði	✓ sunnudaginn 8. sept.
Þorvaldsdalurétt í Hörgársveit, Eyjafirði	✓ laugardaginn 7. sept.
Þórastaðarétt á Moldhaugnahálsi, Eyjafirði	laugardaginn 14. sept.
Þverárrétt í Öxnadal, Eyjafirði	mánudaginn 16. sept.
Þverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit	✓ sunnudaginn 8. sept. kl. 10.00

Helstu réttir í Landnámi Ingólfs Arnarsonar

Brúsastaðarétt í Þingvallasveit	sunnudaginn 15. sept. kl. 17.00
Fossvallarétt við Lækjarbotna	sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00
Heiðarþæjarrétt í Þingvallasveit	laugardaginn 14. sept. kl. 15.00
Hraðastaðarétt í Mosfellsdal	sunnudaginn 15. sept. kl. 13.00
Húsmúlarétt við Kolviðarhól	laugardaginn 14. sept. kl. 15.00
Kjósarrétt í Kjós	sunnudaginn 22. sept. kl. 15.00, seinni réttir sun. 13. okt. kl. 15.00
Krýsuvikurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr.	laugardaginn 28. sept. kl. 13.00
Selftararétt í Grafningi	mánudaginn 16. sept. kl. 9.45
Selvogsrétt í Selvogi, Ám.	sunnudaginn 15. sept. kl. 9.00
Þórkötlustaðarétt í Grindavík	laugardaginn 21. sept. kl. 14.00
Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi	sunnudaginn 15. sept. kl. 16.00

Samkvæmt fjallskilasmýkkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 733/2012 eru seinni leitir tveim vikum síðar og því réttáð aftur í flestum framangreindum réttum dagana 30. sept.–2. október. Hafa skal í huga að tímasetningar leita og rétta geta breyst, einkum vegna veðurs.




Þverárrétt í Eyjafjarðarsveit. Mynd / Jón Óskar Ísleifsson

Fjarréttir haustið 2019

Bændablaðið tekur saman og birtir yfirlit um fjár- og stóðréttir. Listinn er unninn með þeim hætti að leitað er til sveitarfélaga og bænda um upplýsingar. Listi yfir helstu stóðréttir á landinu er birtur á blaðsíðu 30.

Leitið til heimamanna

Uppfærslur á listanum eru gerðar jafnóðum og eru aðgengilegar á vef Bændablaðsins, bbl.is. Hakað er við þær fyrri réttir sem eru liðnar. /TB



FJÁRRÉTTIR

Kortagerð: Ólafur Valsson Copyright ©

Norðausturland

Álandstungurétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði	✓	mánudaginn 9. sept.
Árrétt í Bárðardal	✓	sunnudaginn 1. sept. kl. 8.00
Baldursheimsrétt í Mývatnssveit, S.-Þing.	✓	sunnudaginn 1. sept. kl. 9.30
Dalsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði		laugardaginn 14. sept. kl. 8.00
Dálkstaðarétt á Svalbarðsörnd, S.-Þing		laugardaginn 14. sept. kl. 9.00
Fjallalækjarselrétt	✓	sunnudaginn 8. sept.
Fótarétt í Bárðardal	✓	mánudaginn 2. sept. kl. 9.00
Garðsrétt í Þistilfirði	✓	sunnudaginn 8. sept.
Gljúfurarétt í Grýtabakkahr., S.-Þing.	✓	sunnudaginn 8. sept. kl. 9.00
Gunnarsstaðarétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði		laugardaginn 14. sept. kl. 8.00
Hallgilsstaðarétt á Langanesi		sunnudaginn 15. sept.
Hlíðarétt í Mývatnssveit, S.-Þing	✓	sunnudaginn 1. sept. kl. 10.00
Hraunsrétt í Aðaldal, S.-Þing.	✓	sunnudaginn 8. sept. kl. 10.00
Húsavikurrétt	✓	laugardaginn 7. sept. kl. 14.00
Hvamsrétt í Svalbarðshreppi í Þistilfirði		laugardaginn 14. sept.
Illugastaðarétt í Fnjóskadal S.-Þing.		Ekki rétttað.
Katastaðarétt í Núpasveit, N.-Þing.	✓	sunnudaginn 8. sept. kl. 8.30
Landsrétt í Óxarfirði, N.-Þing.		sunnudaginn 15. sept.
Leirhafnarétt á Melrakkaléttu, N.-Þing		sunnudaginn 22. sept. kl. 10.00
Lokastaðarétt í Fnjóskadal, S.-Þing.		sunnud. 15. sept. kl. 9.00
Mánárrétt á Tjörnesi	✓	sunnudaginn 8. sept.
Miðfjarðarnesrétt á Langanesi	✓	sunnudaginn 8. sept.

Miðfjarðarétt		fimmtudaginn 19. sept.
Mýrarrétt í Bárðardal, S.-Þing.	✓	laugardaginn 31. ágúst kl. 8.00
Ósrétt á Langanesi	✓	mánudaginn 9. sept., seinni réttir sun. 15. sept.
Sandfellshagarétt í Óxarfirði, N.-Þing.	✓	þriðjudaginn 10. sept.
Skógarrétt í Reykjahverfi, S.-Þing.	✓	laugardaginn 7. sept. kl. 14.00
Stórsandhólarétt á Sandhólum - Tjörnesi	✓	sunnudaginn 8. sept.
Svalbarðsrétt	✓	sunnudaginn 8. sept.
Tjarnarleitisrétt í Kelduhverfi, N.-Þing.		sunnudaginn 15. sept.
Tungugerðsrétt á Tjörnesi	✓	laugardaginn 7. sept.
Tungurétt í Óxarfirði, N.-Þing.	✓	sunnudaginn 8. sept.
Tunguselrétt á Langanesi	✓	sunnudaginn 8. sept.
Viðikersrétt í Bárðardal, S.-Þing.	✓	sunnud. 1. sept. kl. 16.00
Vikingavatsrétt í Kelduhverfi, N.-Þing.		laugardaginn 14. sept.
Þorvaldsstaðarétt, Langanesbyggð	✓	miðvikudaginn 11. sept. kl. 17.00

Austurland

Melarétt í Fljótadal, N.-Múl.		laugardaginn 14. sept. kl. 11.00
Ormarsstaðarétt í Fellum, Fljótsháðaráði		sunnudaginn 22. sept. kl. 13.00
Seyðisfjarðarétt við Nátthaga	✓	sunnudaginn 8. sept.
Teigsrétt, Vopnafirði	✓	sunnudaginn 8. sept. um kl. 14.00

Suðausturland

Borgarhafnarétt, Suðursveit, A.-Skaft.	✓	laugardagurinn 7. sept. kl. 15.30
--	---	-----------------------------------

Brunnavallarétt, smalað úr Eystra-Landi, Miðþorpi í Suðursveit	✓	laugardaginn 31. ágúst um kl. 13.00
Brunnavallarétt, smalað úr Staðardal, Miðþorpi í Suðursveit	✓	sunnudaginn 1. sept. um kl. 14.00
Fossrétt á Síðu, V.-Skaft.	✓	föstudaginn 6. sept. kl. 9.00
Grafarrétt í Skaftártungu, V.-Skaft.		laugardaginn 14. sept. kl. 10.00
Kálfafellsdalsrétt, Miðþorpi, Suðursveit	✓	sunnudaginn 1. sept. um kl. 12.00
Kálfafellsrétt, Miðþorpi, Suðursveit	✓	laugardaginn 31. ágúst um kl. 13.00
Skaftárrétt, V.-Skaft.	✓	laugardaginn 7. sept. kl. 9.00

Suðurland

Austur-Landeyjaréttir hjá Grenstanga, Rang.		sunnudaginn 22. sept. kl. 14.00
Brúsastaðarétt í Þingvallasveit, Árn.		sunnudaginn 15. sept. kl. 17.00
Fjallrétt við Þórólfsfell, Rang.	✓	mánudaginn 9. sept. kl. 10.00
Fljótshlíðarétt í Fljótshlíð, Rang.		sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00
Fossvallarétt við Lækjarbotna		sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00
Haldréttir í Holtannafrétti, Rang.	✓	sunnudaginn 8. sept. kl. 9.00
Heiðarbæjarétt í Þingvallasveit, Árn.		laugardaginn 14. sept. kl. 15.00
Hraðastaðarétt í Mosfellsdal		sunnudaginn 15. sept. kl. 13.00
Hrunaréttir í Hrunamannahreppi, Árn.		föstudaginn 13. sept. kl. 10.00

Húsmúlarétt við Kolviðarhól, Árn.		laugardaginn 14. sept. kl. 15.00
Kjósarrétt í Kjós		sunnudaginn 22. sept. kl. 15.00, seinni réttir sun. 13. okt. kl. 15.00
Krýsuvikurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr.		laugardaginn 28. sept. kl. 13.00
Landréttir við Áfangagil, Rang.		fimmtudaginn 26. sept. kl. 12.00
Laugarvatnsrétt, Árn.	✓	sunnudaginn 8. sept., um kl. 17.00
Reyðarvatnsréttir á Rangárvöllum		laugardaginn 21. sept. kl. 11.00
Reykjaréttir á Skeidum, Árn.		laugardaginn 14. sept. kl. 9.00
Selfatarétt í Grafningi		mánudaginn 16. sept. kl. 9.45
Seljalandsréttir undir Eyjafjöllum, Rang.		laugardaginn 21. sept.
Selvogsrétt í Selvogi, Árn.		sunnudaginn 15. sept. kl. 9.00
Skaftholtsréttir í Gnúpvjehreppi, Árn.		föstudaginn 13. sept. kl. 11.00
Tungnaréttir í Biskupstungum		laugardaginn 14. sept. kl. 9.00
Vestur-Landeyjaréttir við Forsæti, Rang.		sunnudaginn 22. sept. kl. 14.00
Þórístunguréttir, Holtannafr., Rang	✓	sunnudaginn 8. sept. kl. 9.00
Þórkötustaðarétt í Grindavík		laugardaginn 21. sept. kl. 14.00
Ölfusrétt í Reykjadal, Ölfusi		sunnudaginn 15. sept. kl. 16.00



Haldið verður upp á 70 ára afmæli Skógasafns og Héraðsskólans á Skógum sunnudaginn 15. september frá kl. 15.00 til 18.00.

Mynd / Andri Guðmundsson

Haldið upp á 70 ára afmæli Skógasafns og Skógaskóla

Sunnudagurinn 15. september verður stór dagur í Skógasafni undir Eyjafjöllum en þann dag frá 15.00 til 18.00 verður haldið upp á 70 ára afmæli safnsins, auk Skógaskóla.

Hátíðin byrjar í Skógaskóla og síðan verður ný sýning opnuð um sögu þessara stofnana í safninu. Mikil uppbygging hefur átt sér stað frá því að Skógasafn var fyrst opnað almenningi. Safnið er nú eitt það stærsta á landinu og telur safnkosturinn um 18 þúsund muni sem var að mestu leyti safnað af fyrrum safnstjóra, Þórði Tómassyni. Safnið hefur notið mikilla vinsælda og árlega skiptir gestafjöldi safnsins tugum þúsunda. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og



Á safninu á Skógum kennir margra grasa.

Mynd / HKR.

sveitarstjórnarráðherra mun setja hátíðina klukkan 15.00. Þá verða

nokkur ávörp flutt og sönghópurinn Öðlingar úr Rangárvallasýslu mun



Vegagerð hefur sinn sess á safninu.

Mynd / HKR.

syngja nokkur lög. Kaffiveitingar verða í Skógakaffi og Fornbílaklúbbur

Íslands verður með fornbíla til sýnis. Allir eru velkomnir í afmælið. *MHH*

STÓÐRÉTTIR



Mynd / bbl

Stóðréttir haustið 2019

Mikill áhugi er fyrir stóðréttum ekki síður en fjárréttum. Hér er listi yfir þær stóðréttir sem upplýsingar lágu fyrir um þegar blaðið fór í prentun. Listi yfir

fjárréttir er á blaðsíðum 28 og 29 ásamt korti sem sýnir staðsetningu réttanna.

Fyrirvari er gerður á að einhverjar villur kunnir að hafa slæðst inn og

verður þá reynt að bæta úr því í næsta blaði eftir því sem kostur er. Sömuléiðis eru ábendingar vel þegnar ef einhverjar réttir hafa orðið útundan í upptalningu blaðsins. *TB*

Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún.	laugardaginn 21. sept. kl. 16.00	Skrapatungurétt í A.-Hún.	sunnudaginn 15. sept. kl. 11.00
Árhólarétt í Unadal, Skag.	föstudaginn 27. sept.	Staðarrétt í Skagafirði.	laugardaginn 14. sept.
Deildardalsrétt í Deildardal, Skag.	föstudaginn 27. sept.	Tungurétt í Svarfaðardal, Eyf.	laugardaginn 5. okt.
Hliðarrétt við Bólstaðarhlíð, A.-Hún.	sunnudaginn 15. sept. kl. 16.00	Unadalsrétt í Unadal við Hofsó, Skag.	föstudaginn 27. sept.
Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag.	laugardaginn 28. sept.	Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún.	laugardaginn 21. sept. kl. 9.00
Melgerðismelarétt í Eyjafjarðarsveit	laugardaginn 5. okt. kl. 13.00	Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún.	laugardaginn 5. okt. kl. 11.00
Miðfjarðarrétt í Miðfirði, V.-Hún. ✓	laugardaginn 7. sept. kl. 9.00	Þverárrétt í Eyjafjarðarsveit	laugardaginn 5. okt. kl. 10.00
Selnesrétt á Skaga, Skag.	laugardaginn 14. sept.	Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún.	laugardaginn 28. sept. kl. 12.30
Skarðarétt í Gönguskörðum, Skag.	laugardaginn 14. sept.		



Félagskonur í Kvenfélaginu Nönnu héldu upp á afmæli Lystigarðsins og afhjúpuðu í leiðinni fræðsluskilti sem þær gáfu garðinum sem og líka bekk til heiðurs Eyþóri Þórðarsyni, skipuleggjanda garðsins.

Lystigarðurinn í Neskaupstað 85 ára:

Kvenfélagskonur gáfu skilti og bekk

Lystigarðurinn í Neskaupstað átti á dögunum 85 ára afmæli og í tilefni þess héldu félagskonur í Kvenfélagi Nönnu upp á afmælið og afhjúpuðu í leiðinni fræðsluskilti sem þær gáfu garðinum bekk til heiðurs Eyþóri Þórðarsyni, skipuleggjanda garðsins.

Garðurinn er merkilegur fyrir margra hluta sakir en einna helst þá staðreynd að hann var gerður á þeim tíma sem almennt var lítið um slíka yndisreiti. Kvenfélagið Nanna á allan heiðurinn af tilurð þessa garðs og allt til dagsins í dag hefur félagið verndað garðinn og viðhaldið honum. Lystigarðar gegna mörgum hlutverkum fyrir samfélagið, þeir eru ekki einungis

til þróis heldur eru þeir mikilvægir samverustaðir, dvalarstaðir til íhugunar, upplifunar, skemmtunar, andlegrar og líkamlegrar heilsu svo eitthvað sé nefnt.

Lystigarðurinn í Neskaupstað á ekki bara merkilega sögu heldur er hann líka einstakur hvað varðar stíl og gerð enda byggður í miklum halla og til þess að fá sléttar flatir var hlaðið undir hverja flöt fyrir sig, alls fimm flatir. Síldarvinnslan í Neskaupstað styrkti kvenfélagið vegna skiltagerðarinnar og einnig við kaup á bekknum. Fjarðabyggð kom að uppsetningu skiltanna og faglegri ráðgjöf. En félagskonur í Kvenfélagi Nönnu eiga heiðurinn af þessu skemmtilega framtaki, segir í frétt á vefsíðu Fjarðabyggðar. *MPP*

MENNING & LISTIR



Í verkefninu Unga fólkíð og plast mun unglíngastig Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri kynna verkefni sem þau hafa sérstaklega unnið fyrir BRIM kvikmyndahátíð. Verkefnið samanstendur af stuttmynd og miðlunartengdu efni um plastmengun sjávar.

BRIM kvikmyndahátíð verður haldin á Eyrarbakka 28. september:

Um plastmengun og áhrif plasts á okkur og náttúruna

BRIM kvikmyndahátíð verður haldin á Eyrarbakka laugardaginn 28. september nk. Þar verða sýndar þrjár kvikmyndir sem fjalla um plast og afleiðingar þess á samfélög, náttúruna, hafið og á okkur sjálf. Stuttir og fróðlegir fyrirlestrar verða þar einnig sem fjalla um stöðuna á Íslandi.

BRIM kvikmyndahátíð ætlar sér að fræða og vekja athygli á einu stærsta og mest aðkallandi umhverfisvandamáli samtímans. Kvikmyndasýningar eru í Óðinshúsi á Eyrarbakka og eru þær opnar öllum. Á flesta viðburði er ekki þörf á að skrá sig fyrirfram, aðeins að mæta og njóta. Hins vegar þarf að skrá sig á myndirnar Plastic ocean og myndina Albatross. Hægt er að gera það á vefsíðunni brimkvikmyndahatid.is. Annars er ókeypis á allar sýningar og viðburði.



Plastic ocean

Kvikmyndin Plastic ocean er einstaklega áhrifamikil kvikmynd sem fjallar um hvað gerist þegar plast fer í hafið. Ferðast er um víða veröld ofan- og neðansjávar, rætt við fólk og fremstu vísindamenn og aðstæður skoðaðar. Skoðað er hvernig plast brotnar hratt niður í örplast og afleiðingar þess meðal annars með tilliti til þess þegar það fer í fæðukeðjuna og dregur að sér eitrefni eins og segull. Örplastið og eitrefnin enda svo á matborði okkar með ófyrirséðum afleiðingum. Mögnuð mynd sem óhætt er að mæla mjög með. Þessi mynd er með íslenskum texta og nauðsynlegt er að bóka sig fyrirfram.

Jordan sem fjallar á áhrifamikill og sjónræn hátt um Stormfugl og þau hörmulegu áhrif sem plast í hafinu hefur á fuglinn og lífsskilyrði hans. Þessi mynd er ekki með íslenskum texta. Myndin er fyrst og fremst list- og sjónræn upplifun og ættu flestir að geta notið myndarinnar óháð skilningi á ensku. Myndin er sýnd í grænu stofunni í Húsinu (Byggðasafni Árneseinga). Takmarkaður fjöldi kemst á sýninguna og því er nauðsynlegt að bóka sig fyrirfram á þessa sýningu. Ekkert kostar samt á þessa sýningu.


Unga fólkíð og plast

Í verkefninu Unga fólkíð og plast mun unglíngastig Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri kynna verkefni sem þau hafa sérstaklega unnið fyrir BRIM kvikmyndahátíð. Verkefnið samanstendur af stuttmynd og miðlunartengdu efni um plastmengun sjávar. Verkefnið er unnið með samþættingu námsgreina, þ.e. náttúrufræði, ensku og upplýsingatækni.

Unglingastig Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri mun sýna stuttmyndir og annað miðlunartengt efni er varðar plastmengun sjávar. Verkefni nemenda verða unnið með samþættingu námsgreina, þ.e. náttúrufræði, ensku og upplýsingatækni. Verkefni nemenda eru hluti þeirra kvikmynda og fræðsluefnis sem sýnt verður á BRIM kvikmyndahátíð. Fangelsið á Litla-Hrauni tekur þátt í verkefninu og verður kvikmyndasýning fyrir fanga hluti af hátíðinni. Litla-Hraun er eitt þeirra „heimila“ sem mun bjóða almenningi að koma og horfa á eina af myndum hátíðarinnar. Að lokinni sýningu á Litla-Hrauni verður fræðsluerindi en þá mun einstaklingur frá fangelsinu segja frá því hvernig fangelsið vinnur að umhverfismálum.

Lausnamiðuð fræðsla

Fræðsluerindi verða í boði á hátíðinni og er ekki nauðsynlegt að skrá sig á þau. Markmiðið er að fræða um þann vanda sem plastnotkun og plastmengun er bæði á heimsvísu og í okkar nærumhverfi. Einnig er horft til lausna og verður sagt frá því starfi sem verið er að vinna á því sviði. /HK/



Albatross

Myndin Albatross er listræn og áhrifamikil mynd sem fjallar um fuglinn Stormfugl / Albatross á Midway eyju í Kyrrahafinu. Myndin er eftir listamanninn Chris



„Bag it“

Í myndinni „Bag it“ er Bandaríkjamadurinn Jeb Berrier hinn „venjulegi meðalmaður“ sem ákveður að skoða hvað verði um alla plastpokana sem við notum og spyr sig hvort þeir séu virkilega nauðsynlegir. Þessar vangaveltur leiða hann inn í heim plasts og það „ástarsamband“ sem við eigum við plast í okkar nútímasamfélagi.

Jeb kemst að því að það er nánast allt í okkar nútímasamfélagi gert úr plasti og/eða inniheldur skaðleg plastefni. Barnavörur, íþróttavörur, efni í tannlækningum og hreinlætisvörur, svo eitthvað sé nefnt. En við getum brugðist við og það eru leiðir, á þær er einnig bent í þessari mynd. Þessi mynd er ekki með íslenskum texta.

ORKUSTOFNUN

Hefur þú kynnt þér Smávirkjanaverkefni Orkustofnunar?

- Smærri virkjanir geta verið lyftistöng fyrir bæði bændur og fleiri aðila
- Þær geta stuðlað að auknu orkuöryggi í landinu
- Geta verið svar við orkuskorti víða um land
- Geta tryggt vaxtarmöguleika í dreifðari byggðum landsins

Kynntu þér málið á vef Orkustofnunar:
<https://orkustofnun.is/raforka/smavirkjanir/>

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík - Sími 569-6000 - www.os.is

CFMOTO

ZFORCE 1000

2.378.368,- án vsk.
2.949.000,- m vsk.

Bein innspýting, rafmagnstýri, spil, dráttarkrókur, hátt og lágt drif m/ læsingu, 14 tommu felgur, stillanlegir gasdemparar, 84 hestöfl/7000rpm, traktosskráður.

Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi
Sími 557 4848 / www.nitro.is

Glerárgötu 36 / 600 Akureyri
Sími 415-6415 / hesja.is

Lyngás 13 / 700 Egilsstaðir
Sími 471-2299 / ab.is

EYJALIND Varahlutir í VOLVO

- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Alternatorinn eða startarinn bilaður?

Viðgerðir og sala á alternatorum og startörum í flestar gerðir bíla, báta og vinnuvéla.

Hjólástillingar, úrval af ljósum á kerrur og eftirvagna, kerrutenglar, kaplar, perur og tengi.

Sendum um allt land.

www.pgs.is
pgs@pgs.is
s 586 1260
Viðarhöfði 1, 110 Reykjavík

PG Startþjónustan
Alternator & Startarar

Landsátak í söfnun birkifræs

Nú er að hefjast landsátak í söfnun birkifræs. Það er Landgræðslan, Olís og Hekluslógar sem standa fyrir áttakinu. Söfnunarpokar eru fánlegir á Olís-stöðvum um allt land og stöðvarnar taka við pokunum að söfnun lokinni. Sjá slóð aftar í textanum - þar sem hægt er að sjá nöfn þeirra stöðva sem taka þátt í áttakinu.

Á pokunum, sem eru úr pappír, eru prentaðar upplýsingar um það hvernig best sé að safna fræi. Næsta vor verður fræinu dreift víða um land.

Þeir sem ekki eiga þess kost að safna fræinu í umrædda pappírspoka eru beðnir um að nota taueda pappírspoka – og skila þeim á Olísstöðvar eða til starfsstöðva

Landgræðslunnar ásamt upplýsingum um hvar fræinu var safnað. Best er að koma pokunum sem fyrst á söfnunarstaði. Nöfn þeirra sem safna þurfa að fylgja fræpokunum. Áttakinu lýkur um miðjan október og þá verður dregið úr nöfnum þeirra sem söfnuðu fræi og vegleg – umhverfisvæn – verðlaun veitt.

Búið er að gera heimasíðu vegna

átaksins og er slóðin á hana: www.olis.is/birkifrae

Því miður er 2019 ekki gott fræár fyrir birki en þó má víða finna tré með gott fræ. Slakt fræár ætti að vera enn meiri hvatning fyrir fólk til að fara á stúfana og leita uppi falleg tré með gott fræ. Með fræsöfnun hjálpuð við náttúrunni til að hjálpa sér sjálfri.

Söfnun birkifræs er góð ástæða til að komast út og njóta fallegra haustdaga. Auk þess er fræsöfnun prýðileg fjölskylduskemmtun og er full ástæða til að hvetja vinnustaði til að fara í fræsöfnunarferðir.

Nánari upplýsingar um áttakið er hægt að fá hjá Landgræðslunni í síma 488 3000 (Þórunn Pétursdóttir og/ eða Áskell Þórisson).

Fróðleikur um birkifræ

- Hægt er að safna birkifræi frá lokum ágúst og fram í byrjun október. Eða svo lengi sem reklar eru á trjánum.
- Gott er að nota ílát eða poka sem binda má framan á sig, svo báðar hendur séu lausar við fræsöfnunina.
- Safnarar þurfa að velja falleg tré til að safna af.



Talið hefur verið að vaxtarlag trjánna og hugsanlega vaxtarþróttur þeirra erfist og því er mælt með því að fræi sé safnað af vöxtuglegum trjám frekar en jarðlægum runnum. Fræplöntur af kröftugum trjám eru líklegri til að vaxa hraðar í æsku.

Þægilegast er að safna fræinu þegar birki hefur fellt lauf enda má þá strjúka það af greinunum með lítilli fyrirhöfn. Ef safna á fræi mjög seint er hætt við að hauststormar hafi verið fyrri til og feykt fræinu af trjánnum. Best er að safna á þurrum sólríkum haustdögum þegar lauf er að mestu fallið af trjánnum, en fræin sitja eftir.

Margir skógar henta ágætlega fyrir fræsöfnun, sér í lagi ungsjógar, þar sem trén eru í hæfilegri hæð, 2–3, m og auðvelt er að komast um. Heimagarðar og bæjargarðar henta einnig vel enda eru tré á slíkum svæðum oft greinamikil og standa gisið. Fræsöfnun er ákaflega skemmtileg viðbót við sunnudagsgöngu og góð ástæða til að njóta haustlita í skjóli birkiskóga.



Mynd / Ása Aradóttir.

Hekluslógar:

Stærsta endurheimtarverkefni Evrópu

Hekluslógar eru gott dæmi um það hvernig náttúrunni er hjálpað – til að hjálpa sér sjálfri. Hekluslógar ná yfir 92 þúsund hektara og er talið stærsta endurheimtarverkefni í Evrópu.

Rúmlega 30 þúsund hektarar eru uppgrónir en eftir er að græða upp rúmlega 60 þúsund hektara. Búið er að gróðursetja 3,5 millj. plantna. Langflestar plönturnar eru birki. Árangur birkisáningarinnar er ótrúlega góður og má segja að hann hafi farið fram úr öllum vonum.

Í Hekluslógu eru gróðursettar íslenskar tegundir, mest birki í grúppur sem breiða úr sér í fyllingu tímans. Hekluslógar tóku sín fyrstu skref árið 2007 og eru elstu trén farin að sá sér út og er farið að bera á sáðplöntum á elstu svæðum.

Töluvert hefur verið tínt af fræi í gegnum tíðina fyrir Hekluslóga og sáð á ýmsum stöðum á svæðinu. Þetta starf er farið að bera góðan árangur.

Sjálfgæðsla birkis á Skeiðarársandi

– Röskegla 30 ferkílómetra skógur á aldarfjórðungi

Birkiskógar eru okkar einu náttúrulegu skógar. Við landnám er talið að þá hafi verið að finna á um 25–30% landsins en nú þekja þeir aðeins um 1,5%. Landnýting mannsins, s.s. skógarhögg, kolagerð og búfjárbætur, olli hruni í þessum vistkerfum. Með minnkandi sauðfjárbætur og hlýnandi loftslagi hefur birki víða breiðst út.

Endurheimt birkiskóga er mikilvægt verkefni og í aðgerða-áætlun stjórnvalda í loftslags-

málum gegnir hún stóru hlutverki en í því sambandi er sjálfgæðsla birkis lykilþáttur.

Sem gott dæmi um sjálfgæðslu birkis má nefna Skeiðarársand sem hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum og á nyrsta hluta hans er nú að vaxa upp birki á víðáttumiklu svæði þar sem áður var auðn.

Starfsfólk Landgræðslunnar og Háskóla Íslands hefur rannsakað landnám birkis á svæðinu sl. tvo áratugi og auka þær rannsóknir

enn frekar þekkingu okkar á því hvernig birki nemur land á lítt grónu landi. Fyrstu birkiplönturnar námu land á sandinum í kringum 1990 og á ríflega aldarfjórðungi er útbreiðsla þess orðin yfir þrjú þúsund hektarar. Það er mikilvægt að skilja þessi náttúrulegu ferli og nýta þau til að efla sjálfgæðslu birkis.

Með því að safna og dreifa birkifræi getur almenningur lagt sitt af mörkum til að klæða Ísland birkiskógi á nýjan leik.

Hjálpuð náttúrunni að hjálpa sér sjálfri

Ein mikilvirkasta aðferðin sem við höfum til kolefnisjöfnunar verndar um leið íslenska náttúru og því mikilvægt að við nýtum okkur hana í sem flestum tilfellum.

Þeir sem vilja kolefnisjafna með því að auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri eiga að leggja megináherslu á að fjárfesta í aukinni útbreiðslu innlendra tegunda eins og birkis og víðis.

Aukum útbreiðslu birkiskóga og víðikjars

Það eru gríðarlegir möguleikar til að auka útbreiðslu birkiskóga og víðikjars hérlendis. Gögn Landgræðslunnar sýna að neðan

600 metra hæðar yfir sjávarmáli eru allt að 15 þúsund ferkílómetrar af röskuðu landi og mikið af því er enn að eyðast og tapa kolefni.

Innlendar tegundir eru aðlagðar aðstæðum á Íslandi

Stóraukin útbreiðsla innlendra trjategunda er mjög öflug leið til að draga úr og aðlagast áhrifum loftslagsbreytinga. Samhliða er það náttúruverndaraðgerð sem felur í sér fjölbreyttan umhverfis-ávinning, er hlutfallslega ódýr, auðveld í framkvæmd og allir geta tekið þátt. Innlendar tegundir eins og birki, gulvíðir og loðvíðir eru aðlagðar aðstæðum á Íslandi og

búa yfir miklum erfðabreytileika sem nauðsynlegt er að vernda. Fjölbreytileikinn er mikilvæg trygging gagnvart áföllum eins og náttúruvá af ýmsum toga.

Kolefnisjöfnun og náttúruvernd

Íslendingar eiga hiklaust að virkja getu náttúrunnar til að græða sig sjálfa. Það er nóg að sá birkifræi eða gróðursetja í 5–10% af flatarmáli þess landsvæðis sem á að endurheimta og búa þannig til fræuppsprettur innan þess. Náttúran mun svo sjálf taka við og sjá til þess að með tímanum mun birki og víðir vaxa um allt svæðið. Þetta tekur aðeins örfáa áratugi, eina sem



þarf að gera er að friða landið gegn sauðfjárbætur. Kostnaður við þessa aðgerð fer eftir ástandi landsins

sem á að endurheimta og er á bilinu 40.000–200.000 kr. á hektara.

1000 ferkílómetra aukning fyrir árið 2030?

Við berum öll samfélagslega ábyrgð á að draga úr og sporna við áhrifum loftslagsbreytinga og endurheimt birkiskóga og víðikjars er áhrifaríkasta aðgerðin sem við getum beitt hérlendis. Við eigum að taka þetta verkefni saman í fangið og setja okkur metnaðarfullt markmið um að stóruka útbreiðslu birkiskóga og víðikjars, helst um 1000 ferkílómetra fyrir árið 2030. Það er vel hægt ef við leggjumst öll á eitt.

Smalahundafélag Íslands:

Metþátttaka á landsmóti á Langanesi

Landsmót Smalahundafélags Íslands var haldið á Hallgilsstöðum á Langanesi helgina 24.–25. ágúst. Þetta mót fer í sögubækurnar þar sem metþátttaka var á mótinu, eða 25 hundar. Eins og venjulega var keppt í þremur flokkum, A-flokki, B-flokki og Unghundaflokki. Níu hundar kepptu í unghundaflokki, þrjár í B-flokki og 13 hundar í A-flokki.

Mótið tókst með miklum ágætum. Austurlandsdeild Smalahundafélagsins hélt um það af miklum myndarskap. Veðrið setti þó reyndar mark sitt leiðinlega mikið á þessa daga en kalt var í veðri og vætusamt fyrri daginn og hvasst þann seinni. Engu að síður voru allir sáttir að móti loknu.

Dómgæsla var í höndum Gunnars Einarssonar frá Daðastöðum



Sigurveggarar í A-flokki, talið frá vinstri: Jens Þór Sigurðsson og Groesfaen Nap frá Bretlandi, sem lentu í öðru sæti. Aðalsteinn Aðalsteinsson og Burndale Biff frá Bretlandi sem hrepptu fyrsta sætið og Marius Snær Halldórsson og Elsa frá Hallgilsstöðum 1 urðu í þriðja sæti.

Myndir / Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson



Íslandsmeistarinn Aðalsteinn Aðalsteinsson.



Þessir hlutu heiðursverðlaun mótsins, Aðalsteinn Aðalsteinsson, formaður Smalahundafélags Íslands, og dómari mótsins, Gunnar Einarsson frá Daðastöðum.

og Sverris Möllers frá Ytra-Lóni en þeir hlupu í skarðið þar sem Englendingurinn Edward Thornally forfallaðist á bókstaflega síðustu stundu. Austurlandsdeild Smalahundafélagsins vill koma á

framfæri kærur þökkum til Gunnars og Sverris. Gunnar var einnig gerður að heiðursfélaga í Smalahundafélagi Íslands á meðan á móti stóð en óhætt er að segja að framlag hans til smalahundageinarinnar á Íslandi

sé mikið og án hans ósennilegt að greinin væri á þeim stað sem hún er í dag. Úrslit voru eftirfarandi:

Unghundaflokkur:

1. Marius Snær Halldórsson og Fríða frá Hallgilsstöðum 1.
2. Svanur Guðmundsson og Skessa frá Dalsminni.
3. Krzysztof Krawczyk og Loki frá Hallgilsstöðum 1.

B-flokkur.

1. Krzysztof Krawczyk og Tígull frá Hallgilsstöðum 1.
2. Björn Jóhann Steinarsson og Skriða frá Skriðu.
3. Sigurður J. Hermannsson og Táta frá Skriðu.

A-flokkur.

1. Aðalsteinn Aðalsteinsson og Burndale Biff frá Bretlandi.
2. Jens Þór Sigurðsson og Groesfaen Nap frá Bretlandi.
3. Marius Snær Halldórsson og Elsa frá Hallgilsstöðum 1. /ajh

Hagkvæm dekk fyrir alvöru kröfur

Þegar velja skal vinnuvéla- og landbúnaðardekk skipta gæði, ending og áreiðanleiki höfuðmáli.


Maxam dekkinn eru hagkvæmur kostur og hafa reynst vel við krefjandi aðstæður.

Gerðu kröfur — hafðu samband við sölumenn okkar í síma **590 5280** og kynntu þér kosti **Maxam** dekkjanna.



KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10 / 104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is



UTAN ÚR HEIMI



Afríki fillinn er meðal þeirra dýra í heiminum sem sögð eru vera í alvarlegri útrýmingarhættu.

Verndun villtra dýrastofna:

Bannað að flytja afríska fíla í dýragarða

Nýjar reglur um viðskipti með villt dýr banna að afrískir fílar sem veiddir hafa verið í náttúrunni verði fluttir í dýragarða. Bannið gerir ráð fyrir undanþágum sé það talið til hagsbóta fyrir dýrin.

Bannið var samþykkt á fundi Cites, alþjóðlegra samtaka um verndun villtra dýra, í Sviss fyrir skömmu. Samþykktin var gerð þrátt fyrir mótmæli fulltrúa Simbabwe og Botsvana en bæði ríki hafa

verið leiðandi í sölu á afrískum fílum til dýragarða víða um heim. Dýragarðar í Kína hafa til dæmis keypt yfir hundrað unga fíla frá Simbabwe frá árinu 2102.

Afríki fillinn er meðal þeirra dýra í heiminum sem sögð eru vera í alvarlegri útrýmingarhættu. Af þjóðum heims sem áttu fulltrúa á fundinum samþykktu 87 bannið, 25 sátu hjá og 29 höfnuðu því, þar á meðal fulltrúi Bandaríkja Norður-Ameríku. *NH*



Krossfiskur af tegundinni *Marthasterias glacialis*.

Krossfiskum fjölga hratt við Spánarstrendur

Stjórnvöld í Galísíu á norðvestanverðum Spáni hafa lýst yfir stríði á hendur krossfiskum sem fjölga sér hratt við strendur héraðsins og éta þar allt sem að kjafti kemur. Svæðið byggir afkomu sína að hluta til á kræklingseldi og skelfiskveiðum.

Sjómenn á svæðinu, sem margir gera út á skelfisk, segja að óvenju mikið af krossfiskum hafi veiðst við strönd Galísíu en minna af skelfiski, sem er aðalæða krossfiskanna. Eftir að yfirvöld gáfu leyfi til að fækka krossfiskunum hafa veiðar sjómanna á svæðinu að mestu gengið út á að veiða hundruð kílóa af krossfiskum á dag.

Að sögn sjómanna í Galísíu er ekki nóg með að krossfiskarnir éti skelfisk eða leggist á kræklingalínur því þeir hreinlega éta allt sem að kjafti kemur. *NH*

Út af strönd Galísíu er djúpur neðansjávardalur sem íbúar svæðisins og reyndar Spánn sem heild byggir árlega 200 þúsund tonna framleiðslu sína af kræklingum á.

Ekki er vitað fyrir víst hvers vegna krossfiskum hefur fjölgað hratt á skelfiskaslóðinni en líklegasta skýringin er talin vera hlýnun sjávar.

Til að vera vissir um að krossfiskveiðarnar skili árangri verður að fara með allan aflann í land þar sem hann er látinn þorna og drepinn þannig. Tegundirnar sem veiðast mest, *Marthasterias glacialis* og *Asterias rubens*, eru báðar gæddar þeim hæfileikum að á þær vaxa nýir útlímur og að nýtt dýr getur einnig vaxið út frá fallna útlímum. Það er því lítið gagn í því að skera krossfiskana í stykki til að drepa þá. *NH*

LÍF & STARF



Þegar búið var að tína sveppina voru þeir matreiddir og snæddir.

Sveppaganga Skógræktarfélag Eyjafjarðar:

Sveppauppskera í tæpu meðallagi

Árleg sveppaganga Skógræktarfélag Eyfirðinga var farin á dögum og að þessu sinni var gengið um Miðhálskóg í Óxnadal.

Um 25 manns lögðu leið sína í skóginn í kvöldblíðunni og söfnuðu í matbúr vetrarins. Guðríður Gyða Eyjólfssdóttir sveppafræðingur leiðbeindi fólki um flest sem viðkemur matsveppum og greindi fjölmarga nágretta þeirra í skóginum, auk þess að elda dýrindis sveppamáltíð í lok göngunnar.

Sveppauppskera hefur verið í tæpu meðallagi í Eyjafirði þetta sumarið. Sveppir létu kræla á sér frekar snemma sumars en síðustu vikur hafa sum staðar verið minna gjöfugar en væntingar stóðu til þegar að matsveppum kemur.

Fróðleikur og útivera

Ingólfur Jóhannsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélag Eyfirðinga, segir áhuga fólks á að tína matsveppi vaxandi, en félagið hefur nokkur undanfarin ár boðið upp á sveppagöngur og þáttakendum fjölga ár frá ári. „Þetta hafa verið skemmtilegar ferðir, Guðríður



Ólafur Thoroddsen, formaður Skógræktarfélag Eyfirðinga, og Halldór Pétursson á spjalli meðan beðið er eftir rjúkandi ketilkaffinu.

Gyða ber á borð fyrir okkur heilmikinn fróðleik og það er auðvitað það sem margir sækjast eftir, að fræðast betur um sveppina og hvað hægt sé að gera úr þeim. En eins hafa líka margir gaman af

útiverunni, fara út fyrir stígakerfi skóganna og leita að sveppum er góð skemmtun og jafnast á við að fara í berjamó. Mörgum þykir þetta ómissandi hluti af haustinu,“ segir Ingólfur. *MPB*

Íbúar vilja halda áfram verkefninu Glæðum Grímsey: Skiptir máli fyrir lífsgæði þeirra sem eftir eru

Íbúar Grímseyjar vilja að verkefninu Glæðum Grímsey verði haldið áfram í að minnsta kosti eitt ár í viðbót og fara þess á leit við Bygðastofnun og Akureyrarbæ að svo verði. Verkefnið Brothættar byggðir fór seinna af stað í Grímsey en áætlað var og var íbúafing t.d. ekki haldið fyrir en í maí 2016.

Sú seinkun sem varð á að verkefnið hefist sem og sú alvarlega staða sem nú er uppi í Grímsey nægir að mati íbúanna til að halda verkefninu gangandi.

Ekki náð að snúa íbúafingunni við

„Þrátt fyrir að verkefnið Glæðum Grímsey hafi því miður ekki náð að hafa mikil áhrif á íbúafingunna

í Grímsey þá eru íbúar samt sem áður gláðir með verkefnið og það sem með því hefur áunnist,“ segir í bókun frá hverfisráði Grímseyjar. Íbúafingun hafi verið vel heppnað og á því sett fram skýr framtíðarsýn Grímseyinga, auk þess sem listuð voru upp markmið sem markvisst hefur verið unnið í að ná undanfarin ár.

Áframhald verkefnisins mikilvægt

Grímseyingar telja áframhald verkefnisins mikilvægt, því að þrátt fyrir að það hafi ekki snúið íbúafingunni við, enn sem komið er, skipti það miklu máli fyrir lífsgæði þeirra sem enn búa í eyjunni og möguleikann á fólksfjölgun og endurnýjun.

Aðal- og grunntatvinnuvegur

Grímseyjar er sjávarútvegur og hann er forsenda fyrir byggð í eyjni.

Útgerðirnar í Grímsey eru smáar, rekstur þeirra er erfiður og á undanhaldi um allt land. Sérstaki byggðakvótinn sem fylgir verkefninu hefur stutt við og jafnvel verið forsenda fyrir útgerð og atvinnu í eyjunni.

„Verkefnið Glæðum Grímsey hefur gert íbúum kleift að koma á fót ýmsum fyrirtækjum og bæta þjónustu við heimamenn og gesti.

Áframhald á verkefninu myndi styrkja stöðu eyjarinnar enn frekar sem íbúasamfélags sem og ferðamannastaðar,“ segir í fundargerð hverfisráðs Grímseyjar. *MPB*

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM



Lauf flestra piparskotta eru þykk og því eru margar þeirra hálfgerðir þykkblöðungar.

Piparskott

Piparskott (*Peperomia*) er samheiti yfir fjölda skyldra tegunda sem eru fremur smágerðar, þéttvaxnar, fjölærar jurtir með sígrænt lauf. Tegundir þessar eru skyldar piparjurtinni en eru ekki notaðar til matar. Náttúruleg heimkynni þeirra flestra eru Mið- og Suður- Ameríka en nokkrar tegundir vaxa villtar í Afríku.

Þessar tegundir hafa reynt lífa góðu lífi sem pottablóm og hafa þann skemmtilega eiginleika að sýna mikinn breytileika í blaðlögum, blaðlit og áferð, auk þess sem blómin geta verið til mikillar prýði.



Piparskott hafa lífa góðu lífi sem pottablóm og hafa þann skemmtilega eiginleika að sýna mikinn breytileika í blaðlögum, blaðlit og áferð.

Fjölbreytt útlit

Margar tegundir fást í blómavörslunum og það getur verið smekklegt að raða þeim nokkrum saman á borð eða í glugga, ýmist saman í stóran pott eða hafa sína plöntu í hverjum potti. Hengipottar geta líka hentað þeim vel. Sumar tegundir eins og smaragðsskott bera rauðleitt, gárótt og nánast hringlaga lauf og langa, örmjóða blómstilk og fara vel með t.d. silfurskotti. Grængljáandi lauf smaragðsskottsins stendur á allöngum stilkum, er því aðeins hávaxnari og myndar gosbrunnslaga brúsk. Rákótt, gljáandi og silfurdregin laufblöð silfurskottsins eru mjög falleg. Annars er best að fara í blómavörslun með góðu tegundaúrvali og finna sín eigin uppáhaldsyrki af þessum fjölbreytta hópi skrautplantna.



Piparskott þurfa ekki að vaxa í stórum potti til að ná góðum þrifum.

Takmörkuð krafa um daglega umhirðu

Lauf flestra þessara tegunda eru fremur þykk og því eru margar þeirra hálfgerðir þykkblöðungar. Reglan er því sú að því þykkara sem lafið er, þeim mun sjaldnar þarf að vökva plöntuna. Moldin má þorna nokkuð vel milli vökvana og áburðargjöf er stillt mjög í hóf. Gefið helming uppgefins magns af blómaáburði í aðra hverja vökvun frá vori og

fram eftir sumri. Þegar haustar drögum við svo úr vökvun og höldum moldinni aðeins lítillega rakri þar til dag er farið að lengja á ný.

Umpottun og formklipping

Umræddar tegundir þurfa ekki að vaxa í mjög stórum potti til að ná góðum þrifum. Algengast er að umpotta ekki nema á 2–3 ára fresti. Meiri líkur virðast vera á kröftugri blómmyndun á plöntum sem vaxa í fremur smáum pottum, 13–14 cm víðum. Notið venjulega pottamold við umpottun. Lögum plantnanna getur verið mismunandi eftir tegundum og er rétt að leyfa henni að njóta sín sem best. Ef greinar verða óþarflega langar eða plantan verður skökk í pottinum er auðvelt að leiðrétta það með því að fjarlægja óþarfan greinavöxt. Hægt er að klippa plöntuna vel niður ef hún þykir vera orðin of stór.

Í beinu sólarljósi geta lafin orðið fölleit og fá jafnvel blaðskemmdir. Almenn hentar peperomia-tegundum að standa í hálf-skugga. Græðlingar róta sig greiðlega og fræfjölgun er líka auðveld. Meira að segja er hægt að setja afskorin lauf í raka mold og búast við að þau skjóti rótum, en sá eiginleiki er ekki algengur meðal plantna. Eldri plöntum má líka skipta í nokkra hluta.

Hóflegar hita- og rakarörfur

Venjulegur stofuhiti hentar plöntunum vel, en huga mætti að því að úða yfir þær reglulega því lofraki er venjulega í lægra lagi í húbýlum okkar. Til að njóta blaðfegurðarinnar sem best er ágætt að skola plönturnar öðru hvoru, t.d. í sturtunni.

Ingólfur Guðnason
brautarstjóri
garðyrkjuframleiðslu Lbhí
Reykjum, Ölfusi.

SAVAGE ARMS[®] ACCUTRIGGER ACCUSTOCK



Savage 320 Pump Field Grade 12ga
Skíptanlegar þrengingar Fiber optic mið

kr. 57,900



Model: 93R17GVXP
Cal: 17HMR og 270 þungt hlaup og
Bushnell sjónauki 3-9x40

kr. 75,900



MarkII FVXP
Cal: 22 LR Bushnell sjónauki 3-9x40

kr. 68,900



Savage Axis II XP
Cal: 223-243-308 6,2 creedmoore Bushnell sjónauki
3-9x40 stillanlegur gikkur og skefti

kr. 93,900



110 APEX PREDATOR XP
Cal 204, 223, 243, 308, 6,5 creedmoore sjónauki 4-12x44mm Vortex®
þungt hlaup, Crossfire II snittaður

kr. 149,900

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is

Hjá okkur færðu allt fyrir háprýstipvottinn



65¹⁹⁵⁴⁻²⁰¹⁹
DYNDANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h || Sími: 588 5080 || dynjandi.is

Bændablaðið

Smáauglýsingar **56-30-300**

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Taíland og Malasía eru langstærstu framleiðendur durian í heiminum með tæplega 90% framleiðslunnar.

Durian engum öðrum ávexti líkur

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Durian er ólíkt öðrum ávöxtum að því leyti að það gefur frá sér megna lykt sem minnir á fýlu af stæku hlandi, dauðum ketti eða opnu holræsi. Þeir sem komast upp á bragðið af ávextinum segja hann ávanabindandi og bragðið ólíkt öllu öðru sem þeir hafa smakkað. Á íslensku kallast plantan dáraaldin.

Heimsframleiðsla á durianaldinum er í kringum 1,3 milljón tonn. Taíland og Malasía eru langstærstu framleiðendurnir með tæplega 90% framleiðslunnar. Árið 2016 var framleiðslan í Taílandi um 700 þúsund kíló og 400 þúsund kíló í Malasíu. Í þriðja sæti voru Filippseyjar með 71,5 þúsund tonn.

Um 80 til 90% framleiðslunnar í Taílandi eru flutt út og mest til Kína en neytt á heimamarkaði í Malasíu og á Filippseyjum.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn 1938 kíló af durian árið 2017. Þar af komu 1.583 kíló frá Taílandi en 355 kíló frá Hollandi. Talsverður samdráttur var í innflutningi aldinsins árið 2018 og var hann þá 982 kíló sem öll komu frá Taílandi.

Ættkvíslin Durio og tegundin zibethinus

Að öllu jöfnu teljast 30 tegundir trjáa sem vaxa í regnskógum Asíu til ættkvíslarinnar Durio. Ágreiningur er um sex af þessum tegundum og vilja sumir flokkunarfræðingar telja þær til eigin ættkvíslar sem kallast Boschia.

Allar tegundirnar 30 eru hávaxin tré sem ná 25 til 50 metra hæð og getur stofninn verið 50 til 120 sentimetrar í þvermál. Nú þeirra



Mörgum finnst lyktin af durian verulega vond og hefur henni meðal annars verið líkt við fýlu af stæku hlandi, langdauðum ketti eða opnu holræsi.



Viða er bannað að hafa durianaldinið með sér inn á hótél, í neðanjarðarlestir og á aðra almenningssstaði í Asíu.

bera æt aldin. Trén ná allt að tvö hundruð ára aldri og verður börkurinn hrjúfari og ellilegri viðkomu eftir því sem trén eldast.

Sú tegund sem flestir þekkja sem durianaldin og eina aldinið innan ættkvíslarinnar sem ræktað er í stórum stíl og verslað er með á alþjóðamarkaði kallast *D. zibethinus*.

Tegundin nær 30 til 40 metra hæð í náttúrunni en yrki í ræktun eru yfirleitt um 12 metrar að hæð. Rætur sem vaxa upp af fræi mynda í fyrstu stólparót en síðar vaxa frá henni síðrætur sem greinast til hliðanna. Ræturnar liggja fremur grunnt í jarðveginum eða á minni en 50 sentímetra dýpi og vaxa sjaldnast út fyrir ystu greina trjákrónunnar. Plöntur sem vaxa af græðlingum mynda strax frejarætur út frá stofninum. Ólíkt flestum rótum greinast rætur duriantjáa ekki í rötahrár. Þess í stað taka ræturnar vatn og næringarefni upp með sérhæfðum rótum sem vaxa á hliðarrótunum.

Greinar duriantjáa vaxa beint út frá stofninum og síðan upp á

við þannig að krónan verður hálf eggjala.

Blöðin sígræn, heilrennd á 2,5 sentímetra löngum stilk og stakstæð, glansandi dökk ólífugræn á efrabörði en ljósari á því neðra, egg- eða slöng og 10 til 28 sentímetra löng. Ungt lauf er undið um miðstilkinn en breiðir fljótlega úr sér.

Trén blómstra einu sinni til tvisvar á ári og er blómgunin mismunandi eftir tegundum, aðstæðum og yrkju og það tekur að jafnaði mánuð fyrir blómin að þroskast eftir að fyrstu blómvisar koma í ljós. Blómvisar 3 til 30 saman og blómin mörg saman í niðursveigðum hnapp á sterkum blómgreinum sem vaxa út úr stofni trjáanna. Blómin, sem standa stutt, opnast síðdegis og falla af um miðnætti, eru fimm til sex sentímetrar í þvermál og á sex til sjö sentímetra stilk. Krónublöðin fimm og einstaka sinnum sex, kremgul en einnig til hvít og rauð og er aldinkjöt aldinanna samlit

krónublöðunum. Hvert blóm ber marga frævla og eina frævu. Þar sem frævur blómanna þroskast á undan fræflunum eru blómin sjaldan sjálfrjóvgandi. Blómin gefa frá sér þungan ilm og eru rík af sykri sem flugur, fuglar og leðurblökur sækja í og frjóvga blómin um leið.

Sáðplöntur bera aldin fimm til sex árum eftir spírún en plöntur sem vaxa upp af græðlingum fyrir.

Aldinþroski eftir frjóvgun er 90 til 130 dagar eftir aðstæðum og yrkjum. Að innan skiptist fullþroskað aldin í hólf en að utan er það grænt, gult eða brúnleitt eftir þroska, hnöttótt eða eggjala með þykkri húð og alsett sterkum og hvössum þyrnum. Aldinið nær allt að fimm kíló að þyngd og getu verið 30 sentímetra langt og 15 sentímetrar í þvermál þar sem það nær fullum þroska. Algengt er að aldin í sölu séu um 1,5 kíló að þyngd. Hjá ungum trjám eru tvö til tíu fræ í hverju aldini en þeim fræjunum fjölgar eftir því sem tré eldast. Fræin allt að 4 sentímetrar að lengd.

Aldinkjötið er milli 15 til 30% af aldinu og svampkennt. Þeir sem hafa smakkað aldinið segja áferð þess mjúka og jafnvel velgjukennda en að bragðið sé sætt og venjast vel.

Til er fjöldi ólíkra yrkja duriantjáa sem gefa af sér aldin sem er mismunandi að stærð og bragði og þar af finnast um 200 yrki í Taílandi. Aldur trjáa af tegundinni *D. zibethinus* er 80 til 150 ár en elsta lifandi duriantréð í Taílandi er talið vera 210 ára gamalt.

Lyktin af durian

Aldinið gefur frá sér sterka lykt sem er mismunandi milli tegunda innan ættkvíslarinnar og milli yrkja í ræktun. Mörgum finnst lyktin verulega vond og hefur henni meðal annars verið líkt við fýlu af stæku hlandi, langdauðum ketti, skemmdum lauk, óhreinum íþróttasokkum eða opnu holræsi og ælu. Rithöfundurinn Anthony

Burgess sagði að lyktin af durian vekti hjá honum mynd af því hvernig væri að borða sætt hindberjahlaup á illa þefjandi almenningskósetti.

Breski náttúrufræðingurinn Alfred Russel Wallace, 1823 til 1913, var á öðru máli og sagði lyktina líkjast ilmi af rjómaosti, góðri lauksósu eða sérri. Wallace sagði einnig að heimsókn til Suðaustur-Asíu væri vel þess virði þó ekki væri til annars en að smakka durianaldin.

Lyktin af þroskuðu darianaldini berst langar leiðir og dregur að sér margs konar dýr, íkorna, svín, bjarndýr, orangúta, fíla og jafnvel tígrisdýr. Öll þessi dýr eiga þannig þátt í að dreifa fræjum plöntunnar.

Þrátt fyrir mikla neyslu aldinsins í Suðaustur-Asíu er víða banna að hafa aldinið með sér inn á hótél, í neðanjarðarlestir og á aðra almenningsstaði í Asíu.

Saga og útbreiðsla

Talið er að uppruna durianaldins-ræktunar sé að finna á eyjunum Borneó og Súmötru og að þaðan hafi ræktunin borist yfir á Malasíuskaga og áfram til Taílands, Kambódíu og Víetnam og yfir til Indlands. Til austurs barst ræktunin til Filippseyja, Indónesíu, Papúa Nýju-Gíneu og til Ástralíu.

Ítalski kaupmaðurinn Niccolò de' Conti, uppi 1395 til 1469, ferðaðist um Suðaustur-Asíu snemma á fimmtánda öld og segir frá durianaldini í ferðabók sinni, *Le voyage aux Indes*. Þar segir hann að íbúar Súmötru neyti aldins sem er á stærð við vatnsmelónu og kalli durian og að innan sé aldinið appelsínugult og líkist þykku smjöri að áferð og að bragðið sé fjölbreytilegt.

Garsia de Orts var portúgalskur, læknir, herbalisti og náttúrufræðingur sem starfaði lengi í Góa á Indlandi og tók saman bók, *Coloquios dos simples e drogas da India*, sem gefin var út 1563 og fjallaði um lækningar og nytjaplöntur á Indlandi. Í bókinni segir hann meðal annars frá nytjum á plöntum eins og durian, engifer, valmúa, rabarbara og mangó.

Jesúítatrúboðinn Michał Boym, sem var í Kína 1655, lýsir durianaldini í einu af bréfum sínum heim og þýski grasfræðingurinn Georg Eberhard Rumphius lýsir aldininu nokkuð ítarlega árið 1741 í *Herbarium Amboinense*.

Portúgalar fluttu plöntuna til Sri Lanka á 16. öld og hófu ræktun hennar þar og eftir landafundina í Vesturheimi var hún flutt þangað en ræktun hennar að mestu bundin við grasagarða. Bretar fluttu græðlinga af duriantrjáum til eyjunnar Dominik í Karíbahafi árið 1884 og er aldinið mikið ræktað þar í dag.

Breski grasfræðingurinn F. E. Burbidge, 1847 til 1905, sagði að durian væri eins og óþím að því leyti að þegar fólk kæmist upp á bragðið með að neyta þess gæti það ekki hætt.

Íbúar Suðaustur-Asíu hafa ræktað durian í heimilisgörðum í margar aldir og það er ekki fyrr en um miðja 20. öld sem farið er að rækta plöntuna í stórum stíl þar um slóðir.

Árið 1949 sendi breski grasfræðingurinn E. J. H. Corner frá sér bókina *The Durian Theory, or the Origin of the Modern Tree*. Þar setur Corner fram þá kenningu að dreifing á fræjum hafi í fyrndinni nánast eingöngu átt sér stað með dýrum og í gegnum meltingarfæri þeirra. Það er að segja að dýr borðuðu aldinið og bæru fræin með sér í maganum þar til þau skitu þeim. Corner notar durianaldin og fræ til að lýsa kenningu sinni og segir að forverar duriantrjáa í dag hafi breiðst út með þessu móti. Langt er frá að allir séu sammála kenningu Corner og ýmislegt sem bendir til að hún sé ekki nema að hluta til rétt.

Nafnaspeki

Latneska ættkvíslarheitið *durio* er dregið að heiti aldinsins á malasísku durian en í Malasíu þýðir *duri* þymir. Tegundarheitið *zibethinus* er dregið af ítalska orðinu *zibetto* sem er heiti

á kattartegund í Suðaustur-Asíu en innfæddir nota durianaldin sem beitu til að veiða kettina sem eru sólgnir í aldinið. *Zibetto* er einnig gamalt ítalskt heiti á skunki.

Á 15. öld, fyrst eftir að Evrópumenn kynntust aldininu í heimkynnum þess, gekk það undir nöfnum eins og *doriones*, *durion*, *duryaoen*, *durean* og *durioen*. Algennt var að aldininu væri ruglað saman við tegund sem kallast *nónberkja* á íslensku en *Annona muricata* á latínu. Ruglingurinn er í sjálfu sér skiljanlegur þar sem aldinin eru ekki ólík í útliti nema hvað aldini *nónberkju* er minna og að heimkynni plöntunnar er í Mið-Ameríku og á eyjum í Karabíahafi.

Það var Svíinn Carl von Linnæus sem gaf plöntunni latínuheitið *Durio zibethinus*.

Víðast um heim er heitið *durian* notað sem heiti á aldininu en þó með tilbrigðum. Finnar segja *durio*, Japanir *dorian*, Spánverjar *durián*, á Taílandi kallast það *thurian* eða *rian*, í Laos *thourien* eða *mahk tulieng* og *thourien* eða *mahk tulieng* í Kambódíu en í Víetnam sáur *riêng*. Danir og Þjóðverjar nota heitið *durian* en líka heitin *stinkfrugt* og *stinkfrucht* eða *durianbaum*. Á íslensku kallast plantan *dáraaldin*.

Ræktun

Durian er hitabeltisplanta sem dafnar best við háan loftraka, 75 til 80%. Þrátt fyrir að rótarkerfi duriantrjáa liggja grunnt dafna þau best í djúpri og vel framræstri leirmold með pH 5,0 til 6,5. Best er að rækta tré í halla þar sem vatn rennur hratt af.

Kjörhitastig er 24 til 32° á Celsíus og hættir plantan að vaxa fari hitastig niður fyrir 22° á Celsíus. Lágmarks úrcoma fyrir durianrækt er 1500 millimetrar á ári.

Nytjar

Framboð á aldininu, sem víða er kallað *konungur ávaxtanna*, er árstíðabundið þar sem tré blómstra yfirleitt bara einu sinni á ári í júní til ágúst. Verð á durianaldinum er hátt miðað við önnur aldini en það er breytilegt eftir yrkjum.

Aldinið er um 65% vatn og 27% kolvetni, í því er 5% fita og 1% prótein.

Þeir sem til þekkja segja að aldinkjötið sé best til neyslu um það bil sem börkurinn fer að springa utan af því. Smekkur fólk er samt mismunandi og í sunnanverðu Taílandi kys fólk að borða aldinið á meðan þau eru ung og óþroskuð.

Auk þess að vera borðað hratt er aldinkjötið notað í alls konar sæta rétti, ís, búaðing og kökur. Aldinið



Aldinkjötið er milli 15 til 30% af aldininu og svampkennt.



Að innan skiptist fullþroskað aldini í höf.



Rautt durian.

Þjóðtrú og alþýðulækningar

Samkvæmt gamalli bábilju má ekki neyta durianaldins og kaffis eða áfengra drykkja á sama tíma. Fullyrðingin er rakin til þess að þýski grasfræðingurinn Rumphius sagði um miðja 18. öld að ekki væri æskilegt að neyta aldinsins og áfengis saman vegna þess að það ylli slæmri andremmu.

Fólki sem fer um skóga þar sem duriantré vaxa er ráðlegt að vera með öryggishjálmi þar sem aldini sem falla af trjám geta hæglega slasað eða drepjið fólk lendi það á höfði þess. Samkvæmt gamalli trú hafa aldini augu og geta stjórnað því á hverju þau lenda.

Þjóðsagnaverurnar *Orang Mawas* og *Orang Pendek* sem eru eins konar Stórfótur Malasíu og Súmötru eru sagðar borða durianaldin af mikilli áfergu.

Í Malasíu er safi laufsins og



Að utan er aldinið alsett sterkum og hvössum þyrnum.

rótárin sagður draga úr sóthita og höfuðverk en í Kína er aldinið sagt hreinsandi. Konum með barn undir belti og fólki með háan blóðþrýsting er ráðlagt að borða ekki aldinið. Á Jövu er durian sagt kynörvandi og eftir að sú trú barst til Evrópu jókst neysla þess talsvert.

Durian á Íslandi

Eitt fyrsta dæmið um durianaldin í íslensku tímariti er að finna í 6. árgangi *Ljósberans* frá 1926 í sögu sem kallast *Börninn* í frumskóginum og er þýðing úr *Hjemmet*.

„Einu sinni fóru þau framhjá heilum hóp af öpum. Aparnir tóku þá alt í einu að skjóta á þau Durianaldinum og var það meira en lítið óþægilegt að fá þau í höfuðið, því að út úr þeim standa hvassir þyrnar; en annars voru þau aldinið mestu sælgæti, sem Páll hafði smakkað. Heima var blátt bann lagt við að eta þau, af því að lyktin af þeim var svo hræðilega vond. Hjá svertingjum gat oft lent í stóreflis álögum út af því, hverjir þeirra ættu það og það Duriantré, ef þeir hittu það fyrir í veiðiförum úti í skógi. Svona þykir þeim mikið til þessara aldina koma.“

Öll villidýrin í skóginum eru líka ólm í Durianaldinin. Öll hafa þau kent sér sjálf, hvert á sinn hátt að opna hýðið harða, sem á þeim er.“

Það er ekki fyrr en árið 2005 að fyrst er fjallað um durianaldin í dagblaði hér á landi. Í *Bláinu* er grein með fyrirsögninni *Óvæntar gersemar* í ávaxtakælinum þar sem sagt er frá exótískum ávöxtum. „Durian kemur frá SA-Asíu, en þar oft er vísað til hans sem „konungs ávaxtanna“. Ávöxturinn hefur mjög sterka lykt og fráhrindandi útlit, en forðast ætti að láta þá eiginleika blekkja, því sætt bragðið sem leynist innan við gaddana minnir helst á jarðarber með rjóma – með smá laukkeim. Vel má nasla á Durian einum og sér, en einnig er hægt að nota hann ferskan í ýmsa eftirrétti og hristinga, þá eða í sósur ýmiss konar.“

Aldinið hefur verið á boðstólum í sérverslunum sem selja matvörur frá Austurlöndum fjær undanfarið.



Fólki sem fer um skóga þar sem duriantré vaxa er ráðlegt að vera með öryggishjálmi þar sem aldini sem falla af trjám geta hæglega slasað eða drepjið fólk lendi það á höfði þess.



Blómgun er mismunandi eftir tegundum og það tekur að jafnaði mánuð fyrir blómin að þroskast eftir að fyrstu blómvisar koma í ljós.



Blómin, sem standa stutt opnar síðdegis og falla af um miðnætti, eru fimm til sex sentimetrar í þvermál.

TÆKNI & VÍSINDI

Talsverð reynsla komin á gasknúna mótora í sendi- og vörubílum frá IVECO:

Enn er beðið eftir að gasknúna dráttarvélar komi á markað

– Nú talar CNH, móðurfélag New Holland, um markaðssetningu slíkra véla árið 2022

Stöðugt er verið að endurbæta vélbúnað fyrir landbúnað og dráttarvélar eru þar engin undantekning. Orkuskipti er eitt vinsælasta orðið í munni stjórnmalamanna um þessar mundir án þess þó að skilgreint sé nákvæmlega hvað það þýðir í raun nema að hætt verði notkun jarðefnaldsneytis og skipt yfir í eitthvað annað.

Á Íslandi og víða í öðrum löndum er orðið orkuskipti helst tengt við rafbílavæðingu, en minna fer oft fyrir umræðunni um aðra kosti sem eru oft mun raunhæfari fyrir margar greinar eins og landbúnað og jarðvinnslu.

Þar er m.a. um að ræða dráttarvélar sem knúna eru metangasi sem auk þess er mögulegt að framleiða á búnum sjálfum. Slík umskipti hefðu marga kosti. Í fyrsta lagi gæti notkun á metangasi dregið mjög úr losun gróðurhúsalofttegunda, bæði í vélum sjálfum og vegna flutninga á eldsneyti um þúsundir kílómetra með skipum og bílum.

80% minni mengun

Heildarmengun frá gasknúnum dráttarvélum er sögð um 80% minni en af dísilknúnum vélum. Losun sótagna er nánast engin, eða um 1%, og koltvísýringslosun er um 10% minni en í sambærilegum dísilvélum. Þá eru metanknúna



New Holland 180 hestafla gasknúin dráttarvél hefur hlotið hönnunarverðlaun Architecture and Design í Chicago og European Centre for Architecture Art Design and Urban Studies. Ekki er þó búist við markaðssetningu slíkra véla fyrr en árið 2022.

vélar um 50% hljóðlátari en sambærilegar dísilvélar, þrátt fyrir að í grunninn séu vélar mjög svipaðar. Ekki sakar að rekstrarkostnaður gasknúinna véla er talinn vera um 30% minni en hefðbundinna dísilknúinna dráttarvéla.

Miðar hægt en tæknin er til

Um allan heim hefur landbúnaðurinn beðið með óþreyju eftir að eitthvað raunhæft gerðist í þessum málum. Þar hefur FPT Industrial, sem er hluti af CNH Industrial

samsteypunni sem framleiðir m.a. New Holland dráttarvélar, verið í fararbroddi í þróun gasknúinna dráttarvéla um 20 ára skeið. Keppinautarnir hafa verið ósparir á að kalla þetta sýndarmennsku sem ætlað sé að ganga í augun á umhverfisverndarsinum og stjórnmalamönnum. Vélar sem kynntar hafi verið séu ekki ætlaðar til brúks við raunverulegar aðstæður heldur séu þær einungis sýningargripir. Eigi að síður hefur New Holland haldið áfram þessari vinnu og í janúar fékk New Holland hönnunarverðlaun (Good

Design award) fyrir gasknúinn 180 hestafla traktor. Voru verðlaunin frá Museum of Architecture and Design í Chicago og European Centre for Architecture Art Design and Urban Studies. Var það niðurstaða dómnefndarmanna frá 47 löndum.

Markaðssetningu seinkar frá fyrri áformum

Fulltrúar New Holland höfðu áður gefið það út árið 2018 að gasknúin New Holland yrði komin á almennan markað innan þriggja ára. Það þýðir væntanlega að vænta megi kynningar á slíkri vél á næsta ári. Í apríl var svo greinilega búið að seinka þessu og er nú talað um árið 2022 og þá miðað við vélar sem bæði ganga á metan- og propangasi. Gasknúna stórar New Holland hjólaskóflur eiga svo að koma á markað 2024. Þangað til einbeita sérfræðingar New Holland sér að því að bæta bruna enn frekar í hefðbundnum dísilvélum til að draga úr mengun. Einnig að draga úr CO2 losun um allt að 60% við framleiðslu slíkra véla.

Tæknin vel þekkt, líka á Íslandi

New Holland, eða móðurfélag þess, CNH, er ekki að finna upp hjólið í þessum efnum. Notaður gasknúinn mótör sem þegar er komin mikil

reynsla af en hann er smíðaður af Fiat Powertrain Technologies (FPT). Slíkir mótörar eru þegar í yfir 22 þúsund IVECO truckum sem eru í notkun víða um heim. Hefur fyrirtækið markaðssett breiða línu gasknúinna atvinnubíla, allt frá 3,5 tonnnum upp í 40 tonna trucka. Gasknúin IVECO sendibílar eru m.a. komnir á göturnar á Íslandi og þykja undrataki.

Búist er við að gasknúna New Holland dráttarvélar verði heldur dýrari í innkaupum til að byrja með, eða á meðan framleiðslan er ekki komin á fullt skrið. Frumgerðin af þessari vél er með gastank sem er sagður duga til stanslausrar notkunar í 5–6 klukkustundir. Gert er ráð fyrir að hægt verði að bæta við gastönkum.

Lítid mál er að dæla eldsneytinu á en innviðir vegna dreifingar á gasi eru þó ekki til staðar í sveitum á Íslandi enn sem komið er. Þar þyrfti að fara í verulegt átak ef einhver vilji er til að nýta þessa tækni. Enn sem komið er telja framleiðendur mjög óraunhæft að vera með rafknúna stærri dráttarvélar til brúks úti á ökrum sökum lélegs úthalds og langs tíma sem fer í hleðslu rafgeyma. Ekki er þó útilokað að slíkt væri gerleg á heimatunum í íslenskum sveitum þar sem notkunartími er mjög takmarkaður. Ólíklegt er þó að framleiðendur horfi sérstaklega á þarfir slíks örmarkaðar. /HKr.

Flutningafyrirtækið Datrans Holland:

Draga úr losun CO₂ með kaupum á Volvo LNG truckum

Flutningafyrirtækið Datrans Holland í þorpinu Wanssum, í hollenska héradinu Limburg, hefur bætt við tveimur Volvo FH 420 LNG 4 × 2 dráttarbílum í flota sinn.

Fyrirtækið vill leggja sitt af mörkum til hreinni flutninga. Afgerandi þáttur í því að fjárfesta núna í Volvo LNG vörubílum er sú staðreynd að ekki þarf að greiða vörubifreiðartoll af þeim (Maut) í Þýskalandi. Þarna stendur LNG sem skammstöfun fyrir fljótandi náttúrugas sem er að uppistöðu til metangas sem sett er í fljótandi form með kælingu niður í 162° frost.



Nýju Volvo gastruckarnir hjá Datrans í Hollandi.

Datrans Holland sérhæfir sig í flutningum frá og til Sviss.

„Í Þýskalandi þarf ekki að greiða Maut fyrir LNG vörubíla fram til 2020, sem gerir okkur

áhugavert að kaupa þessa vörubíla núna,“ segir Laura Hagens frá Datrans í Hollandi.

Hún segir að þeir noti bílana mest í akstri í Þýskalandi.

Datrans lítur einnig á flutninginn á LNG flutningabílum sem tækifæri til að draga úr CO₂ fótsporinu.

„Við erum ánægð með að stuðla að hreinna umhverfi og þessir flutningabílar gefa frá sér 20% minni CO₂ en dísilbílar. Þegar það kom að stefnumörkun, þá kom Volvo best út. Þar fengum við mest fyrir peningana og þess vegna völdum við Volvo vörubíla.“ /HKr.



VOLVO FM-LNG.

IVECO S-WAY nýr metanknúinn flutningabíll frá CNH Industrial

IVECO S-WAY er fyrsta ökutækið í nýja IVECO WAY þungaflutningasviðinu. Bíllinn er þróaður með áherslu á ökumanninn sjálfan, þjónustu, sjálfbærni og háþróaða tækni sem gerir mönnum kleift að sérsníða þjónustuna fyrir hvern og einn viðskiptavin.

Boðið er upp á IVECO S-WAY í jarðgasútgáfu (CNG) og fyrir fljótandi gas (LNG) sem kosti í staðinn fyrir dísilknúna flutningabíla. Greint var frá þessu á NGV Global News nú í júlí.

IVECO S-WAY var hleypt af stokkunum á alþjóðlegri sýningu í Madrid og tóku þátt samstarfsaðilar frá Amazon, Shell og Microsoft.

Hubertus Mühlhäuser,



Nýi IVECO S-WAY flutningabíllinn sem gengur fyrir gasi.

forstjóri CNH Industrial, kynnti stefnumótandi sjónarmið og framtíðarsýn CNH Industrial á viðburðinum.

Mühlhäuser sagði að innan CNH Industrial samsteypunnar væri IVECO hluti af einhverju stærra og nýtti þannig samlegðaráhrif innan samstæðunnar. Þetta nýja flaggskip þungaflutningabifreiða væri ekki aðeins mikilvægt afrek fyrir IVECO sem tegundarheiti, heldur væri það einnig mikilvægur áfangi fyrir CNH Industrial í heild sinni.

Í fréttinni segir að fyrir flutningafyrirtæki sem vilja keyra „græna“ flota sé IVECO S-WAY Natural Power enn eini LNG flutningabíllinn sem býður

allt að 1.600 km drægni með 460 hestafla vél. Með þessu farartæki munu menn njóta góðs af öllum kostum náttúrulegs gass. Það sé eini valkosturinn í þessum flokki bíla sem á boðstólum er strax í þungaflutningageiranum sem skili minni mengun í stað dísilknúinna bíla.

Sáralítill mengun

Með honum dragi úr losun sótagna um 99% og hann skili um 90% minni NO₂ losun. Þegar notað sé lífmetan verði CO₂ um 95% lægra en í dísilbíl, eða nærri núlli. Þá sé ekki verra að heildar rekstrarkostnaður sé lægri en af útgerð dísilknúinna flutningabíla.

LESENDABÁS

Matvælaframleiðsla á Íslandi

Matvælaframleiðsla á Íslandi hefur nær alla okkar sögu verið bæði til neyslu innanlands og til útflutnings. Þáttur útflutnings hefur orðið mjög gildur. Á tímum loftslagsbreytinga og sístækkandi mannheima getur hann vaxið verulega. Náttúrufar, þekking, mannaflí og auðlindir á borð við neysluvatn, endurnýjanlega orku og dýrastofna ásamt gróðri, eru rammi matvælaframleiðslunnar.

Við getum framleitt hráefni í matvæli eða fullunna neysluvöru til að svara kalli tímans. Það bergmálar kröfuna um sjálfbærni og hagkerfi sem hvílir á endurvinnslu, vöruhringrás og völtu jafnvægi milli náttúrunytja og náttúruverndar. Og því til viðbótar: Á skyldu til að seðja fleiri munna en okkar eigin, ef vel á að fara.



Ari Trausti Guðmundsson.

Vaxtarmöguleikar

Lykilorð í matvælaframleiðslu á Íslandi, hvað vöruflökka varðar, eru svipuð og víða í strandaríkjum: Fiskur, ýmskonar hryggleysingjar í sjó, sjávargróður, kjöt, egg, mjólkurvörur, korn og grænmeti, auk ávaxta, aðallega ýmis konar berja. Lega landsins, í hlýnandi heimi, setur okkur skorður. Fiskveiðar á heimsvísu hafa næstum náð þolmörkum. Hörfun hafiss getur breytt því að einhverju leyti nyrst og syðst. Reynslan hefur sýnt að nýting sjávarspendýra er aðeins kleif að mjög takmörkuðu leyti, í þágu jafnvægis vistkerfa. Vöxtur fiskneyslu felst í fiskeldi að stærstum hluta. Framleiðsla dýraafurða, sjálfbær og byggð á dýravæmd, verður ávallt takmörkuð hér vegna aðstæðna. Kornrækt verður einnig takmörkuð en aðrar matvörur úr gróðri geta náð miklum hæðum og magni vegna hreinleika lofts og vatns og aðgengi að jarðvarma.

Nýsköpun

Löngu er komið fram að nýsköpun er helsti lykullinn að öflugri matvælaframleiðslu til að seðja okkur sjálf og til vöruþróunar vegna útflutnings. Gildir einu hvort bent er á ný fæðubótarefni, endurbætt byggjarkerfi, tölvukerfi í mjólkurvöruframleiðslu eða háteknigræjur í fiskverkun. Erlend nýsköpun, til dæmis við hönnun gróðurhúsa og rekstrarkerfi þeirra kemur líka við sögu. Nýsköpun getur gert okkur að matvælaframleiðendum á allstóran mælikvarða í samfélagi þjóðanna.

Matvælaþörf heimsins

Margvíslegar tölur eru til um matvælaþörf heimsins, þar sem enn sveltir sægur manna. Þær rek ég ekki. Oft er til þess tekið að þolmörk hnattarins leyfi mannkyn af stærðargráðunni 11 til 12 milljarða manna. Leyfum okkur að telja að vel fari og sú verði smám saman raunin á næstu áratugum og öldum. Ísland getur leikið mikilvægt hlutverk í þessum efnunum. Við að miðla þekkingu á matvælaöflun, einkum í þróunarlöndum, og við að framleiða matvæli til útflutnings en líka til heimabruks. Fólksfjölgun á Íslandi verður mun hraðari en núverandi spár birta, meðal annars vegna vinsælda meðal þjóða með

háar eða meðalhár rauntekjur á mann.

Atvinnuþróun á Íslandi

Frumframleiðsla allra samfélaga er mikilvæg. Okkar byggir á fáum en góðum auðlindum og snýr fyrst og fremst að orku og matvælum. Í mínum huga verðum að afmiðja samfélagið og einnig vöruframleiðslu að nokkru marki. Það gerist ekki með valdboðum heldur hvötum. Ég á við styrkari og stærri byggðir utan SV-hornsins, eflingu lífilla og meðalstórra framleiðslueininga, styttri flutningsleiðir, greiðari samskipti, skilvirkari gæðastýringu og betri tækifæri til menntunnar á landsbyggðinni. Þannig getum við skotið stöðum undir aukna frumframleiðslu og nýsköpun betur en með endalausri hagræðingu. Þjónusta og verslun fylgja þessari þróun, jafn mikilvægar og þær eru. Matarholan Ísland er ekki tálsýn. Mikil framleiðsla til útflutnings á að vera markmið og eitt helsta keppikefli samfélagsins, samhliða kolefnishlutlausu landi fyrir 2040.

Framtíðarsýn

Kjötrækt og annar matur búinn til með frumræktun er fjarlæg sýn. Hún á að aftengja mann og náttúru, hver svo sem tilgangurinn er. Við náttúrunytjar eftir ólíkum land- og hafsvæðum hljóta matvæli að vera bæði úr jurta- og dýraríkinu. Fita, prótein og kolvetni eiga við mannfólkið og öll náttúran er undir við öflun þeirra. Vistspor eru ávallt fyrir hendi en sjálfbærni, hvarf frá jarðefnaeldsneyti og kolefnisjöfnun mótvægið. Grænmeti úr sjó og af landi getur seint eða aldrei frelsað fólk frá lifandi próteingjöfum úr sjó eða af landi. Vissulega sum okkar (og það er ágætt) en aðeins hluta mannkyns. Meginástæðan er þessi: Haf þekur 2/3 jarðar en land 1/3. Við verðum að sjá til þess að viðerni, skógar, fjölbreytt landvistkerfi og vötn hafi nægt rými til viðbótar við fólk og aðrar lífverur á þurrlendinu sem að hluta er óbyggilegt vegna hæðar yfir sjó. Hafið, sem seint verður heimkynni manna, er gríðarlega mikilvægt sem uppspretta fæðu, einkum próteins og fitu.

Ari Trausti Guðmundsson,
Höfundur er þingmaður
Vinstrihreyfingarinnar
- græns framboðs

Vélvirki, blikksmiður, húsasmiður og bifvélavirki

Launafi ehf. óskar að ráða iðnaðarmenn eða menn með sambærilega menntun til starfa í deildum fyrirtækisins á Reyðarfirði.

Meðal helstu verkefna:

Viðhald og viðgerðir á ýmsum búnaði og húsakostum
Nýsmíði
Bilanagreiningar
Almenn viðgerðarvinna
Samskipti við viðskiptavini

Hæfniskröfur:

Sveinspróf eða sambærileg menntun
Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
Góð íslenskukunnátta
Skipulögð vinnubrögð
Almenn tölvuþekking



Launafi er iðnverktakafyrirtæki sem sinnir fjölbreyttum verkefnum fyrir fyrirtæki og einstaklinga.

Gildi Launafis: **ÖRYGGI – ÁREIDANLEIKI – VIRÐING**

Nánari upplýsingar um störf gefur Birkir Hauksson, framkvæmdastjóri s. 840-7230 og birkir@launafi.is eða Adda Björk Ólafsdóttir Starfsmannastjóri gsm. 840-7213 og adda@launafi.is

Áhugasamir fylli út atvinnuumsókn á vef fyrirtækisins, www.launafi.is / sækja um starf eða sendi póst á starfsmannastjóra.

Austurland er góður kostur og býður uppá mikla fjölbreytni, kynntu þér það nánar á www.austurland.is



Launafi ehf. – www.launafi.is – sími 414-9400



HVAMMSHÓLAR

ROTPRÆR ÁN SITURLAGNA
SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA
SKOLPHREINSISTÖÐVAR

FYRIR:
HÓTEL
HEILSÁRHÚS
SUMARHÚS

GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI ☎ +354 660 4085 ✉ SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

JEPPADEKK.IS

EXPLORE WITHOUT LIMITS

Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður. Stærðir 29"-44".

**DICK
CEPEK**
TIRES & WHEELS

nokian
HAKKAPELIITTA 44

44" radíal.
Hannað í samstarfi Arctic Trucks og Nokian.

nokian
TYRES

35" radíal.
Frábært neglt vetrardekk!

AT315

38" radíaldekk sem hefur margsannað sig á hálendi Íslands.

AT405

kr. 39.900,-

kr. 39.900,-

FELGUR
Gott úrval
Margar stærðir

kr. 49.900,-

kr. 49.900,-

kr. 49.900,-

Arctic Trucks Ísland ehf.
Kletthálsi 3
110 Reykjavík

Sími
Netfang
Vefur

540 4900
info@arctictrucks.is
www.arctictrucks.is

Bændablaðið
 á bbl.is og líka á [Facebook](https://www.facebook.com/bbl.is)

LESENDABÁS

Heiðarfjall á Langanesi:

Alvarleg eiturefnaframingun staðfest

Tíu þúsund tonn hættulegra efna grafin á Heiðarfjalli. Landsvæðið á fjallinu var 1953 leigt af bændum á Eiði undir byggingu og rekstur H-2 radarstöðvar NATO og Bandaríkjahers sem starfaði 1954 til 1970. Deilur landeigenda við eigendur eiturefnahausins sem grafinn var á fjallinu, Bandaríkjaher og utanríkisráðuneytið um að skila landinu í viðunandi ástandi, hafa árangurslaust staðið yfir sl. 43 ár.

Til jafnlengdar hafa báðir fyrrnefndir aðilar af mikilli hörku og ósannigmi neitað að taka minnstu ábyrgð á stöðu mála. Meðal annars að viðhöfðum jafn hægnum rökum og að sök þeirra sé fyrnd. Auk þess hefðu Íslendingar og Bandaríkjaher við brottför hersins gert „gildan“ milliríkjasamning um að afsala í eitt skipti fyrir öll, öllum mögulegum bóta- eigna- og mannréttindum landeigenda. Í undirritaðri klausu 2. greinar samkomulagsins frá 7. júlí 1970 segir orðrétt:

„Íslenska ríkisstjórnin afsalar sér hér með fyrir sína hönd og fyrir hönd allra íslenskra ríkisborgara, öllum kröfum gagn Bandaríkjum Ameríku fyrir skaða hjá fólki eða vegna eignatjóns sem upp gæti komið vegna komu þeirra til eða nota þeirra af þessari eign eða vegna nokkurra þeirra betrubóta í því sambandi“

Alvarlegur afleikur íslenskra embættismanna

Efni þessa samkomulags sem er um leið skrumskæling allra venjulegra réttlætissjónarmiða, getur ekki annað en talist til alvarlegra og óvenju lágkúrulegra embættisafglapa íslenskra stjórnmalá- og embættismanna, sem með þessum gjörningi dæmdu sjálfa sig til ævarandi skammar.

Mannréttindi seld fyrir lítið

Það var með öðrum orðum undirskrift og mannréttindaafsal þessa „samnings“, að embættismenn utanríkisráðuneytisins rembdust við að bjarga eigin skinni með því að halda innihaldi hans leyndu í lengstu lög fyrir landeigendum. Þetta ástand entist þar til Steingrímur Hermannsson, þáverandi forsætisráðherra, hafði einlægni og kjark til að brjóta samsvarið bræðralag embættismanna utanríkisþjónustunnar, með því að afhenda fulltrúum landeigenda afrit þessa samnings á fundi í forsætisráðuneytinu.

Um leið varð þessi ólöglegi gjörningur kærkomið vopn í höndum fulltrúa Bandaríkjahers, í þeim augljósa tilgangi að veifa plagginu sigri hrósandi framan í arftaka fyrri ráðuneytismanna. Klíku íslenskra embættismanna, sem lögðust í vörn Varnarliðs, gegn frekari fjáraustri þess í greipar óseðjandi íslenskra hermangara.

Annar stjórnmalamaður úr hópi



Tropo byggingin sem eftir stendur af H-2 herstöðvarmannvirkjunum á Heiðarfjalli. Um hana segir m.a. í rannsóknarskýrslu Royal Military College: – „Of special concern are the concentrations of PCBs (28.000 mg/kg) in the soils collected at the Tropo Building. As one of the few Structures remaining on site, an occasional visitor would frequent this area. It is recommended that a signage be erected for the site and on the Tropo Building to warn visitors of the potential hazards.“

Mynd / HKR.

Framsóknarmanna, Valgerður Sverrisdóttir, afhenti landeigendum í ráðherratíð sinni 2007, afrit annars ekki síður mikilvægs samkomulags sem beinlínis kvað á um skyldur hersins við upphreinsun lands, við brottför af leigðum landsvæðum. Án staðfestingar; gerum við ráð fyrir að Valgerði eins og samherja hennar hafi einfaldlega ofboðið starfshættir ráðuneytismanna við órvæntingarfyllar yfirhyllingar og svik.

Ef sagan um landlæg embættisklúður opinberra íslenskra embættismanna verður einhvern tíma skrifuð, hlýtur samningurinn um Heiðarfjall að eiga heima í því riti.

Venjulegt dót

Varðandi samsetningu eiturefnakokkteilsins sem grafinn var á fjallinu átti annað eftir að koma í ljós með árunum. Því miður hrinu engin slík rök á embættismannaklíku utanríkis- og umhverfisráðuneyta, sem tvíefldust í forherðingu sinni gegn því að eitthvað yrði aðhafst í þessu máli. Meðal annars var í blaðaviðtali haft eftir ráðuneytisstjóra umhverfisráðuneytisins, að á Heiðarfjalli, hefði aðeins „venjulegt dót“ verið urðað.

Keypt álit íslenskra „lögspekinga“

Til styrktar eitruðum málstað embættismanna utanríkisráðuneytisins hefur nokkrum tugum milljóna skattpeninga fólksins í landinu verið varið í kaup rökþrota ráðuneytismanna á þremur viðamiklum „varnarálitum“ „valinna“ manna og kvenna úr stétt



Loftmynd af H-2 Langanes radarstöð Bandaríkjahers á Heiðarfjalli. Myndin var tekin á sjötta áratug síðustu aldar. Tropo byggingin er í gulum ramma efst á myndinni en grunnvatnssvæðið sem rannsakað var er innan bláu punktalínunnar.

Mynd / RMC



Jarðveggsrannsóknir RMC - Royal Military College á Heiðarfjalli.

hæstaréttarlögmannna, hverju um sig upp á tugi síðna. Allt í þeim tilgangi að sanna fyrir landeigendum að þeir eigi engan lagalegan rétt í þessu máli. Þessar ritgerðir eru ekki annað en aumkunarverðar tuggur rökleysu (copy paste) sem étnar voru upp hver á fætur annari. Boðskapur sem keyptur var í þeim tilgangi að ata málstað landeigenda auri.

Þá hafa stofnanir á borð við

Hollustuvernd ríkisins ekki hikað við að stampa „vísindaheidi“ sínum, ef einhver var til varnar hinu opinbera í þessu máli. Þetta gerðist þegar hækkað gildi blýmengunar var staðfest í lindum Eiðisbýlisins, og sú vandræðalega uppákoma var skýrd af þeirra hálfu, með að þetta blý hefði borist í sýnin úr mælitækjum viðkomandi stofnunar.

Öðrum lykilstofnunum þjóðar-

innar sem landeigendur hafa í meira en fjögurra áratuga sögu, grátið við hné, hefur líkt og öllum auðsveipum ríkisstarfsmönnum verið skipað af innmúraðri embættiselítu hermangara innan dyra utanríkisráðuneytisins, að þagga endanlega niður í landeigendum. Hvort sem var í eitt skipti eða fleiri og hvort sem í hlut átti: Héraðsdómur Reykjavíkur eða systurstofnun hans á Húsavík, Hæstiréttur Íslands, Umboðsmenn Alþingis, Ríkislögreglustjóri, Ríkissaksóknari eða aðrir.

Nýjar baráttuáferðir

Hófst 2017 þegar landeigendum tókst á eigin kostnað að semja við hóp kanadískra vísindamanna, um að gera frumrannsókn byggða á efnagreiningum og vettvangsrannsóknum á Heiðarfjalli.

Þetta er hópur vísindamanna sem hefur áratuga reynslu af rannsóknum og skipulagningu vinnu við stjórn upphreinsana á mörgum tugum systurstöðva H-2 radarstöðvarinnar á Heiðarfjalli, radarstöðva NATO og Bandaríkjahers í Kanada.

Niðurstöður þessara rannsókna liggja endanlega fyrir; voru birtar í umfangsmikilli yfir 300 síðna skýrslu kanadíska háskólanna Royal Military College og Queen's University, dagsettri 13. mars 2019. Meginkaflar rannsókna höfðu reyndar fyrir verið birtar og vakið athygli á umhverfisráðstefnu: Uarctic sem haldin var í Finnlandi 3.–5. september 2018, þar sem fjallað var um málefni norðurheimskautssvæðanna og mikilvægi heiðarlegrar umgengni við náttúruna á viðkvæmum svæðum.

Á þeim vettvangi hefur íslenskum embættismönnum, á vægast sagt hægnum forsendum, tekist að láta krýna sig til forystu í umhverfismálum meðal þjóða á norðurslóðum, þrátt fyrir að sömu aðilar gefi lítið fyrir tíu þúsund tonna eiturefnahaug á Heiðarfjalli; göðum mönnum til gremju og andskotanum til athlægis. – **Hvæn er líklegt að utanríkisráðuneytið eða íslensk heilbrigðisfyrirvöld, bandaríski herrinn og NATO axli ábyrgð í þessu máli?**

Á þessum tímamótum telja landeigendur sig ekki hafa neinum samfélagskyldum að gegna, annarra en þeirra sjálfra og kannski velferðar nokkur hundruð sauðfjár og hrossa, gagnvart alvarleika þeirra niðurstaðna sem koma fram í þessum skýrslum. Engu að síður hefur hvarflað að mönnum að eðlilegt gæti talist að vara bændur í sveitinni við, í anda varnaðarorða sem birtast í annars varfærum yfirlýsingum kanadíska vísindamannanna, eins og þrjár eftirfarandi málsgreinar **RMC - Royal Military College** skýrslunnar sýna. Eftirfarandi málsgreinar eru teknar orðréttar úp úr RMC skýrslunni:

„Of special concern are the concentrations of PCBs (28.000 mg/kg) in the soils collected at the Tropo Building. As one of the few Structures remaining on site, an occasional visitor would frequent this area. It is recommended that a signage be erected for the site and on the Tropo Building to warn visitors of the potential hazards.“

Sérstakar áhyggjur vekur magn PCB efna sem mældust vera 28.000 mg/kg í jarðvegssýnum teknum við einu uppstandandi bygginguna sem eftir er á Heiðarfjalli, staður þar sem líkur eru á heimsóknum ferðamanna. Þess vegna er mælt með að upp verði sett



Í skýrslunni er lýst miklum áhyggjum yfir því að villt dýr sæki reglulega á þetta svæði á Heiðarfjalli þar sem þau komist m.a. í mengað vatn. Eitruð efni eins og PCB geti einnig hæglega borist í búfenað á svæðinu.

ADVÖRUNARSKILTI þar sem varað er við verulegri hættu vegna eiturefna.

„...commonly observed; indicating that farm animals and wildlife frequent this location, perhaps because this is one of the few areas of standing surface water. The Catchment Area is of significant concern because of the likelihood of further contaminant migration and the potential for exposure to farm animals and wildlife.”

...almennt vakti athygli; allmikill umgangur búfænaðar ásamt viðveru villtra dýrategunda, líklega vegna aðgengis að vatni í tjörn þar sem aðalfrænnslí starfseminnar var veitt. Þessi safnþró veldur umtalsverðum áhyggjum vegna líkinda á skaðlegum eiturefnaáhrifum í búfænaði og öðrum dýrategundum sem þangað leita.

„The fact that concentrations were measured at levels that could potentially pose human health and ecological risk in almost every sample that was analyzed speaks to the need for further testing and management of the site.“

Sú staðreynd að við efna- greiningar á nánast öllum sýnum sem greind voru, komu í ljós magnþölur eiturefna sem munu geta haft alvarleg áhrif á heilsu manna og umhverfis um leið, kallar á frekari rannsóknir og stjórn svæðisins.

Þetta kæmi til viðbótar sjálfsögð- um varúðarráðstöfunum sem gripið hefur verið til eins og að land- eigendur Heiðarfjalls og gestir þeirra hafa EKKI í meira en þrjá áratugi neytt vatns úr lindum undan Heiðarfjalli eins og gert hefur verið frá landnámi Íslands, láí mönnum hver sem vill. Úr því sem komið er mætti mögulega til bráðabirgða girða af hagana umhverfis Heiðarfjall, Þó ekki væri nema til að búpeningi nágranna okkar sé ekki viljandi att á foraðið.

Opinber viðvörðun

Þar sem ekki leikur vafi á að ritstjórn Bændablaðsins berst ótulllega fyrir hagsmunum bænda almennt og kannski ekki síður fyrir ímynd íslensks lambakjöts, er spurning hvort ritstjórn blaðsins telji ástæðu til að vara bænda við ástandinu á og við Heiðarfjall með einhvers konar tilkynningu á síðum blaðsins? **Ekki veldur sá er varar!** Vara við núturlugu ástandi dagsins í dag á Heiðarfjalli. „Veislunnar“ sem boðið var til af embættismönnum utanríkisráðuneytisins.

Víðtækar efnahagslegar afleiðingar

Grunur landeigenda um að eiturefnum hafi verið komið fyrir á fjallinu varð á sínum tíma til þess að allar áætlanir um nýtingu vatnasvæðisins til bleikju- og laxeldis, voru ekki lengur réttlætalegar. Um leið urðu vonir landeigenda til nýtingar jarðarinnar samkvæmt upphaflegum áformum, til uppbyggingar á sviði ört vaxandi atvinnustarfsemi í landinu, fiskeldis, að engu.

Í dag sem og síðastliðna fjóra áratugi er landeigendum búið ófremdarástand í formi lekandi eiturefnasafns sem nú hefur verið staðfest og telst vera í hróplegri mótsögn við upplagnar hugmyndir starfsmanna íslenskrar stjórnsýslu um hreinleika landsins.

Þegar upp er staðið mætti spyrja: kæra Íslendingar sig um að stjórnarhættir í landinu verði áfram haldið á pari við stjórnarfar misjafnlega þroskaðra lýðvelda í heiminum sem stundum er „í hátíðarræðum“ líkt við bjúgaldin? Samfélaga þar sem friðhelgi eignar- réttar og mannréttindi eru oft til fárra fiska metin.

Sigurður R. Þórðarson

Landbúnaðarráðherra ber eld að eigin húsi

Eigi landbúnaðurinn í landinu að lifa af þá þarf að heyja stríð. Að óbreyttu mun landbúnaðinum bíða nákvæmlega sömu örlög og annarra framleiðslugreina. Nýverið bárust fregnir um að loka ætti síðustu þrjónastofunni á Íslandi sem hefur áratugum saman verið starfrækt í Vík í Mýrdal.

Ástæðan er einföld. Það er miklu ódýrara að framleiða vörur í Kína heldur en á Íslandi. Í stað þess að aðlaga framleiðslu okkar að breyttum neysluvenjum þá nýtum við okkur í síauknum mæli ömurleg kjör verkafólks og bænda erlendis og látum þau framleiða fyrir okkur. Þetta er 21. aldar nýlendustefna.

Unnið hefur verið eftir þessari útflutningsstefnu á íslenskum störfum um langa hrif en undir stjórn Kristjáns Þórs Júlíussonar á nú virkilega að spýta í lófana.

Það lá við stórslysi um daginn þegar Kristján Þór ætlaði að fella niður tolla af nýsjálenskum lambahryggjum og flytja átti inn ótakmarkað magn. Atburðarásin sem þá fór í gang er ótrúleg og varð til þess að koma í veg fyrir þessa vitleysu. Það var víst Guðni Ágústsson, fyrrverandi landbúnaðarráðherra, sem náði sambandi við Lilju Alfreðsdóttur þennan dag þegar hann fékk veður af því hvað stæði til. Um þetta mátti lesa í viðtali við ráðherra fyrirverandi hér í Bændablaðinu og Lilju Alfreðsdóttur í Morgunblaðinu daginn eftir. Þetta gerist í lok júlímánaðar og sagt gert vegna skortstöðu sem sá fjölmiðlaglaði Ólafur Stephensen hafði kjaftað ofan í kokið á ráðherranum og Andrés Magnússon inn um hægra eyrað. Og þeir félagar höfðu séð til þess út á fyrirheit ráðherrans að hryggirnir biðu á hafnarbakkanum hingað komnir um átján þúsund kílómetra leið.

Menntamálaráðherra setti einfaldlega löppina fyrir landbúnaðarráðherra með því að krefjast ríkisstjórnarfundar um málið samdægurs. Forsætisráðherra varð við kröfu hennar og handjárnnaði



Einar Freyr Elínarson.

landbúnaðarráðherra svo hann mátti hætta við ákvörðunina og afboða blaðamannafund síðdegis þann 26. júlí sl. Þar ætlaði ráðherra að slá sér upp á kostnað bænda og neytenda sem vilja fyrst og fremst íslenskt lambakjöt. Nú vita allir að hann var neyddur til að panta í annað sinn erindi frá inn- og útflutningsnefnd sinni sem nú sagði að nóg væri til af lambahryggjum frá því í fyrrahaust og að auki feit lömb í högum. Fella átti niður tolla af 2ja og 3ja ára gömlum hryggjum sem þarlendir menn hafa sjálfsagt talið sig vera að selja í hunda- og kattarmat.

Sagt er að ráðherranum hafi verið falið að losa sjávarútveginn við fjósalyktina úr ráðuneytinu þegar hann tók við lykklunum þar. Það var augljóslega fljótgert. Mál landbúnaðarins virðast vera geymd í harðlæstri skúffu í kjallaranum í því sem á að hluta til að heita landbúnaðarráðuneyti. Yfir þessu þagar forysta bænda. Við vitum vel að sláturtíð er hafin en fyrr má nú rota en dauðrota þegar okkur öllum má vera það ljóst að sláturtíð er í gangi gegn landbúnaðinum í landinu.

Ef við stöndum ekki upp og heyjum okkar stríð þá verðum við hægt og bitandi hagrædd í drep. Neytendur munu fylkja sér um okkar málstað í því stríði enda

rekum við landbúnað í fremstu röð. Forysta bænda verður að leiða þá baráttu og þora að taka djúpt í árinna þegar þörf er á. Landbúnaðarráðherra hefur leynt og ljóst unnið á móti bændum og fórnaf þeirra hagsmunum við hvert tækifæri og það á ekki að koma honum upp með að skreyta sig með frösnum um öflugan landbúnað

þegar jafn augljóst er að engin alvara er að baki þeim orðum. Köllum hlutina réttum nöfnum og hættum að kóa með. Lélegur ráðherra er lélegur ráðherra og ekki nokkur einasta ástæða til þess að þjónkast honum.

Einar Freyr Elínarson, bóndi í Sólheimahjáleigu

<p>15-1 Assembly Winter</p> <ul style="list-style-type: none"> Fóðraður, millipykkur Teygjanlegt efni Burstað fóður, aukin þægindi Endurskin <p>Verð: kr. 620,-</p>	<p>1310-2 Double Shell Nitrile</p> <ul style="list-style-type: none"> Mjög hlýr hanski. Húðaður með hágæða nitril Endurskin <p>Verð: kr. 781,-</p>	<p>PUGWINWP PU Grip Waterproof</p> <ul style="list-style-type: none"> Þykkur hanski með öndun SupraCoatDry olíu- og vatnspólinn. Teygjanlegt stroff Comfort fóður (CLS) <p>Verð: kr. 1.724,-</p>
--	--	---

KH Vinnufót • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Til sölu jörðin Efri-Þverá II landnúmer 223336, með hlutdeild í óskiptu landi jarðarinnar Efri-Þverá landnúmer 144528.

Landstærð í séreign um 72 hektarar þar af 14 hektarar tún auk þess óskipt land í fjalli sem Efri Þverá II, Neðri-Þverá og Efri-Þverá I eiga í sameign sem er alls um 1460 hektarar. Þar er upprekstrarleyfi fyrir hross og kindur, gæsaveiði, rjúpnaveiði og veiði í Þverá.

Þverarétt er í göngufæri og eru þar stöðhesta- og fjárréttir á haustin. Stutt er í frábærar náttúruperlur t.d. Hvítserk og Borgarvirki. Um það bil 30 kílómetrar á Hvammstanga þar sem er mjög góður leikskóli og skóli. Góð jörð grasi gefin og frábært útsýni, miklir möguleikar til atvinnusköpunar. Ljósleiðari væntanlegur.

Eignin getur verið laus við kaupsamning. Möguleiki á að taka íbúð uppí kaupverðið.

limtrevirnet.is

Íslenskar einingar fyrir íslenskt veðurfar

Hjá Límtré Vírnet færðu hinar einu og sönnu Yleiningar - stálsamlökueiningar með steinullareinangrun á milli.


Hagkvæm, umhverfisvæn og myglufrí byggingarlausn. Stuttur afgreiðslufrestur.

Kynntu þér Yleiningar á limtrevirnet.is.

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Söluskrifstofur - Lynghálsi 2 - 110 Reykjavík
Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes

Netfang - sala@limtrevirnet.is



UTAN ÚR HEIMI



Bygg er eitt af undirstöðuhráefnunum í skosku viskíi. Mynd / whiskyfoundation.com.

Líftækni:

Einangra þurrkaþolið gen í byggi

Eftir fimm ára rannsóknir hefur vísindamönnum við Heriot-Watt háskóla í Edinborg tekist að einangra gen í byggi sem eykur þurrkaþol plöntunnar. Skoskir viskíframleiðendur eru hæstánægðir með niðurstöður rannsókna.

Fundur gensins eykur líkur á að með hjálp erfðatekni verði hægt að kynbæta byggplöntur til að þola betur þurrka og auka þannig framboð á matvælum í kjölfar hlýnunar jarðar.

Eftir fimm ára rannsóknir hefur tekist að greina genið sem veldur því hversu þurrkaþol byggplöntur eru. Genið sem kallast HvMYB1 er eitt af 39 þúsund genum í byggplöntunni og leit að einu sérhæfðu geni eins og að leita að nál í heystakki. Rannsóknir sýna að plöntur þar sem

genið eða virkni þess er áberandi eru þolnari fyrir þurrki en annað bygg. Niðurstöður rannsókna voru birtar í Journal of Plant Physiology and Biochemistry.

Þeir sem að rannsóknunum standa eru bjartsýnir á að fundur gensins geti haft mikil og jákvæð áhrif á matvælaframleiðslu í framtíðinni þar sem hlýnun jarðar veldur sfauknum þurrkum og samdrætti í uppskeru á svæðum þar sem bygg er ræktað í stórum stíl.

Talsmaður viskíframleiðenda í Skotlandi sagði að niðurstöður rannsókna væri mikið fagnaðarefni þar sem um 90% af öllu byggi sem notað væri til viskíframleiðslu í Skotlandi kæmi frá svæðum sem þegar væru farin að kenna á auknum þurrkum hlýnunar jarðar. *NVH*



Skemmdir af völdum hita á vínvið í Frakklandi. Mynd / www.voanews.com.

Vínframleiðsla í Frakklandi:

Vorfrost og hitabylgjur draga úr uppskeru

Kenjött veðurfar og umhleygingar í helstu vínræktarhéruðum Frakklands hafa dregið talsvert úr uppskeru vínþrúgna í sumar og er búist við um 12% samdrætti í ár miðað við meðaluppskeru undanfarinna ára í landinu.

Óvenjulegt veðurfar með vorfrosti og hitabylgjum eru að valda frönskum vínbændum búsigfum. Kuldar í vor og næturfrost á stórum vínræktarhéruðum í Frakklandi urðu þess valdandi að blómvisar vínviðarplöntunnar skemmdust og dattu af plöntunum. Annars staðar þar sem blómvisarnir

lifðu af dró talsvert úr blómgun þeirra vegna kals.

Í framhaldi af vorfrostunum tóku við hitabylgjur þar sem hitinn fór yfir 40° Celsius í suðurhéruðum landsins og plönturnar sviðnuðu illa í hitanum. Regn í ágúst dró víða nokkuð úr skemmdunum en olli meiri skemmdum annars staðar þar sem úrkoman breyttist í hagl, meðal annars í Beaujolais-héraði.

Veðurfræðingar í Evrópu og í Bandaríkjum Norður-Ameríku segja að hitastig í heiminum í júlí síðastliðnum sé það hæsta síðan mælingar hófust. *NVH*

Á FAGLEGUM NÓTUM



Dairy Campus í Hollandi.

Dairy Campus – Þróunarsetur hollenskrar mjólkurframleiðslu

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com



Það dylst fáum að Hollendingar eru afar framarlega þegar kemur að mjólkurframleiðslu og þó svo afurðasemi kúnna þar sé ekki sérlega mikil, þá hafa hollenskir kúabændur náð að aðlagast afar vel að breyttum framleiðsluskilyrðum og nýjum áskorunum frá Evrópusambandinu. Þrátt fyrir smáð landsins hefur það getað keppt við stór mjólkurframleiðslulönd á útflutningsmörkuðum mjólkurvara og í dag er stór hluti hollenskra mjólkurafurða fluttur úr landi.

Einn megin skýringarþáttur þess hve vel hollenski mjólkurframleiðslu vegnar er m.a. sterk samstaða á milli búgreinarinnar, stofnana og ýmissa fyrirtækja landsins sem sinna mjólkurframleiðslu með einum eða öðrum hætti. Svona þverfaglegt samstarf háskólasamfélags, fyrirtækja og hagsmunaaðila í mjólkurframleiðslu er nokkuð óvenjulegt á heimsvísu og kristallast m.a. í starfsemi Dairy Campus sem kalla mætti Þróunarsetur hollenskrar mjólkurframleiðslu.

Umsvifamikil búgrein

Hollenska mjólkurframleiðslan og mjólkuriðnaðurinn skipta sköpum fyrir Holland en í þessu litla landi, sem er ekki nema um 40% af stærð Íslands, starfa um 45 þúsund manns við mjólkurframleiðslu og -vinnslu. Framleiðsluverðmæti þarlandra mjólkurvara voru í fyrra 6,6 milljarðar evra, eða um 910 milljarðar íslenskra króna. Vegna mikils útflutnings ráða Hollendingar



Aðstaða fyrir kennslu og námskeiðahald er góð auk þess sem nemendur geta fengið starfsaðstöðu á Dairy Campus á meðan þeir vinna að sínu lokaverkefni.



Kýrnar á Dairy Campus eru allar tengdar sjálfvirku gagnasöfnunarkerfi sem fylgist með ýmsum atriðum eins og t.d. atferli kúnna og ýmsum líffræðilegum þáttum eins og jórtrun, hitastigi og fleiru.

Í dag 5% af heimsmarkaðinum með mjólkurvörur, sem er stærri hlutdeild en nokkurt annað land í Evrópu!

Holland hefur undanfarin ár verið með einn hæsta jákvæða vöruskiptajöfnuð í heimi og mjólkurvörurnar skipta þar miklu máli en 8% af hinum jákvæða vöruskiptajöfnuði landsins koma frá mjólkurvörum og raunar má rekja meira en helming hins jákvæða vöruskiptajöfnuðar til útflutnings landbúnaðarvara, sem sýnir vel



Kýrnar gera meira en að mjólka, þær safna gögnum segir fólkíð sem vinnur á Dairy Campus gjarnan. Hér er verið að taka mjólkursýni úr kúnum.

Bændablaðið
Kemur næst út
26. september

hve mikilvæga stöðu landbúnaður í Hollandi skipar.

14 milljarðar lítra

Árleg mjólkurframleiðsla Hollands er um 14 milljarðar lítra en á bak við þá framleiðslu standa nærri 18 þúsund kúabú með um 1,7 milljónir kúa. Hvert bú er því að jafnaði með rétt tæplega 100 kýr og rétt rúmlega 780 þúsund lítra framleiðslu. Þessi mikla landsframleiðsla mjólkur setur Holland í fjórða sæti yfir mestu mjólkurframleiðslulönd Evrópusambandsins, rétt á eftir Stóra-Bretlandi, Frakklandi og svo Þýskalandi sem er með mestu framleiðsluna. Það er einnig áhugavert að sjá hvernig mjólkinn er notuð hjá afurðastöðvum landsins en 56% hennar fer til framleiðslu á ostum, 14% í mjólkurduft, 7% í ferskvöruframleiðslu eins og drykkjarmjólk og rjóma svo dæmi sé tekið. Þá fer 6% af mjólkinni í mjólkurþykkni, 2% í smjörgerð og svo fer afgangurinn í ýmsa aðra framleiðslu.

Mörg heimsþekkt fyrirtæki

Þó svo að þegar talað er um mjólkurframleiðslu og útflutning mjólkurvara þá komi fyrst og fremst upp eitt fyrirtækjanafn, þ.e. nafn samvinnufélagsins FrieslandCampina, þá eru fleiri fyrirtæki í öðrum geirum landbúnaðarins sem hafa beintengingu við mjólkurframleiðsluna.

Þannig má nefna fyrirtækið Lely, sem er bæði í framleiðslu vinnuvéla og mjaltþjóna. Kynbótafyrirtækið CRV er heimsþekkt innan nautgriparæktar og eitt af tveimur stærstu fyrirtækjum heimsins á þessu sviði. Þá er hollenski samvinnubankinn Rabobank heimsþekktur fyrir bæði faglega dýpt og þekkingu á landbúnaði og fullyrða má að engin fjármálastofnun í heiminum sé á áþekktum stað þegar horft er til landbúnaðar og síðast en ekki síst mætti hér nefna háskólann í Wageningen sem er talinn einn allra besta landbúnaðarháskóli í heimi. Ýmis önnur fyrirtæki og stofnanir mætti nefna en þessi einfalda upptalning sýnir einfaldlega hve faglega sterkt landið er á þessu sviði.

Sterkari saman

Það var einmitt hin auðsjáanlega faglega sterka staða ótal aðila í Hollandi sem ýtti úr vör hugmynd hjá nokkrum starfsmönnum Wageningen háskólans á sínum tíma. Hugmyndin var að kanna hvort hægt væri að fá alla þessa aðila til að vinna saman með einhverjum hætti jafnvel þótt sumir þeirra væru e.t.v. í samkeppni sín á milli.

Ákveðið var að stofna samstarfsvettvanginn Dairy Campus sem er sjálfstæð stofnun sem bæði er með eigin tekjur vegna landbúnaðarstarfsemi og auk þess fær stofnunin rekstrarfé frá þeim ótal aðilum sem að stofnuninni standa en núna eru meira en 40 meðlimir, bæði fyrirtæki og stofnanir sem eru með aðild að Dairy Campus.

Bygðu nýja aðstöðu

Markmiðið með Dairy Campus var að samtvinna rannsóknir, kennslu, nýsköpun og þróun með því að skapa



Öll aðstaða í tilrauna- og rannsóknafjósnum Dairy Campus er hreint til fyrirmyndar. Hér er t.d. fóðurrannsóknadeildin, þar sem hægt er að fylgjast með af mikilli nákvæmni hve mikið kýrnar í lausagöngunni éta.

sameiginlegan vettvang fyrir alla þá aðila sem að stofnuninni stóðu og standa. Til þess að gera þetta þurfti að byggja upp nýja aðstöðu og úr varð að halda til sveitarfélagsins Leeuwarden í Frísland-fylki í norðurhluta landsins og byggja þar allt frá grunni. Dairy Campus fékk úthlutað rúmlega 300 hektara jörð og svo var ráðist í framkvæmdir sem báru með sér að byggja 6 mismunandi fjósbyggingar til að hýsa allar 550 kýrnar sem þangað átti að flytja auk gripa í uppeldi. Hin nýja aðstaða var tekin í notkun í maí 2016.

Ástæða þess að ekki var byggt eitt stórt fjós var vegna ólíkra þarfa þeirra sem að stofnuninni koma. Sumir vilja sérhæfðar rannsóknir á sótspori framleiðslunnar, aðrir vilja láta skoða fóðurefni, enn aðrir atferli og svona má lengi telja. Þessum ólíku þörfum er erfitt að fullnægja með einu fjósi og því voru byggð minni og sérhæfðari einingar. Þannig er t.d. eitt fjósið með afar fullkominn búnað fyrir mælingar á umhverfisáhrifum framleiðslunnar og kúnna og annað fjós er með sérhæfðan búnað fyrir fóðurrannsóknir svo dæmi sé tekið. Þá er á Dairy Campus einnig afar glæsileg aðstaða fyrir ráðstefnur, kennslu og námskeiðahald auk sérstakrar aðstöðu fyrir bæði meistara- og doktorsnema og enn fremur er á Dairy Campus mjög fín móttökuaðstaða fyrir gesti.

Kennsla, rannsóknir, nýsköpun og þróunarstarf

Hjá Dairy Campus, sem í dag er stýrt af Íslandsvininum Kees de Koning, er nú til einstakur samvinnuvettvangur kennslustofnana, rannsóknnaðila,

fyrirtækja og hagsmunaaðila innan mjólkurframleiðslunnar og þrátt fyrir ungan aldur stofnunarinnar hefur þetta samstarf þegar leitt til þróunar á nýjungum og búnaði.

Fyrirtæki sem vilja prófa nýjungar sínar eða breytingar á fyrri tækni geta þarna fengið prófun í fullum trúnaði og þá geta háskólar fengið inni fyrir rannsóknir sínar með ódýrari hætti en skólarnir ella gætu þar sem þeir þurfa þá ekki að vera með fjós í rekstri. Þá hefur kennsluaðstaðan virkilega staðið undir nafni og bæði skólar og fyrirtæki nýta sér aðstöðuna reglubundið fyrir kennslu

og námskeiðahald. Þó svo að Dairy Campus leggi áherslu á alla virðisdeðju mjólkurinnar, þ.e. frá grasi í glas, þá eru það samt kýrnar sem höfuðáhersla er lögð á. Þær gera nefnilega mun meira en að framleiða mjólk, þær framleiða mikið af gögnum á hverjum degi sem er safnað með atferlismælum og öðrum búnaði. Með fullkomnum tölvubúnaði er hægt að afla mikilvægra gagna sem eru í raun mikil verðmæti fyrir stofnunina og einn lykullinn að því að fyrirtæki og rannsóknnaðilar vilja nýta sér aðstöðuna og borga fyrir þjónustuna.



Stefna að alþjóðlegu samstarfi

Hollendingar eru afar framsýnir og þó svo að Dairy Campus sé í dag fyrst og fremst með aðild hollenskra fyrirtækja og stofnana þá er stefnt að því að víkka út hópinn og bjóða erlendum aðilum að slást í hópinn. Það geti ekki gert neitt annað en að styrkja starfsemina og efla til lengri tíma lítið.

Hífi- og festingabúnaður



Vottaður hífi- og festingabúnaður

Námskeið um notkun á hífibúnaði

Skoðanir og eftirlit á hífibúnaði

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá

Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg
Skiptólf 50b, 105 Reykjavík

Hafðu samband og kynntu þér vöruvalið og þjónustuna



ÍSFELL

Ísfell ehf, Öseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

Skýrsluhald í jarðrækt er forsenda jarðræktarstyrkja og landgreiðslna

Eiríkur Loftsson
ábyrgðarmaður
í jarðrækt
el@rml.is



Umsóknarfrestur til að sækja um jarðræktarstyrki og landgreiðslur fyrir árið 2019 rennur út 1. október nk.

Jarðræktarstyrkur er greiddur út á nýrækt, endurræktun á tünnum, kornrækt, grænfróðurækt til sláttar

og beitar og útiræktun á grænmeti.

Landgreiðslur eru greiddar á allt annað land sem er uppskorið til fóduröflunar en ekki er greitt út á land sem er eingöngu nýtt til beitar.

Ekki er hægt að sækja um bæði landgreiðslur og jarðræktarstyrki fyrir sömu spildurnar.

Pegar spilda, t.d. tün er tekið til ræktunar að hluta þarf að láta teikna upp þann hluta og skrá á hann viðkomandi ræktun. Þá er einnig mikilvægt að ganga úr skugga

um að túnkortið sé í samræmi við þá ræktun sem er fyrir hendi. Ef lagfæra þarf túnsplúlistann er betra að hafa samband við RML sem fyrst svo lagfæra megi hann í tæka tíð.

Áður en hægt er að sækja um styrkina þarf að skrá ræktun, uppskeru og grænfróðurbeitt í Jörð.is og síðan að skila þar jarðræktarskýrslu. Ráðunautar RML aðstoða bændur eftir þörfum við þá skráningu og taka jafnframt

að sér skráningar fyrir þá sem þess óska. Innheimt er fyrir þessa þjónustu samkvæmt tímaskráningu og gildandi gjaldskrá.

Þeir sem óska eftir þjónustu RML við skráningu á jarðræktarskýrslunum en hafa ekki pantað hana ennþá ættu að gera það sem fyrst svo hægt verði að ganga frá öllum skráningum og umsóknum innan tilsetts tíma. A heimasíðu RML má finna eyðublöð sem prenta má út til að færa inn á

upplýsingar um ræktun, uppskeru og beit. Þessi blöð má einnig nálgast á starfsstöðvum RML.

Sótt er um styrkina hjá Matvælastofnun á Bændatorginu undir liðnum – Búnaðarstofa MAST. Umsóknirnar taka mið af jarðræktarskýrslunni sem þá á að hafa verið skilað í Jörð.is.

Ráðunautar RML eru bændum til aðstoðar við þessa vinnu eftir þörfum. Síminn hjá RML er 516-5000.

SKÓGRÆKT & LANDGRÆÐSLA

30 ára bændaskógar í Biskupstungum

Margt breytist í íslenski sveit á þriðjungi úr öld. Gróðurfar, landbúnaður, áherslur í skógrækt og veðurfar sveiflast til.

Undir lok níunda áratugarins var talsvert kaldara veðurfar en nú er. Mörgum þótti því fráleitt að hefja skógrækt á þeim tíma. En ábúendur á bæjunum Hrosshaga, Spóastöðum og Galtalæk í Biskupstungum létu það ekki stöðva sig og hófu nytjaskógrækt árið 1989. Það eru því liðin 30 ár síðan.

Eftirtaldir aðilar hafa staðið að eða standa núna að skógrækt á jörðunum: Í Hrosshaga voru það Helgi Guðmundsson, Margrét Sverrisdóttir, Gunnar Sverrisson og Sigríður J. Sigurfinnsdóttir. Á Spóastöðum Þorfinnur Þórarinnsson, Áslaug Jóhannesdóttir, Ingvi Þorfinnsson, Þórarinn Þorfinnsson og Hildur María Hilmarsdóttir. Á Galtalæk Njörður Ó. Geirdal, Sigríður Snorraddóttir, Agnes Geirdal, Guðfinnur Eiríksson, Hjördís Geirdal og Þórarinn Svavarsson.

Í tilefni af afmælinu vildu heimamenn halda upp á þessi tímamót og buðu gestum til skógar laugardaginn 24. ágúst sl. Veðurguðirnir buðu upp á hið besta veður.

Hugmyndin var m.a. að kynna nytjaskógrækt fyrir sveitungum og öðrum gestum.

Að samkomunni stóðu landeigendur á þessum 3 jörðum, þó ekki væri farið um skóginn á Galtalæk að þessu sinni. Menn söfnuðust saman við innganginn í Hrosshagaskóg. Sameinuðust þar í bíla og svo var ekið í 2 hópum fyrst um skóginn í Hrosshaga að Skálholtsásam og stansað þar. Síðan í gegn um endilangann Spóastöðaskóg og heim á bæ. Þá aftur á upphafsreit og þaðan farið í göngutúr um svokallaðan fræðslustíg í Hrosshagaskógi. Okkur heimamönnum til aðstoðar og leiðsagnar á göngunni voru þeir Björn B. Jónsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson, báðir starfsmenn Skógræktarinnar.

Þá var boðið upp á kleinur og ketilkaffi að hætti skógarmanna. Dagurinn tókst afbragðsvel og höfðu vonandi allir gagn og gaman af.

Skógurinn á Galtalæk var upphaflega skipulagður af Sigvalda Ásgeirssyni skógræðingi en Galtalækur féll ekki undir bændaskógrækt eins og hún var skilgrind fyrir þrjátíu árum. Skógræktin er tæpir 200 hektarar og upphaflega var lögd áhersla á lerkir en það gekk ekki sérlega vel en flestar ádrar tegundir hafa dafnað með ágætum. Fyrstu gróðursetningar



Aðalsteinn Sigurgeirsson gefur fulltrúum hversrar jarðar nokkrar plöntur, (eik o.fl.) Frá vinstri: Þorfinnur Þórarinnsson, Sigríður J. Sigurfinnsdóttir, Aðalsteinn Sigurgeirsson og Njörður Ó. Geirdal.



Sigríður J. Sigurfinnsdóttir og Hildur María Hilmarsdóttir við upplýsingaskilti um Hrosshagaskóg.



Við hlóðirnar í skóginum, talið frá vinstri: Nökkvi Steinn Jónsson, Guðfinnur Eiríksson, Þórarinn Þorfinnsson, Helgi Guðmundsson og Ingvi Þorfinnsson.

o.fl. Sem dæmi um hve miklar breytingar hafa orðið á þekkingu skógræktarmanna og ráðgjafa, þá er ekki bara að þetta form með ösp og greni í sitt hvorri röðinni þyki núna talsvert gallað, þá má líka segja það að í upphafi var undirritaðri ráðlagt að til að fjölga öspunum sjálf þá væri best að finna þær aspir í nágrenninu sem lifðu af vorhretið 1963 og klippa af þeim græðlinga. En þó þær hafi haft þá góðu eiginleika að lifna ekki of snemma að vorinu, þá voru þær margar hverjar af afskaplega lélegum klónum og uxu kannski bæði illa og kræklótt. Og urðu svo jafnvel fyrir haustkali. Það er því ljóst í okkar huga að þekking skógarmanna, bæði bændu og ráðgjafa, hefur aukist mjög mikið á þessum 30 árum. Klónatilaunir í ösp nú seinni árin, eru til mikilla framfara og hafa gefið okkur marga góða og spennandi klóna.

Sá starfsmaður Skógræktarinnar sem á veg og vanda að klónatilauninum, er Halldór Sverrisson, en hann er uppallinn í Hrosshaga, og þar er klónasafnið.

Skógarnir í Hrosshaga og á Spóastöðum eru samtals hátt í 200 ha að stærð, þar er líklegt að meðal rúmmálsvöxtur á ári sé um 5 m³/ha. Rúmmálsvöxtur á þessum 2 jörðum gæti því verið um 800 – 1000 m³ á ha á ári.

Lauslegar þríhyrningsmælingar voru gerðar og reyndust þó nokkur af hinum 30 ára trjáum hafa náð 12 m hæð og jafnvel meira.

Verkefnið þessi seinni árin, í eldri hlutum skóganna, og það sem framundan er, felast í grisjun og annari umhirðu og síðan að koma þeim afurðum sem til falla í verð. Úrvinnsla á timbri er á algjöru frumstigi á Íslandi, ekki sendum við timbrið í næstu sögunarverksmiðju, eins og hægt er í rótrónum skógræktarlöndum.

Þróunarvinna í úrvinnslumálum biður því okkar og næstu kynslóðar skógarbænda. Þegar við höfum skógrækt, þá hvarflaði ekki að okkur að okkar kynslóð þyrfti að spá í úrvinnslumálin, héldum að það verk biði barnabarnanna.

Hér hef ég talið upp nokkrar staðreyndir um skógana okkar. Það er gaman að velta þeim fyrir sér, spá í framtíðina, hvaða möguleika við höfum. En ekki síst er gaman að njóta þess að ganga eða ríða um skóginn, horfa, hlusta, ilma, finna.

Við horfum björtum augum til framtíðarinnar. Við teljum okkur vera með mikla auðind í höndunum, sannkallaða skógarauðind.

Sigríður J. Sigurfinnsdóttir
skógarbóndi í Hrosshaga




Gengið um skógarstíg.

undir merkjum Suðurlandsskóga urðu síðan árið 1998.

Skógurinn á Galtalæk er mjög blandaður og ber þess merki að vera ræktaður á grýttum ásum, frjósömum mýrum og brekkum. Þar hefur aðallega verið plantað furu, greni, ösp, birki og reyni.

Skógarnir í Hrosshaga og á Spóastöðum eru að mestu leiti svipaðir að gerð. Sigvaldi Ásgeirsson sá einnig um upphaflegt skipulag skóganna. Aðal útplöntunin var gerð á milli 1990 – 2000. Landið að mestu frjósöm mýri, og þar var plantað til skiptis sitkagreni og ösp, í sitt hvora röðina. Á þeim tíma var það form sem notað var, en hefur ekki reynst nógu vel, því sumir asparklónar hafa greinabyggingu sem hentar alls ekki í 2ja metra fjarlægð frá greni, allavega ekki ef hliðargreinarnar fara um og yfir 4 m. að lengd. Í holtin var ýmsu öðru plantað, eins og lerkir, furu, reyni



Skógarmeindýr og loftslagsbreytingar

Undanfarið hefur töluvert borið á umræðu um að áætlanir stjórnvalda um að leggja áherslu á endurheimt birkiskóga til mótvægis gegn loftslagsbreytingum séu ekki raunhæfar sökum tveggja nýrra birkimeindýra sem hingað hafa borist að undanfögnu; birkikembu og birkipélu.

Höfundur þessa pistils hefur starfað við rannsóknir á meindýrum á trjágróðri um þriggja áratuga skeið og fylgst með landnámi og skaðsemi nýrra skógarmeindýra. Þær rannsóknir voru teknar saman í yfirlitsgrein sem birtist í ritinu Icelandic Agricultural Sciences árið 2013. Síðan hafa bæst við nokkrar tegundir og var gerð grein fyrir þeim í Riti Mógilsár 2019.

Nú eru alls þekktar 28 tegundir skordýra og ein tegund mítla sem hér hafa numið land og lifa á trjágróðri. Fyrir voru í landinu 52 tegundir skordýra sem lifa á trjágróðri. Um þriðjungur allra innfluttra skógarmeindýra valda verulegu eða miklu tjóni. Veruleg aukning hefur orðið á landnámi skógarmeindýra eftir 1990, samfara hlýnun. Síðan hefur legið nærri að ein ný skógarmeindýrategund hafi numið land annað hvort ár.

Hröð útbreiðsla birkikembu og



Guðmundur Halldórsson.

birkipélu og skemmdir sem þær hafa valdið er verulegt áhyggjuefni, enda er velþekkt að nýir skaðvaldar geti valdið stórfellum skaða á innlendum trjágróðri. Nýlegt dæmi er askbarkbjallan sem barst til Norður Ameríku um 2000 og hefur drepið þar ask í stórum stíl, enda virðist engin þarlend tegund asks hafa viðnám gegn bjöllunni.

Ekkert bendir til þess að birkikemba eða birkipéla muni ganga svo hart fram, en óefað munu þær hafa áhrif á vöxt birkis



Lirfa birkipélu í skemmdu birkiblaði.

Mynd / Áskell Þórisson

og þar með getu skemmdra trjáa til að binda kolefni. Hinsvegar er óvíst hvort þessar meindýrategundir muni hafa merkjanleg áhrif á kolefnisbindingu íslenskra birkiskóga, til þess skortir rannsóknir. Rannsóknir hafa sýnt að íslenskt birki er erfðafræðilega fjölbreytt og að mismunandi stofnar þess eru misnæmir fyrir ásókn birkikembu. Þessi fjölbreytni er mikilvæg trygging gagnvart skakkaföllum eins og skordýrafaröldrum.

Sá eiginleiki birkisins að byrja snemma að tímgastr og dreifast með fræi flýtir aðlögun þess að breyttum aðstæðum, til dæmis skordýrafaröldrum.

Það er einnig velþekkt að nýir skaðvaldar geta valdið miklum skaða á ræktuðum innfluttum trjágróðri. Furulúsinn sem hingað barst um 1937 er nærtækt dæmi um slíkt. Aðrir skaðvaldar sem hingað hafa borist hafa einnig valdið verulegum usla, má þar nefna sitkalús, lerkíátu og asparryð. Allir

þessir skaðvaldar draga úr vexti skóga og þar með kolefnisbindingu. Allar megintjráttegundir sem nú eru notaðar í skógrækt hér á landi eru hrjáðar af einhverjum skaðvöldum. Allar geta þær lent í skakkaföllum af völdum nýrra skaðvalda. Sú hætta sem blasir helst við nú er sjúkdómurinn Phytophthora ramorum, sem breiðst hefur ört út á Bretlandseyjum og valdið miklu tjóni í lerkiskógum.

Saga undanfarinna áratuga sýnir að þess má vænta að hér nemi land ný skógarmeindýrategund annaðhvort ár og ein af hverjum þremur tegundum sé skaðleg eða mjög skaðleg. Þar við bætast svo trjásjúkdómar. Við verðum að gera okkur grein fyrir þessari hætту og bregðast við henni. Um þetta verður fjallað á norrænni ráðstefnu sem haldin verður á Hótel Örk í Hveragerði þann 17. september. Þar munu fremstu sérfræðingar Norðurlanda á þessu sviði greina þá hætту sem steðjar að norrænum skógum af völdum nýrra skaðvalda. Á slíkum greiningum eigum við að byggja okkar viðbrögð.

Guðmundur Halldórsson,
sérfræðingur hjá
Landgræðslunni

LESENDABÁS

Vilji kúabændur að leiðarljósi

Sumri hallar og haustverkin taka við af sumarverkunum. Heilt yfir virðist góður fódurforði hafa náðst og ágætlega gengið að heyja.

Hluti af haustverkunum að þessu sinni er að ljúka endurskoðun búvörusamninga. Eftir aðalfund Landssambands kúabænda, sem haldinn var snemma síðastliðið vor, var samninganefnd bænda klár í þá vinnu. Ríkið skipaði svo samninganefnd af sinni hálfu og veitir Unnur Brá Konráðsdóttir henni formennsku. Það er skemmt frá því að segja að haldnir voru 5 fundir áður en við misstum stjórnsýsluna í sumarleyfi en eins og allir vita sem komið hafa nálægt vinnu í svona umhverfi þá gerist fátt á þeim tíma og fram yfir verslunarmannahelgi, þetta er náttúrulegt mál.

Þessir fyrstu fundir voru nýttir til að stilla saman strengi. Ná saman um hvað skyldi leggja áherslu á, hverju þyrfti að breyta í samningunum, lögum og reglugerðum þeim tengdum.

Greiddslumark og verðlagning eftir á baugi

Aðilar eru sammála um að tvö stærstu málin sem nauðsynlegt er að taka á í þessari endurskoðun séu greiddslumark- og verðlagningarmál. Eins og flestir vita sennilega kusu kúabændur á þann veg að framleiðslustýringu skyldi viðhaldið í formi greiddslumarks eða kvóta. Það er breyting frá núgildandi samningi sem gerir ráð fyrir að framleiðslustýring leggjist af. Einnig var, á sínum tíma, ákveðið að fresta gildistöku 12. greinar búvörusamningsins sem fjallar um verðlagningarmál. Nauðsynlegt er að taka upp sveigjanlegra kerfi verðlagningar svo takast megi með betri hætti á við breytingar á markaðsumhverfi og neysluvenjum fólks.

Þær línur sem lagðar eru af hálfu bænda í þessum viðræðum eru byggðar á ályktunum aðalfundar



Arnar Arnason.

LK og hefur framkvæmdastjóri LK rakið þær áherslur ágætlega í nýlegum pistli á naut.is.

Kvótamarkaðurinn frosinn

Staðan sem nú er uppi í greininni er ekki neitt sem kemur á óvart. Innlausnarmarkaður með kvóta er frosinn, þ.e. að lítið framboð er á greiddslumarki. Bændur sem ætla sér að hætta búskap halda að sér höndum í þeirri von að það komist í gang kvótamarkaður sem gæti gefið þeim hærra verð en núna býðst á innlausnarmarkaði. Þetta var fyrirséð. Það var algjörlega ljóst frá því að skrifað var undir núverandi samning að þessi staða kæmi upp. Reynt var að stefna gegn vilja meirihluta íslenskra kúabænda – að afleggja kvótakerfið og innleiða nýtt kerfi. Það kann aldrei góðri lukku að stýra þegar farið er svo mjög gegn grasrótinni, alveg sama á hvaða vettvangi það er gert.

Réttum kúrsinn

Afleiðingarnar birtast okkur núna með þessum hætti sem rakinn er hér á undan, þ.e. kerfi í pattstöðu. Við sem sitjum í brúnni, ásamt öllum

íslenskum kúabændum, erum nú með það verkefni í höndunum að snúa af þessari stefnu, verkefni sem við vissum að kæmi upp, verkefni sem okkur var úthlutað og munum stýra af festu. Það er okkar skylda að gæta að hag og framtíð íslenskrar mjólkurframleiðslu og það gerum við!

Nú eru aðilar aftur að setjast niður eftir sumarfríin enda margt sem þarf að klára þar sem endurskoðaður samningur þarf að fara í gegnum þingið núna í haust. Það verður fagnaðarefni þegar loksins verður settur punktur aftan við þá óvissu sem greinin hefur þurft að búa við frá upphafi þessarar vegferðar um

afnám kvótakerfisins, vegferðar sem fáir báðu um og hefur reynst greininni ansi dýrkeypt.

Hranastöðum
í byrjun september 2019
Arnar Arnason,
formaður Landssambands
kúabænda, arnar@naut.is

FJÓRHJÓL ERU EKKI LEIKTÆKI BARNA

Á síðustu árum hafa orðið mörg slys af völdum fjórhjóla. Í flestum tilvikum eru þessi tæki án veltigrindar.

Gæta skal varúðar við notkun fjórhjóla og ætíð nota tilskilinn hlífðarbúnað.

Fjórhjól eru ekki leiktæki barna.

Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á bondi.is



Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHERFI



ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?

VÉLABÁSINN

Opel Ampera-E, nýr rafmagnsbíll frá Bílabúð Benna

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Flestir bílaframleiðendur eru að þróa sína tegund rafmagnsbíla og nú er Opel komin með nýjan rafmagnsbíl sem er fullur af tækninýjungum og með mikla drægni á rafhlöðunni.

Mín hugmynd var að prófa bílinn helgina 23.–25. ágúst, en þá var bíllinn upptekinn svo að endirinn var sá að minn prufuakstur var þrískiptur, fyrst með Benna, eiganda Bílabúðar Benna, en sá bíltúr var frekar stuttur því ég sá að Benni var hræddur með mér í bíl.

Seinni tveir rúntarnir í Opel Ampera

Það var aftur prófað og nú var Benni við stýrið. Fínt að láta hann gera allt það sem ekki má í umferðinni, en það sem þessi bíll getur er með ólíkindum, hann er einfaldlega límdur við götuna, eldsnögur upp í umferðarhraða og vel það og stoppar nánast á punktinum.

Benni var greinilega að svara mér í því að gera mig hræddan með sínu aksturslagi og þetta var komið gott. Benni fór og ég tók einn fínan rúnt á bílnum á mínum hraða, óhræddur og ekki að hræða neinn að mér vitandi.

Einhver besti bíll sem ég hef prófað til að læra sparakstur

Opel Ampera er mjög fullkominn tæknilega séð og að keyra bílinn er mjög gott, nánast alveg hljóðlaus. Samkvæmt minni hávaðamælingu var hann á 90 km hraða að mælast oftast undir 70db.

Til að nýta rafmagnnið á rafhlöðunni þannig að maður komist sem lengst þarf vissulega að keyra sparlega. Í bílnum er akstursthölva sem hjálpar mikið til við sparasturinn og á um 5 km fresti kemur upp línurit sem sýnir aksturslag, ytri aðstæður s.s. landslag, veðurfar, aksturstaekni og fleira. Þessi tölva sýnir vel hvernig á að ná sem flestum kílómetrum út úr hverri hleðslu.

Hægt að læra mikið um bílinn á vefsíðunni benni.is

Eftir að hafa keyrt bílinn nálægt 100 km var ég mjög ánægður, pláss gott fyrir fólk bæði í framsætum og aftursætum, en mér hefur alltaf fundist sætin í Opelbílum góð og þægileg.

Hljómgæði fyrir ofan meðallag miðað við aðra bíla, farangursrými gott miðað við stærð bílsins.

Á malarvegi heyrir aðeins steinahljóð undir bílinn og lítill prófill hjólbarða gefur ekki mikla fjöðrun, en í staðinn á þessi stærð dekkja mikinn þátt í því að bíllinn er eins skemmtilegur og hann er á bundnu slitlagi.

Það eru fá atriði sem ég get sett út á í bílnum, en eins og í nánast öllum rafmagnsbílum þá vantar varadekkið. A bíllinn má ekki setja krók til að draga kerru eða vagn. Ef farið er inn á vefsíðuna benni.is er þar gluggi sem sýnir hvað maður stýttir mikið aksturdrægnina með mismunandi notkun á rafmagnni. Þegar ég skoðaði þetta kom það mér mest á óvart hvað ljósin nota lítið rafmagn og stytta lítið drægnina. Samt er ótrúlega algengt að sjá



Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	1.691 kg
Hæð	1.594 mm
Breidd	1.854 mm
Lengd	4.164 mm

Opel Ampera E.

Myndir / HLJ



Mismunandi aksturslag á 5 km fresti.



Í votviðri sést ekkert ofurvel á annars góða bakkmyndavélina.



Muna að kveikja ljósin, það er sektað fyrir að keyra án afturljósa.



Alltaf jafn skritið að finna ekkert þúst undir þessum rafbílum.

rafmagnsbíla ljóslausa að aftan í umferðinni sem er ólöglegt og alveg óþarfi að sleppa, nema menn vilji endilega borga 20 þúsund króna sekt fyrir ljósléysi. Það sem stýttir mest drægnina er notkun á



Upplýsingar um notkun rafmagns má fá með mismunandi skjáum.

miðstöðinni við að hita loft eða að kæla, samkvæmt vefsíðunni, sem er skemmtileg nýjung í kynningu á bíl og fróðleg að sama skapi.

Sparaksturskeppni Ómars og Sigga til Akureyrar

Margir fylgdust með sparaksturskeppni þann 27. ágúst á milli Ómars Ragnarssonar og Sigga Hlö til Akureyrar á svona bílum í veðurskilyrðum sem ekki eru þær ákjósanlegustu fyrir rafmagnsbíla Þar sýndu þeir að rafmagnsbíll er klárlega valkostur fyrir þá



Nóg pláss fyrir aftursætisfarþega.



Árekstrarvörnina er hægt að stilla, t.v. er drægnin í km og ef miðstöðin væri sett í gang mundi km-talan lækka mest.

efasemdamaenn sem telja að rafmagnsbílar séu ekki valkostur fyrir Ísland.

Án þess að hlaða bílana komust þeir báðir á Akureyri og aðeins til baka. Siggi var lítið að reyna að spara rafmagn og nýta sér tæknina í bílnum til að framleiða rafmagn, en Ómar notaði hleðslutækni bílsins til að láta hann hlaða inn á sig og komst því lengra. Enn má lesa um þessa „keppni“ á vefsvæðinu visir.is og gat ég ekki annað en brosað yfir sumum „kommentunum“ fyrir neðan umfjöllunina frá lesendum. Auðvitað voru þeir á öðrum hraða en almennt í umferð, notuðu eins lítið af rafmagnni og þeir gátu, þeir voru jú í keppni. Hins vegar sýndu þeir svart á hvítu að það er hægt að komast á einni rafhleðslu frá

Reykjavík til Akureyrar, eitthvað sem fáir hefðu trúað fyrir þrem til fimm árum að nokkurn tímann væri hægt.

Tæknilegar upplýsingar, verð og búnaður

Opel Ampera-E er með 150kw rafmagnsvél sem skilar 204 hestöflum og á að vera með hámarksdrægni upp á 423 km. Togið er 360 Nm (Newtometrar) og rafhlaðan er 60 kWh. Hámarksþróun bílsins úr 0 km upp í 100 er 7,3 sek.

Verðið er 4.990.000 og hægt er að velja á milli 7 mismunandi lita á bíl. Í bílnum er m.a. stillanlegur árekstrarvari, akreinalesari, blindhornsvári, hiti í stýri, neyðartakki fyrir neyðarlínu og fleira.

ÖRYGGI – HEILSA – UMhverfi

Haustverkin í kringum ljósabúnað ökutækja

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is



Nú er kominn sá tími árs að þeir sem ekki eru með öll ljós í lagi skera sig úr í umferðinni. Haustlægðirnar byrjaðar að vökva malarvegi með tilheyrandi drulluaustru upp á farartæki svo að ekki sést hvort ljós séu kveikt eða ekki. Það er ágætis regla að strjúka mestu óhreinindin af afturljósunum þegar malarvegurinn er að baki svo að ljósin sjáist á malbikinu.

Í nokkur ár hef ég farið norður í land í réttir og fyrir um 10 árum fannst mér undantekning ef ég sá ljós aftan á hestakerrum og fjárvögnum, en það er greinilegt að bændur vilja hafa sín ljós í lagi og allt annað nú að sjá aftan á kerrum og vagna. Sá þetta svo greinilega komandi ofan af fjalli aftastur í röð bíla með hestakerrum. Ég stoppaði til þess eins að taka mynd aftan á hestakerrum þeirra sem á undan voru.

Bíllinn fyrir aftan er að blikka ljósunum

Ótrúlega margir bílar eru seldir nýir þannig að þegar sett er í gang og ekið af stað vantar afturljósin. Það er samt í lögum að þegar verið er í umferð þurfa öll ljós að vera kveikt.

Töluverður hluti fólks hefur ekki hugmynd um að það sé ljóslaust að aftan og telur sig vera að aka löglega. Oft kemur þá upp spurning hvort umboðið sé ekki ábyrgt, en svo er ekki, það er á ábyrgð ökumansins að vera löglegur og muna að kveikja ljósin.

Töluvert margir ökumenn blikka ljósunum fyrir aftan bíla sem eru ljóslaussir og eru þar með að reyna að vekja athygli ökumansins á óöryggi því sem sá sem á undan fer með ljósleysi sínu. Flestir átta sig á ljósleysinu og kveikja ljósin, en aðrir



Ekki stilla á AUTO segir lögreglan.

verða hinir verstu og gefa fingurinn, sagði flutningabílstjóri við mig fyrir nokkru. Hann hefur lent í því að fólk bregst hið versta við blikkinu frá honum þegar hann taldi sig vera að gera góðverk með því að láta vita með blikki af ljósleysinu.

Lögreglan sendir skilaboð á Facebook

Miðað við textann í skilaboðum lögreglu í flestum umdæmum lögreglunnar á Facebook er og ætti AUTO takkinn á ljósabúnaðinum á bílum að vera bannaður á bílum. Mín túlkun á textanum er allavega sú að autotakkinn sé ólöglegur. Hér

er textinn orðréttur og dæmi nú hver fyrir sig:

Ökuljós bifreiða – EKKI stilla á „AUTO“

„Lögum samkvæmt er skylt að aka með ökuljós kveikt allan sólarhringinn, bæði framan og aftan á ökutæki. Á mörgum nýjum bifreiðum kviknar sjálfkrafa á hvítum ljósum að framan (dagljósabúnaður) sem þó eru ekki ökuljós heldur stöðuljós. Þegar þessi stöðuljós loga ein og sér er ekki tryggt að afturljós logi.

Við hvetjum ökumenn til að hafa ljósarofann alltaf á stillingu fyrir



Hér er allt í lagi, fin ljós aftan á hestakerrum og allir til fyrirmyndar.

ökuljós, sjá myndina hér að neðan. Ljósin slokka þegar kveikjuláslykill er tekinn út eða a.m.k. þegar bílstjórahurð er lokað og bifreiðin yfirgefin. Þannig er tryggt að ekki gleymist að hafa ökuljós, bæði að framan og aftan, kveikt meðan á akstri stendur. Góða ferð.“

Tími árs að ganga hringinn og skoða hvort öll ljós séu í lagi

Ótrúlega margir bílar eru í umferðinni og á þá vantar eitt eða fleiri ljós og nú er rétti tíminn (eins og hver annar) að ganga hringinn í kringum bílinn og skoða vel ljósabúnaðinn og þá stefnuljós sérstaklega. Því það er eins og að á höfuðborgarsvæðinu séu yfir helmingur allra bíla með bilaðar stefnuljósaperur eða enga stefnuljósarofa. Allavega er afar sjaldgæft að sjá bíla gefa stefnumerki á höfuðborgarsvæðinu.



Þessi ökumaður skildi ekki blikkið frekar en margir aðrir.

Þegar út í umferðina er komið er um að gera að sameinast í að blikka bílinn fyrir framan með háageislanum ef hann er ljóslauss að aftan til að láta hann vita af ljósleysinu honum til öryggis og annarra í umferðinni. Við viljum jú öll að umferðin sé örugg og réttur búnaður stuðlar að meira öryggi.

Nútíma músavarnir

HÁTÍÐNIFÆLUR

Söluastaðir
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnavtinga
Verslunin Eyri
Vélaval

STREYMI
heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri

S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

KROSSGÁTA Bændablaðsins

(MYND: BRAGI HALLDÓRSSON (CC BY 2.0))	114	STÆÐA	LEGGJA AF	STÖKUM	LISTA-MADUR	FADMLAG		LOGA	RÍKI Í AFRIKU	YNDIS	RÖÐ	
		SNYRTI-LEGUR										
		FYRIR-BÖÐI						STRIK				
		BEITA			RODNA			SETT				
		PUDRA			TOLLSVIK				ELLEGAR			
		HNOÐ							LJÓSKER			
		HANDA	SKELLUR				ÍLÁT					FUGL
			TVEIR EINS				ÁTT					
		JAFNOKI		POTA	HLEYPJA	SMÁ-MJAKA			ÁRS-GAMALL	NÝLEGRI		
		JURT		GARGA			LINGEÐJA					
		ANGAN				TÍÐUM						
	RÖMVERSK TALA	HEITI			SKJÓL-LAUS							
		KRYDDA			UNGDOMUR							
	TÆKIFÆRI		DRAUP		ÞJÁLFUN						SJÚKDÓM	
			GOÐ		PENINGAR							
		BORG						HEIÐUR				
		PRÍS		HVIDA				HAGGA				
	HVER			Í VIBBÓT				KIRTILL				
				HVÍLD				ÞUKL				
	FRÓÐUR				SAGGI				Í RÖÐ	SRÍÐNI		
					Í RÖÐ							
	RÍKI Í ARABÍU		SVIF			FRAM-VEGIS						
	TVEIR EINS		OFAN			SKORÐAÐA						

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

(MYND: CHADICA (CC BY 2.0))	113	SKJÓN	TRÉLEGA	TRÉ	Í RÖÐ	TÍF		FÓSTRA	KRYDD	YFIRRÁÐ	ASTUR-ENDI						
		FUGL	S	V	A	R	T	B	A	K	U	R					
		BOX	K	A	S	S	I	VEIJA	L	A	M	A					
		STRUNGS	A	R	K	HRIÐU-SKÖBUR	K	J	A	R	R	S					
		ÚR SNÖÐUR	K	L	U	K	K	A	FARVEUR	R	Á	S					
									KRAUMI								
		F	FLÓN	FJÖLDI SKÖLI	S	K	A	R	I	TIL BÚNINGUR	S	M	Í	Þ	A	SJÓ	
		EINS	J	A	F	N	T	AUGNHÁR	JAFNINGUR	S	Ó	S	A	KUNNI	REKA	Ú	
		Í ANDLITI	A	U	G	A	SNAP	HARG-VÍLEIGIR	B	E	T	L	FARMRÓM	L	E	S	T
		TVEIR EINS	L	L	R	Y	R	N	A	SEPI	F	L	I	P	I		
	FARFA	L	I	T	M	Á	S	HLÓÐA	BLÓMI	V	E	I	N	A	SJÚKDÓM		
		PANGAF TIL PÁFAGAUX	UN	S	RÍKI Í ARABÍU	Í	R	A	N	SVELGUR	HAGGA	I	Ð	A			
	HÆNGUR	A	G	N	Ú	I	FÆÐU	M	A	T	KIRTILL	B	R	I	S		
							LYKT				ELDSNEYTI						
	YTTARLEGGI	N	Á	N	A	R	I	AFKYEMI	U	N	G	I	ÓNEFNDUR	U	T	A	N
								HLJÓM									
	JURT	G	R	A	S	SAKKA	L	Ó	Ð	NIBUR-FELLING	A	F	N	Á	M		
	SAMTÖK	A	A	Þ	M	L	O	M	M	A	STAD-FESTA	S	A	N	N	A	

Bændablaðið

kemur næst út 26. september

Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Hjónin Þorvaldur og Ragnheiður tóku við Litlu-Reykjum af foreldrum Þorvaldar, þeim Þórarni og Sigríði, árið 1984. Ragnheiður lést svo árið 2014. Árið 1986 var byggt 24 bása fjós með mjaltagryfju, árið 2004 var því fjósi breytt í lausagöngu.

Árið 2016 var byggt nýtt lausagöngufjós með 72 básum og mjaltapjónninn kom til sögunnar sumarið 2017.

Býli: Litlu-Reykir.

Staðsett í sveit: Flóahreppur.

Ábúendur: Þorvaldur Þórarinnsson.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Þorvaldur. Á sama hlaði býr Sigríður, mamma Þorvaldar, og Unnur, dóttir hans, ásamt manni og 2 börnum. Þorvaldur á 3 dætur að auki og barnabörnin eru 6.

Stærð jarðar? 220 ha, þar af 80 ha ræktað land

Gerð bú? Blandað bú.

Fjöldi búfjár og tegundir? 150 nautgripir, þar af 55 mjólkurkúr. 115 vetrarfóðraðar kindur og 30 hross.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Byrjar og endar á fjósverkum. Annað mjög árstíðabundið, kindurnar eiga vorið (ásamt jarðvinnu) og nokkra




haustdaga, annars snýst þetta mest um nautgripina.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Vorverkin eru skemmtilegust. Leiðinlegast er að gefa kálfum úr pela.

Hvernig sjáid þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Meiri kvóti en annars með svipuðu sniði.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Þeir standa sig vel sem nenna að standa í því.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Ef íslenskar afurðir verða vel merktar fyrir neytendur er framtíðin björt. Merkillegt hvað það getur verið erfitt að finna út hvers lenskar landbúnaðarafurðirnar eru, sem eru í boði í verslunum.



Litlu-Reykir



Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Bæði í lambakjöti og mjólkurvörum.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, skyr, rjómi og smjör.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Lambakjöt.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar kýrnar sluppu út eina nóttina í febrúar. Kolniðamyrkur og fljúgandi hálsa urðu til þess að mjög erfitt var að ná þeim inn og a.m.k. 10 kýr stórslasaðar. Það var ekki skemmtileg aðkoma.

MATARKRÓKURINN

Grilluð kjúklingasamloka með ferskum blómum

Bjarni Gunnar Kristinnsson
Matreiðslumeistari



Nú fer að verða síðasti séns að borða uppskeruna úr garðinum fyrir fyrstu frost og þá eiga blómín ekki að verða útundan – geta bætt bragð og boðið upp á tilbreytingu í salatínu og samlokugerðinni.

Túnfífill (*Taraxacum officinale*)

Það sem er skemmtilegt við túnfífillinn er að hann er allur ætur; blóm, stilkur og lauf. Blóm hafa hunangsbragð þegar þau eru tínd ung, en eldri blóm hafa beiskara bragð. Þið getið notað ung lauf í salöt. En þó að öll plantan sé æt, er mikilvægt að geta varúðar við uppskeru túnfílla. Þessi planta er talin illgresi í íslensku landslagi og er oft úðuð með eitri.

Fjólur – Pansy (*Viola*)

Fjólublómín hafa grösugt, grænt bragð og eru sérstaklega vinsæl blóm til að setja saman við salatíð vegna mikils fjölbreytni í litum. Þú getur líka sett þau í sykur. Dökklitúð blóm geta litað tunguna þína dökka tímabundið.

Skjaldflétta – Nasturtium (*Tropaeolum majus*)

Bæði blómín og blöðin af skjaldfléttu hafa piparbragð - skemmtilegt að nota ferskt í salöt fyrir piprað bragð. Skjaldfléttur hafa einnig mikið magn af C-vítamíni og geta eftl ónæmiskerfið og hjálpað til við að berjast gegn hálsbólgu, kvefi, hósta og bakteríum og sveppasýkingum.

Grilluð kjúklingasamloka með ferskum blómum

Lykilatriðið í að gera þessar samlokur gómsætar er að grilla



kjúklingalæri eða lundir og grilla grænmetið líka. Blanda þessu svo saman við majónes, pestó og tómata – og bera fram á mjúku focaccia-brauði eða grilluðu súrdeigsbrauði. Framreiðið með ætum blómum eða túnfíflum.


- › 1 búnt fífill eða önnur æt blóm, til dæmis skjaldflétta
- › ½ agúrka, sneidd
- › 1 tómatur, skorinn
- › 2 msk. balsamicedik
- › 2 msk. jómfrúarólífuolía
- › 1 msk. hlynsíróp

- › 1 tsk. dijon-sinnep
- › safi úr 1/2 appelsínu
- › mulinn pipar eftir smekk

Byrjið á dressingunni með því að blanda öllu hráefninu saman nema olífunni í litla skál. Blandið þessu vel saman og bætið síðan ólífuolíunni saman við. Hrærið aftur í blöndunni.

Blandið salatínu saman við kjúkling og grænmeti og toppið með agúrku og blómum. Setjið ögn af dressingu yfir áður en borið er fram. Njótið!

Hvenær sem við grillum finnst mér gaman að bæta við nokkrum



ferskum ávöxtum á grillið. Ég hef grillað ananas, epli og ferskjur, sem er mjög einfalt að útbúa.

Ég krydda ferskjur með uppáhalds kryddblöndunni minni og bæti við ögn af sykri. Gott að njóta með vanilluís eða grískri jógúrt.

Kryddaðar grillaðar ferskjur með rósmarín

- › 6 ferskjur skornar í helminga
- › 2 msk. 5-krydd eða ferskt rósmarín
- › 2 msk. sykur
- › 1 msk. ólífuolía

Hitið grillið.

Bætið við 5-krydd (eða rósmarín), ferskjum, sykri og ólífuolíu í stóra skál. Blandið saman þar til þær eru er vel hjúpaðar.

Setjið ferskjur á grillið, snúið þeim niður í um það bil 3 til 5 mínútur. Snúið þeim við og grillið í um það bil 1 mínútu. Ferskjur ættu að vera með grillrendur, en samt svolítið stífar viðkomu til að halda lögnum.

Takið ferskjur af grillinu og njótið – jafnvel með ís.

HANNYRÐAHORNID

Blæbrigði skógarins

Nú fer að kólna og þá er gott að eiga eina hlýja og léttu peysu að grípa í.

Peysan er þrjónað ofan frá og niður.

Stærðir:

S (M) L (XL) XXL (XXXL)

Yfirvið: 104 (112) 120 (132) 142 (154) cm

Garn: Drops Brushed Alpaca Silk (fæst í Handverkskúnst)

- Skógargrænn nr 11: 100 (100) 100 (125) 125 (150) g

- Grár nr 03: 125 (125) 150 (150) 175 (175) g

- Ljósgrár nr 02: 125 (125) 125 (150) 150 (175) g

Þrjónar: Sokka- og hringþrjónar 40 og 80 cm, nr 6 og 8

Þrjónfesta: 10,5 lykkjur x 14 umferðir í sléttu þrjóni með 3 þráðum = 10 x 10 cm.

Rendur-1: Allar rendurnar eru þrjónaðar með 3 þráðum.

Rönd 1: 7 (7) 8 (8) 8 (9) cm með 2 þráðum af skógargrænum og 1 gráum.

Rönd 2: 14 (14) 16 (16) 16 (18) cm með 2 þráðum af gráum og 1 skógargrænum.

Rönd 3: 7 (7) 8 (8) 8 (9) cm með 1 þræði af skógargrænum, 1 af gráum, 1 af ljósgráum.

Rönd 4: 7 (7) 8 (8) 8 (9) cm með 2 þráðum af gráum og 1 af ljósgráum.

Rönd 5: 7 (7) 8 (8) 8 (9) cm með 1 þræði af gráum og 2 af ljósgráum.

Rönd 6: Þrjónið með 3 þráðum af ljósgráum til loka.

Rendur-2 (á við um ermar): Allar rendurnar eru þrjónaðar með 3 þráðum.

Haldið áfram með Rendur-1, þar til 3. röndin hefur verið þrjónuð til loka.

Ermin mælist nú ca 8 (6) 8 (6) 4 (6) cm frá skiptingu. Þrjónið nú rendur þannig:

Rönd 4: 13 (13) 12 (12) 12 (11) cm með 2 þráðum af gráum og 1 ljósgráum.

Rönd 5: 13 (13) 12 (12) 12 (11) cm með 1 þræði af gráum og 2 af ljósgráum.

Rönd 6: Þrjónið með 3 þráðum ljósgrá til loka.

Laskalína Aukið út um 1 lykkju hvoru megin við þrjónamerki í hverri skiptingu á milli fram- og bakstykkis og erma (= 8 lykkjum fleiri í umferð). Þrjónið þar til 1 lykkja er eftir að þrjónamerki, sláðið uppá þrjóninn, þrjónið 2 lykkjur slétt (þrjónamerki situr mitt á milli þessa lykkja), sláðið uppá þrjóninn.



Endurtakið við hver samskeyti. Í næstu umferð er uppslátturinn þrjónaður snúinn slétt svo að ekki myndist gat.

Úrtaka (á við um ermar): Fækkið um 1 lykkju hvoru megin við þrjónamerki þannig: Þrjónið þar til 3 lykkjur eru eftir að þrjónamerki, þrjónið 2 lykkjur slétt saman, þrjónið 2 lykkjur slétt (þrjónamerki situr á milli þessa lykkja), takið 1 lykkju óþrjónaða eins og þrjóna eigi hana slétt, 1 lykkja slétt, steypið óþrjónuðu lykkjunni yfir lykkjuna sem var þrjónuð.

Aðferð: Fitjið upp 48 (52) 52 (52) 56 (56) lykkjur á hringþrjón nr 6 með 3 þráðum skógargrænum. Tengid í hring og setjið þrjónamerki sem markar upphaf umferðar. Þrjónið 1 umferð slétt og síðan stroff (2 slétt, 2 brugðið) 4 cm.

Berustykki: Þrjónið 1 umferð slétt og aukið er út um 10 (10) 10 (14) 18 (22) lykkjur jafnt yfir umferðina = 58 (62) 62 (66) 74 (78) lykkjur. Setjið nú 4 þrjónamerki í stykkið þannig: eftir 10 (11) 11 (12) 14 (15) lykkjur (= hálf bakstykki), eftir 8 lykkjur

Athugið að verslunin er flutt í Hraunbæ 102a, var áður til húsa í Hraunbæ 102b.

Drops garn á Drops verði
...og mörg hundruð fríar uppskriftir með því

Handverkskúnst
www.garn.is
Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 587-6662

(= ermi), eftir 21 (23) 23 (25) 29 (31) lykkjur (= framstykki), eftir 8 lykkjur (= ermi), nú eru 11 (12) 12 (13) 15 (16) lykkjur eftir að upphafsþrjónamerki (= hálf bakstykki). Skiptið yfir á hringþrjón nr 8. Þrjónið áfram slétt og þrjónið Rendur-1 — sjá útskýringu að ofan. Jafnframt í fyrstu umferð byrjar útaukning fyrir laskalínu — sjá útskýringu að ofan. Aukið svona út í annarri hverri umferð alls 12 (13) 15 (16) 16 (17) sinnum = 154 (166) 182 (194) 202 (214) lykkjur. Haldið síðan áfram með útaukningu í annarri hverri umferð á framstykki og bakstykki (ekki er aukið út yfir ermar = 4 lykkjur fleiri í umferð) 2 (2) 2 (2) 3 (4) sinnum til viðbótar = 162 (174) 190 (202) 214 (230) lykkjur. Þrjónið án útaukninga út þar til stykkið mælist 21 (23) 25 (27) 29 (31) cm frá stroffi á hálsmáli. Skipting bols og erma: Þrjónið 24 (26) 28 (30) 33 (36) lykkjur (hálf bakstykki), setjið næstu 32 (34) 38 (40) 40 (42) lykkjur á band fyrir ermi og fitjið upp 6 (6) 6 (8) 8 (8) lykkjur þrjónið næstu 49 (53) 57 (61) 67 (73) lykkjur (framstykki), setjið næstu 32 (34) 38 (40) 40 (42) lykkjur á band fyrir ermi og fitjið upp 6 (6) 6 (8) 8 (8) lykkjur, þrjónið 25 (27) 29 (31) 34 (37) lykkjur (hálf bakstykki). Héðan ern ú mælt.

Fram- og bakstykki = 110 (118) 126 (138) 150 (162) lykkjur. Haldið áfram með Rendur-1 þar til stykkið mælist 20 cm, setjið lykkjur af framstykki á þráð = 55 (59) 63 (69) 75 (81) lykkjur.

Þrjónið síðan fram og til baka yfir 55 (59) 63 (69) 75 (81) lykkjur á bakstykki. Fitjið upp í lok næstu tveggja umferða 1 lykkju = kantlykkja. Kantlykkjurnar eru þrjónaðar í slétt í öllum umferðum. Þegar stykkið mælist 31 cm er aukið út um 7 (7) 11 (13) 15 (17) lykkjur jafnt yfir umferð = 64 (68) 76 (84) 92 (100) lykkjur.

Skiptið yfir á hringþrjón nr 6. Þrjónið stroff þannig: 1 kantlykkja, (2 slétt, 2 brugðið) þar til 3 lykkjur eru eftir af umferð, 2 slétt, 1 kantlykkja slétt. Þegar stroffið

mælist 4 cm, er fellt af með sléttum og brugðnum lykkjum Klippið frá og festið enda. Bakstykkið mælist ca 60 (62) 64 (66) 68 (70) cm frá öxl og niður.

Setjið til baka 55 (59) 63 (69) 75 (81) lykkjur af bandi á hringþrjón nr 8. Þrjónið með 3 þráðum af ljósgráum til loka. Þrjónið 2 umferðir slétt þrjón þar sem aukið er út um 7 (7) 11 (13) 15 (17) lykkjur jafnt yfir, jafnframt er fitjið upp 1 ný lykkja í lok þessa 2ja umferða fyrir kantlykkjur = 64 (68) 76 (84) 92 (100) lykkjur. Skiptið yfir á hringþrjón nr 6. Þrjónið nú stroff þannig: kantlykkja slétt, (2 slétt, 2 brugðið) þar til 3 lykkjur eru eftir af umferð, 2 slétt, kantlykkja slétt. Þegar stroffið mælist 4 cm er fellt af með sléttum og brugðnum lykkjum. Saumið e.t.v. saman op í hvorri hlið. Framstykki er ca 10 cm styttra en bakstykki og mælist ca 50 (52) 54 (56) 58 (60) cm frá öxl og niður.

Ermi: Setjið til baka 32 (34) 38 (40) 40 (42) lykkjur af bandi á hringþrjón/sokkþrjón nr 8 og þrjónið að auki upp 1 lykkju í hverja og eina af 6 (6) 6 (8) 8 (8) lykkjum sem fitjaðar voru upp á bol = 38 (40) 44 (48) 48 (50) lykkjur. Setjið eitt þrjónamerki mitt í nýju lykkjurnar. Þrjónið samkvæmt rendur-2, JAFNFRAMT þegar stykkið mælist 4 cm, fækkið um 2 lykkjur undir ermi — sjá ÚRTAKA. Fækkið lykkjum svona með ca 4½ (3½) 3 (2) 2 (2) cm millibili alls 7 (8) 9 (11)-10-11 sinnum = 24 (24) 26 (26) 28 (28) lykkjur. Þegar ermin mælist 38 (36) 35 (33) 31 (30) cm er aukið út um 4 (4) 6 (6) 8 (8) lykkjur jafnt yfir. Skiptið yfir á sokkþrjóna nr 6 og þrjónið stroff (2 slétt, 2 brugðið) 4 cm. Fellið af með sléttum og brugðnum lykkjum. Þrjónið hina ermina alveg eins.

Þrjónakveðja, mæðgumar í Handverkskúnst www.garn.is

Létt

	1	2		9				4
9		7	5	8				
	3	5					6	8
		4			3		5	
3	9		6		1		2	7
	2		9			8		
6	8					7	4	
				6	5	1		3
7				1		2	9	

Pung

2			4	6				
								9
			8					
	6					4	8	
	9			3			7	
	5	1					2	
					1			
4								
			7	9				5

Miðlungs

			9			3		1
				1				8
			4		8	9		7
9		4	2		7	5		3
	3						7	
7		8	1		5	4		6
3		6	8		2			
	7			4				
4		2			9			

Þyngst

9	8			6		2		4
1								
				3		5		
		2	7					
6				1				9
					5	4		
		7			4			
								2
2	4		9				1	8

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línunum.

FÓLKID SEM ERFIR LANDIÐ

Gert ótrúlega margt klikkað

Emilía Alís er 11 ára ljón frá Höfn í Hornafirði.

Nafn: Emilía Alís Karlsdóttir.

Aldur: 11 ára.

Stjórnumerki: Ljón.

Búseta: Höfn.

Skóli: Grunnskóli Hornafjarðar.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Stærðfræði.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Gestur.

Uppáhaldsmatur: Píta.

Uppáhaldshljómsveit: Margar.

Uppáhaldskvikmynd: Pirates of the Carribean.

Fyrsta minning þín? Ég á svo margar góðar minningar, man ekki eftir þeirri fyrstu.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Ég æfi fótbolta.

